

**SKOÐUN** Pawel Bartoszek skrifar um mögulegt karlahatur Fæðingarorlofssjóðs. 21



**MENNING** Snjólaug Árnadóttir, fyrirsæta og nemi, býr ásamt kærasta sínum á sænskri ævintýraeyju. 42



**SPORT** Körfuboltadómarinn umdeildi Joey Crawford talar um lífið í NBA-deildinni. 36







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Föstudagur
13. september 2013
215. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**LÍFIÐ**



### Matargerð er ástríðan

Pabbi Hemmi trúði á mig, segir Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir, matarbloggari og viðskiptafræðinemi, í viðtali við Lífið.

**FRÉTTIR**

**Fannst sárt að missa píanóið** Kristjana Stefánsdóttir söngkona hraktist undan myglusveppi úr rakaskemmdu húsnæði í Reykjavík. 2

**Afgreiðslu frestað** Atkvæðagreiðslu borgarráðs vegna umsóknar Félags múslíma um lóð undir mosku var í gær frestað um eina viku. 4

**Umræða ekki tímabær** Utanríkisráðherra sagði á Alþingi að ekki væri tímabært að ræða framhald ESB-viðræðnanna. 6




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 9° | SV | 7 |
| Akureyri | 9° | SV | 7 |
| Egilsstaðir | 12° | SV | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 10° | SV | 7 |
| Reykjavík | 10° | SV | 7 |

**SKÚRIR** Í dag verða víða suðvestan 5-13 m/s. Skúrir S- og V-lands en úrkomulaust að mestu NA-til. Hiti víðast 7-14 stig. 4

**3 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Stöð 2 | Fólk




# Ekki hægt að svipta brotlega starfsleyfi

Ákvæði um refsiábyrgð lögaðila hvarf sporlaust úr lögum um gjaldeyrismál í flýtinum við að koma á gjaldeyrishöftum haustið 2008. Það veldur því að nú er ekki hægt að svipta fyrirtæki sem brjóta gegn lögunum starfsleyfi. Hvarfið er óupplýst.

**STJÓRNSÝSLA** Engar skýringar er að fá á því hvers vegna ákvæði um refsiábyrgð lögaðila hvarf úr lögum um gjaldeyrismál haustið 2008. Sérstakur saksóknari rak sig á það nýverið þegar honum barst kæra Seðlabankans á hendur Samherja. Kæran byggði á þessu ákvæði, sem var alls ekki lengur í lögunum.

Ákvæðið hvarf úr lögunum þegar þeim var breytt í nóvember 2008 til að koma á gjaldeyrishöftum. Í því sagði meðal annars að hægt væri að svipta fyrirtæki starfsréttindum ef þau yrðu uppvís að brotum á lögunum. Það er ekki lengur hægt.

Í greinargerð með frumvarpi um lagabreytinguna 2008 er ekkert fjallað um brotthvarf þessa ákvæðis, það kom ekki til tals í viðskiptanefnd og ekki í umræðum á þinginu.

Málið var enda unnið og afgreitt í miklum flýti á sínum tíma. Björgvin G. Sigurðsson, sem þá gegndi starfi viðskiptaráðherra, segir að frumvarpið hafi í aðalatriðum verið skrifað í Seðlabankanum og starfsmenn ráðuneytisins síðan slípað það til.

> **Ég get fullyrt að af okkar hálfu […] var þetta klárlega ekki ásetningur og stóð ekki til með neinum hætti.**
>
> *Björgvin G. Sigurðsson fyrrverandi viðskiptaráðherra*

„Ég get fullyrt að af hálfu okkar sem komu að þessu í ráðuneytinu var þetta klárlega ekki ásetningur og stóð ekki til með neinum hætti," segir hann. - sh / sjá síðu 4




**ÁTAKIÐ HAFIÐ** Húsfyllir var í Hörpu í gær þegar átakið „Á allra vörum" hófst formlega en það stendur til 26. september. Safna á fyrir uppbyggingu sérstakrar bráðageðdeildar. „Við vonumst til þess að safna 40 til 50 milljónum en það mun duga til þess að klára verkefnið," segir Gróa Ásgeirsdóttir, ein af forsvarskonum átaksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**RÁÐHÚSIÐ** Leiðtogaprófkjör er sagt líklegasta leiðin hjá sjálfstæðismönnum í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stjórn Varðar fundar í dag:

## Meirihlutinn vill leiðtogaval

**STJÓRNMÁL** Meirihluti er fyrir því í stjórn Varðar, fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, að efna bara til prófkjörs um leiðtogasætið hjá flokknum í borginni. Fulltrúar fjölmennra aðildarfélaga ráðsins eru þó andvígir því og vilja prófkjör með hefðbundnu sniði.

Stjórnin kemur saman í dag og mótar tillögu að því hvernig valið verður á framboðslista. Bera á tillöguna upp á fulltrúaráðsfundi í næstu viku. „Manni heyrist nú á flestum að fólk vilji fara einhverjar nýjar leiðir, svo er bara spurning hvaða leið það er," segir Óttarr Guðlaugsson, formaður stjórnarinnar. -sh / sjá síðu 8

Arnaldur á nýjum miðum:

## Lögreglumaður á eftirlaunum

**MENNING** „Þetta er alveg glæný persóna," segir Arnaldur Indriðason um lögreglumanninn í skáldsögunni Skuggasundi. „Lögreglumaður á eftirlaunum sem fer að garfa í gömlu sakamáli frá 1944 þegar stúlka fannst myrt bak við Þjóðleikhúsið. Sagan fjallar um rannsókn málsins bæði á þeim tíma og í nútímanum."



ARNALDUR INDRIÐASON

Arnaldur hlaut í gær spænsku RBA-bókmenntaverðlaunin fyrir bókina, sem kemur út samtímis á íslensku og spænsku 1. nóvember. Þetta er í fyrsta sinn sem bók eftir hann kemur út samtímis á Íslandi og í öðru landi. - fsb / sjá síðu 28

Náðist á myndband þegar fangi missti meðvitund eftir árás á Litla-Hrauni:

# Matthías Máni laminn með lás

**DÓMSMÁL** Refsifanginn Matthías Máni Erlingsson, sem var í fréttum um jólin í fyrra þegar hann strauk af Litla-Hrauni, var fluttur á sjúkrahús á Selfossi í gær eftir að hafa orðið fyrir árás tveggja samfanga sinna í útivistartíma.

Atvikið varð á öðrum tímanum eftir hádegi og náðist á myndband. Árásarmennirnir munu hafa greitt Matthíasi ótal högg í andlit og höfuð og meðal annars notað lás til verksins. Matthías missti meðvitund, skarst í andliti og var fluttur alblóðugur á spítala. Hann fór aftur á Litla-Hraun síðar um daginn.

Annar árásarmannanna var Baldur Kolbeinsson, tæplega 23 ára síbrotamaður sem hefur hlotið fjölda refsidóma frá því að hann var tæplega sautján ára. Hinn á styttri refsiferil að baki. Þeir voru báðir færðir í einangrun strax eftir árásina eins og reglur gera ráð fyrir. „Það verður svo metið í kjölfarið hvort ástæða þykir til að vista þá á öryggisgangi," segir Páll Winkel fangelsismálastjóri.

Baldur og Matthías sæta nú báðir ákærum fyrir að hafa, hvor í sínu lagi með einnar viku millibili í mars síðastliðnum, ráðist á fangaverði á Litla-Hrauni; Matthías einn en Baldur þrjá. Aðalmeðferð í máli Baldurs fer fram í dag í Héraðsdómi Suðurlands. - sh










## SPURNING DAGSINS



Rúnar Freyr, verða þá bara gamlar lummur spilaðar í bakaríinu?

**„Við munum taka lummurnar í bakaríið og líklega brennur eitthvað við að auki.“**

Leikararnir Jóhannes Haukur Jóhannesson og Rúnar Freyr Gíslason munu stýra morgunþætti sem hefst næsta laugardag en þátturinn mun heita Bakaríið.

Finna á ný vistunarúrræði fyrir 50 aldraða sjúklinga sem lokið hafa meðferð á Landspítalanum:

# Draga á úr álaginu á lyflækningasviði

**HEILBRIGÐISMÁL** „Hvort þær úrbætur sem boðaðar eru af hálfu heilbrigðisráðherra á lyflækningasviðinu duga einar sér á eftir að koma í ljós. Vandamálin verða til staðar að minnsta kosti eitthvað fram á veturinn en þetta er kannski upphafið að því að hefja endurreisnarstarf á sviðinu,“ segir Karl Andersen, prófessor í hjartalækningum.

Kristján Júlíusson heilbrigðisráðherra kynnti í gær aðgerðaáætlun í nokkrum liðum sem á að bæta stöðu lyflækningasviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss. Samkvæmt henni á að draga úr álagi á starfsemi lyflækningasviðsins með því að finna ný vistunarúrræði fyrir 50 aldraða sjúklinga sem lokið hafa meðferð á sjúkrahúsinu en hafa ekki komist í hjúkrunarrými. Skipa á yfirlækni almennra lyflækninga á næstu dögum. Starfshópur á svo að skila forstjóra margvíslegum tillögum fyrir októberlok.



**KRISTJÁN JÚLÍUSSON**

Björn Zoëga forstjóri vonast til að boðaðar breytingar komi í veg fyrir atgervisflótta og að fleiri komi til starfa á sjúkrahúsinu. - jme

### Segir álagið þegar vera of mikið

Í tillögum ráðherra og forstjóra LSH er meðal annars gert ráð fyrir að nýttir verði betur „kraftar og hæfni“ hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og fleiri stétta til að styðja við störf lækna. Ólafur G. Skúlason, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, hefur miklar áhyggjur af því aukna álagi sem stuðningurinn felur í sér. „Álagið er nú þegar gríðarlegt en ef skapað verður svigrúm til að hjúkrunarfræðingar geti bætt við sig verkefnum fagna ég því að nýta eigi betur menntun þeirra, þekkingu og færni,“ segir Ólafur. -ebg



**HUNDUM MÓTMÆLT** Mótmælendur í Búkarest með mynd af fjögurra ára dreng sem lést eftir að hundar réðust á hann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ágangur flækingshunda hrellir íbúar Búkarest í Rúmeníu:

# Hundafarganið kostar mannslíf

**RÚMENÍA, AP** **Íbúar í Búkarest hafa risið upp gegn hundafargani miklu, sem hrellt hefur þá árum og jafnvel áratugum saman.**

**Flækingshundar í borginni skipta tugum þúsunda og sjást víða á götum í leit að æti og stundum viðskotaillir. Nærri tíu þúsund manns þurftu að leita læknishjálpar á fyrstu átta mánuðum þessa árs eftir að hafa orðið fyrir árásum hunda og nokkur dauðsföll hafa orðið á síðustu árum.**

**Borgarbúar fengu sig svo fullsadda í síðustu viku eftir að hundar urðu fjögurra ára pilti að bana.**

**Sorin Oprescu borgarstjóri hefur nú boðað til íbúakosningar í næsta mánuði um hvort yfirvöld fái auknar heimildir til að aflífa hunda.** - gb

Nýtt hjúkrunarheimili byggt:

# Eden-heimili á Seltjarnarnesi

**SELTJARNARNES** Staður fyrir nýtt þrjátíu íbúða hjúkrunarheimili hefur verið staðfestur í bæjarstjórn Seltjarnarness. Lóðin, sem er við Safnatröð, afmarkast af Selfgörðum til norðvesturs, raðhúsalóðum við Nesbala til vesturs og lyfjafræði- og lækningaminjasöfnum til suðurs og austurs. Stefnt er að því að taka heimilið í notkun á árinu 2015.

Hjúkrunarheimilið er sagt verða með bestu aðstæður sem völ sé á. „Björn Guðbrandsson, arkitekt frá Arkís ehf., er arkitekt hússins en stofan hefur kynnt sér sérstaklega Eden–hugmyndafræðina,“ segir í samþykkt bæjarstjórnar. - gar

Svifflugmenn á Sandskeiði:

# Fá ekki heimild fyrir húsum

**SVEITARSTJÓRNIR** **Bæjarstjórn Kópavogs hefur snúið ákvörðun skipulagsnefndar bæjarins um að heimila Svifflugfélagi Íslands að koma fyrir færanlegum húsum við flugvöll sinn á Sandskeiði.**

**Svifflugmenn vildu helst fá að stækka félagshús sitt á staðnum en til vara að koma fyrir færanlegum húsum sem áður voru þrjár kennslustofur. Skipulagsnefndin hafnaði viðbyggingunni en vildi leyfa færanlegu húsin. Meirihluti bæjarstjórnarinnar hafnaði að gefa félaginu heimildina áður en deiliskipulag af svæðinu liggur fyrir.** - gar

# Myglugró í píanóinu vegna rakaskemmda

Kristjana Stefánsdóttir söngkona flutti úr rakaskemmdu húsnæði til að losna við veikindi. Þurfti að farga öllu innbúinu og breyta alveg um lífsstíl. Fannst sárt að missa píanóið. Engar bætur frá tryggingafélaginu þar sem rakinn var undir plötu.

**HÚSNÆÐI** Kristjana Stefánsdóttir söngkona þurfti að losa sig við píanóið sitt og allar nóturnar sínar. Hún skipti auk þess út latex-trúðsnefinu sem hún notaði í sýningunni Jesús litli fyrir sílikonnef. Þetta varð hún að gera vegna veikinda sem hún kveðst hafa hlotið af því að búa í rakaskemmdu húsnæði.

„Ég gat varla haldið mér vakandi í upphafi æfinganna fyrir Jesús litla árið 2009. Mér fannst það mjög skrítið þar sem þetta var svo spennandi og skemmtilegt. Ég var einnig komin með útbrot, liðverki og stöðugan niðurgang, auk þess sem ég var oft kvefuð,“ segir Kristjana.

Hún getur þess að hún hafi haft samband við Hús & heilsu, fyrirtæki sem sérhæfir sig í raka- og mygluskoðunum. „Systir mín, sem bjó fyrir austan, hafði verið með svipuð einkenni sem reyndust vera vegna rakaskemmda. Hún hafði fengið aðstoð hjá þessu fyrirtæki.“

Við skoðun kom í ljós að skólprör höfðu gefið sig á þremur stöðum undir kjallaraíbúð Kristjönu sem hún hafði búið í í um fjögur ár. „Þarna voru eiginlega þrjár litlar sundlaugar og raki kominn undir húsplötuna sem var svört af myglu. Þetta var undir baðherberginu, eldhúsinu og ganginum,“ segir Kristjana.

Hún flutti út í um átta vikur á meðan gert var við húsnæðið. „Það var hins vegar ekki farið eftir leiðbeiningum Húsa & heilsu við verkið og það reyndust vera myglugró úti um allt að endurbótunum loknum. Þess vegna varð ég að farga innbúinu mínu og yfirgefa íbúðina.“

Rúmt ár er síðan Kristjana flutti út og heilsa hennar hefur batnað smám saman. „Ég hafði reyndar alltaf flúið úr íbúðinni til vina minna af og til og einkum þær vikur sem dóttir mín var hjá pabba sínum. Hún hafði einnig verið með verki og niðurgang en jafnaði sig inn á milli þegar hún var ekki hjá mér. Hún er búin að ná sér að mestu leyti og ég verð sífellt betri. Ég hef orðið að skipta alveg um lífsstíl því ég er komin með varanlegt glútenóþol og latex-ofnæmi sem ég er viss um að stafar af því að hafa búið í rakaskemmdu húsnæði.“

Kristjana kveðst ekki hafa getað selt íbúðina sína og bankinn þess vegna tekið við henni. Hún getur þess einnig að hún hafi ekki fengið bætur hjá tryggingafélaginu sínu þar sem rakinn var undir húsplötunni en ekki fyrir ofan. Þeir sem þrifu húsnæðið hafi heldur ekki viljað taka ábyrgð á neinu.

„Mér fannst sárt að horfa á eftir píanóinu mínu og nótunum og öðrum hlutum en ég gat ekki haft þetta hjá mér. Þetta var fullt af myglugróum. Ég setti fimmtán kassa í geymslu og tek til mín einn og einn til að sjá hvað ég þoli. Fólk heldur að maður sé ekki í lagi andlega þar sem það sér engin merki um að eitthvað sé að.“ ibs@frettabladid.is



**Á BATAVEGI** Kristjana Stefánsdóttir söngkona gat ekki selt rakaskemmt húsnæði sitt og tók bankinn þess vegna við því. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### ➜ Málþing sérfræðinga um raka í húsum

Í dag er haldið málþing sérfræðinga á Grand Hóteli í Reykjavík um raka og myglu í byggingum.

Tilgangur málþingsins er að efla samvinnu og umræðu og hefja aðgerðir til að sporna við vandamálinu.

Í skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar segir að tengsl séu á milli rakaskemmda í húsnæði og heilsuvanda.


HEIMABÍÓ Í EINUM HÁTALARA



JBL Cinema SB200

HELSTU KOSTIR
• Getur notað sömu fjarstýringu og sjónvarpið
• Harman Display Surround tækni
• Þráðlaus Bluetooth tenging
• Einfalt í uppsetningu

JBL by HARMAN

Bluetooth

VERÐ 59.990

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS


Hagstofustjóri segir sér lítast ágætlega á frumvarp um upplýsingasöfnun:

# Upplýsingar tiltækar næsta vor

**ALÞINGI** „Okkur líst ágætlega á þetta, við söfnum þessum upplýsingum þegar úr skattframtölum og birtum árlega niðurstöður en eigum að gera það ársfjórðungslega samkvæmt frumvarpinu,“ segir Ólafur Hjálmarsson hagstofustjóri spurður út í fyrirhugað frumvarp um Hagstofuna sem nú er til umræðu á Alþingi.

Markmið frumvarpsins er að breyta lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð til að tryggja að Hagstofan geti safnað og unnið reglubundið upplýsingar um skuldir og eignir, tekjur og gjöld heimila og fyrirtækja í landinu til hagskýrslugerðar. Að sögn Ólafs er forvinna þegar hafin vegna upplýsingasöfnunar beint frá fjármálastofnunum.

Aðspurður hvenær Hagstofan geti skilað tiltækum upplýsingum, verði frumvarpið samþykkt, svarar Ólafur: „Það dregst auðvitað eftir því sem þetta er lengur í meðförum Alþingis. En stefnt er að því næsta vor.“

Önnur umræða fór fram í gær á Alþingi. - vg



**HAGSTOFA ÍSLANDS** Hagstofustjóri segir að úrvinnslu ljúki næsta vor.



GERÐU GÓÐ KAUP!
90 X 200 SM.
SPARIÐ 25.000
FULLT VERÐ: 69.950
44.950
BLU SKY AMERÍSK DÝNA
Góð amerísk dýna með 4 sm. yfirdýnu. Stærð: 90 x 200 sm. Vnr. 8880000633
20% AFSLÁTTUR
BOX ONE PLASTKASSAR
Góðir plastkassar með smelltu loki.
32 lítra á hjólum 1.295 nú 995
Bedroller á hjólum 1.495 nú 1.195
40 lítra á hjólum 1.995 nú 1.595
75 lítra 3.495 nú 2.795
Vnr. 5710255101401
NÚ VERÐ FRÁ:
995
VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR
DANICA ANDADÚNSSÆNG
Dönsk gæðasæng fyllt með 90% andadúni og 10% smágerðu fiðri. Mjúkt áklæði úr 100% bómull. Stærð: 135 x 200 sm. Þyngd: 500 gr. Vnr. 4000250
SPARIÐ 8000
GOLD EINSTÖK GÆÐI
90% DÚNN
DANICA
FULLT VERÐ: 24.990
16.990
25% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 1.995
1.495
MALA PÚÐI
Fallegir, hringlaga púðar. Fást í 3 litum. Stærð: Ø38 sm. Vnr. 550-32009
SPARIÐ 40.000
TUNGUSÓFI
FULLT VERÐ: 199.950
159.950
BILLUND TUNGUSÓFI
Efni: PELLISIMA leður. Stærð: B300 x D85 x H86 sm. Hægt að fá með tungu hægra eða vinstra megin. Tunga 175 sm. Vnr. 8880000271
SPARIÐ 2000
FULLT VERÐ: 9.995
7.995
MAMAKIDS REGNHLÍFAKERRA
Vönduð regnhlífakerra með 5 punkta belti, læsanlegum snúningshjólum að framan og háu handfangi. Litur: Svartur. Vnr. 550-50015
BASE UNDIRFATASETT FYRIR BÖRN OG FULLORÐNA
Buxur og bolur saman í setti. Efni: 100% polyester. Þornar á mjög skömmum tíma. Barnastærðir: 92-176 4.995 nú 3.995
Dömustærðir: 36-46 5.995 nú 4.495
Herrastærðir: S-XXXL 5.995 nú 4.495
NÝTT
BUXUR + BOLUR
ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR
NÚ VERÐ FRÁ:
3.995
KERTI
Mikið úrval af kertum í flottum litum. Einlit kerti með samlitu munstri 595
Einlit kerti stærð: 6 x 12 sm. 399
Laufakerti 795
Rustic kerti 95
Vnr. S6101239, S6101254, S6101274, S6101283, 6121248, 61212500, 6121278, E111212500, E11121274, 22305020
VERÐ FRÁ:
95
KREP
AILI
2.995
AILI SÆNGURVERASETT
Efni: 100% bómullarkrep. Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm. Lokað að neðan með tölum. Vnr. 1107280
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI
GILDIR 13.09 - 18.09

## SVONA ERUM VIÐ



**72,5%** **íslensku þjóðarinnar nota samskiptasíðuna Facebook**

**í hverjum mánuði, samkvæmt tölum frá því í apríl.**

Í Noregi er hlutfallið 55,1%, í Danmörku 54,4% og í Svíþjóð 52,7%. Að meðaltali á hver notandi hér á landi 290 vini. Heimsmeðaltalið er 130 vinir. *Heimild: Iceland Review/Socialbaker*

Umsókn Félags múslíma á Íslandi um lóð undir mosku þarf að bíða í eina viku til viðbótar:

# Afgreiðslu á moskulóð frestað í borgarráði

**REYKJAVÍK** Afgreiðslu borgarráðs á umsókn Félags múslíma á Íslandi um lóð fyrir mosku var frestað í borgarráði í gær. Stefnt er að því að afgreiða málið að viku liðinni, samkvæmt bókun meirihlutans.

Fjórtán ár eru síðan félagið sótti fyrst um lóð í Reykjavík en áform eru um að félagið fái lóð í Sogamýri.

Á fundinum hafði áður verið kynnt jákvæð umsögn borgarráðs um umsókn Félags múslíma en beiðnin um frestun kom, að því er heimildir Fréttablaðsins herma, frá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og snerist um minniháttar atriði.

Í bókun meirihlutans segir jafnframt að með því að fresta málinu sé verið að fylgja hefð um að verða við óskum um að fresta málum.

Þorleifur Gunnarsson, fulltrúi VG í borgarráði, bókaði mótmæli við frestuninni en sagði eftir að meirihlutinn hafði lýst yfir að til stæði að afgreiða málið í næstu viku að hann vonaðist til þess að svo yrði. „Þetta mál hefur beðið í fjórtán ár, allir fletir verið skoðaðir og ekkert réttlætir frekari frestun,“ segir í bókun Þorleifs.

Í samþykktu deiliskipulagi Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir mosku í Sogamýri, við endann á gömlu Suðurlandsbrautinni. Félag múslíma hefur fengið vilyrði borgaryfirvalda fyrir lóðinni. **- þj**



**RÁÐHÚSIÐ Í REYKJAVÍK** Borgarráð frestaði í gær afgreiðslu á lóðaumsókn Félags íslenskra múslíma um viku hið minnsta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Í BÚLGARÍU Í GÆR** Minningarathöfn um Markov, sem myrtur var í London árið 1978, var haldin í Búlgaríu á miðvikudag. NORDICPHOTOS/AFP

Rannsókn hætt á einu þekktasta morði kaldastríðsáranna:

## Regnhlífarmorðið er sagt fyrnt

**BÚLGARÍA, AP Sotir Tsatsarov, aðalsaksóknari Búlgaríu, segir að óupplýst morð á Georgí Markov í London árið 1978 verði ekki rannsakað frekar. Málið sé fyrnt samkvæmt búlgörskum lögum.**

**Markov var búlgarskur blaðamaður og andófsmaður sem flúði land árið 1969. Þann 7. september árið 1978 stóð hann við strætisvagnastöð á Waterloo-brúnni í London þegar að bar mann sem stakk hann í lærið með eitruðum broddi regnhlífar. Markov fann fyrir smá sting en hélt síðan í vinnuna. Fjórum dögum síðar, þann 11. september, var hann látinn.**

**Grunur féll fljótt á búlgörsku leyniþjónustuna en enginn hefur verið handtekinn eða ákærður vegna morðsins. - gb**

Bókun í mannréttindaráði:

## Launamunur ekki viðunandi

**REYKJAVÍK** „Mannréttindaráð telur óviðunandi að enn þá halli á kvenkyns starfsmenn borgarinnar í launum og ítrekar mikilvægi þess að borgaryfirvöld grípi strax til aðgerða til að uppræta kynbundinn launamun og standi þar með vörð um mannréttindi starfsfólks borgarinnar,“ segir í bókun mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar.

„Skýringin á launamuninum virðist helst felast í frekari aukagreiðslum körlum til handa, svo sem yfirvinnugreiðslum og akstursgreiðslum,“ segir í bókuninni. **- gar**

Skrifar kvikmyndahandrit:

## Ný galdramynd eftir Rowling

**MENNING Metsöluhöfundurinn J.K. Rowling, sem þekktust er fyrir bækur sínar um Harry Potter, skrifar nú kvikmyndahandrit eftir bók sinni Furðuskepnur og felustaðir þeirra (e. Fantastic Beasts and where to find them).**

**Bókin fjallar um galdraverur í töfraheimi Harry Potter en ekki um galdradrenginn. „Kvikmyndin verður hvorki forsaga eða eftirmáli Harry Potter-kvikmyndanna, heldur viðbót við galdraheiminn,“ segir Rowling um nýju kvikmyndina. - ebg**

# Refsiákvæði hvarf úr gjaldeyrislögum

Ekki er hægt að svipta fyrirtæki sem gerast brotleg við lög um gjaldeyrismál starfsréttindum. Refsiákvæði þess efnis hvarf án skýringa úr lögunum haustið 2008.



**LEITAÐ HJÁ SAMHERJA** Starfsmenn Seðlabankans og sérstaks saksóknara báru býsn af gögnum út úr höfuðstöðvum Samherja í fyrravor. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**STJÓRNSÝSLA** Ákvæði í lögum um gjaldeyrismál, sem kveður á um refsiábyrgð lögaðila, hvarf sporlaust úr lögunum þegar þeim var breytt árið 2008. Það þýðir að nú er ekki hægt að svipta brotleg fyrirtæki starfsréttindum eins og áður var.

Þetta ráku Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, og starfsmenn hans sig nýverið á þegar þeir fóru að rýna í kæru Seðlabanka Íslands á hendur Samherja fyrir brot á gjaldeyrislögum. Kæran var lögð fram á hendur fyrirtækinu sjálfu en sérstakur saksóknari vísaði henni aftur til Seðlabankans þegar í ljós kom að hún byggði á ákvæði í 16. grein gjaldeyrislaganna sem var horfið úr lögunum.

Ákvæðið var svohljóðandi: „Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum [sektum og allt að tveggja ára fangelsi] og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt eða sviptingu starfsréttinda.“ Ekkert ákvæði af þessu tagi er nú að finna í 16. greininni, sem fjallar um refsingar við brotum, eða annars staðar í lögunum.

Seðlabankinn sendi í vikunni nýja kæru til sérstaks saksóknara, nú á hendur stjórnendum Samherja en ekki fyrirtækinu sjálfu. Engar skýringar hafa hins vegar fengist á því hvers vegna ákvæðið um refsiábyrgð lögaðila var fjarlægt.

Lagabreytingin 2008 fól einkum í sér að gjaldeyrishöftum var komið á í kjölfar bankahrunsins. Frumvarpið var unnið hratt í viðskiptaráðuneytinu, Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra lagði það fram á þingi síðdegis 27. nóvember og það var afgreitt sem lög klukkan fimm nóttina eftir.

Í greinargerð með frumvarpinu er ekki minnst á að þetta tiltekna ákvæði hafi verið fjarlægt. Það kom ekki til tals í þingumræðum og Ágúst Ólafur Ágústsson, sem var þá formaður viðskiptanefndar Alþingis, sagðist í samtali við Fréttablaðið í gær ekki reka minni til þess að þetta atriði hefði komið til tals á þeim örstutta tíma sem nefndin hafði frumvarpið til meðferðar. Þess sér heldur ekki stað í nefndarálitinu.

Þá er ekki minnst á þetta í þeim tveimur erindum sem fylgdu málinu inn til þingsins, frá Seðlabankanum og viðskiptaráðuneytinu.

Fréttablaðið óskaði á miðvikudag eftir upplýsingum um málið frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sem nú fer með málaflokkinn, en þær höfðu ekki borist í gærkvöldi.

**stigur@frettabladid.is**

### Enn mögulegt að beita sektum

Í refsiákvæðinu er fjallað um að heimilt sé að leggja sektir á fyrirtæki sem brjóta gegn lögunum. Þótt ákvæðið sé nú horfið er Seðlabankanum engu að síður heimilt að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem sannanlega hafa brotið gegn lögunum. Það væri jafnvel hægt að gera þótt refsimál yrði einnig rekið gegn stjórnendunum.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi









**Á morgun**
5-10 m/s.





**Sunnudagur**
10-20 m/s.

**HELGARVEÐRIÐ** Litlar breytingar á veðri til morguns, en heldur hægari vindur. Á sunnudag snýr hann sér í hvassa norðanátt með rigningu norðan til og slyddu eða éljum til fjalla. Léttir smám saman til syðra.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 27° | Billund | 20° | Gautaborg | 19° | London | 20° | Orlando | 32° | San Francisco | 19° |
| Basel | 21° | Frankfurt | 19° | Kaupmannahöfn | 19° | Mallorca | 27° | Ósló | 20° | Stokkhólmur | 19° |
| Berlín | 19° | Friedrichshafen | 19° | Las Palmas | 24° | New York | 24° | París | 19° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# HEILSA Í HAGKAUP





SEMPER GLÚTENLAUST KEX

Markaðsráðandi á Norðurlöndum



mikið úrval af Himneskt vörum

ASHWAGANDHA

Ashwagandha er af mörgum kallað indverskt ginseng. Það er sagt bæta líkamlega orku, styrkja ónæmiskerfið og verja líkamann gegn sýkingum.

kynning!



HÁMARK OG ALLT Í EINNI

Arnar og Ívar kynna á laugardag í Garðabæ kl. 15-19 og sunnudag í Smáralind kl 15-19.

YFIR 10 BRAGÐTEGUNDIR



NECTAR PRÓTEINDUFT

Nectar próteinið er algjörlega kolvetnalaust og fitulaust þannig það hentar sérstaklega vel í lágkolvetnamataræði (LKL) og fyrir sykursjúka.



FITNESS POPP

Fitness poppkorn er framleitt með heitu loftstreymi við 200°C heitt loft, síðan er kókosolía hituð upp í 30°C og henni síðan úðað á poppkornið í litlu magni.

kynning!

359kr/pk

verð áður 379

TILBOÐ



AKTÍV PRÓTEINBITAR

Banana og kókosbitar.

Kynning í dag föstudag í Kringlunni og Skeifunni

NÝTT

kynning!



199kr/stk

BUDDY FRUITS

Ávaxtaskvísur

Kynning í dag í Kringlunni og á morgun í Smáralind.

NÝTT



LÍFRÆNT

LÍFRÆNT SÓLKJARNABRAUÐ

Lífrænt brauð með sólkjörnum, einstaklega bragðgott og tilvalið fyrir þá sem kjósa lífrænt.

kynning!

GOTT VERÐ



PRO-FITT

Kynning í dag í Kringlunni og Spönginni. Á morgun í Holtagörðum og Smáralind.

TILBOÐ

1.299kr/pk

verð áður 1349



SPORTÞRENNA



GLÚTENLAUST

WAY BETTER SNAKK

Kornsnakk með spíruðu korni - glútenlaust

NÝTT



GLÚTEN OG SYKURLAUS BRAUÐBLANDA



15% AFSLÁTTUR Á KASSA

LIMA HRÍSKÖKUR

Gildir til 15. september á meðan birgðir endast.


Þú finnur okkur á facebook
www.facebook.com/hagkaup

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða fyrrverandi ráðherra dæmir með Bubba í hæfileikakeppninni Ísland got talent?
**2.** Hvað hafa mörg kynferðisbrot verið kærð til lögreglu frá áramótum?
**3.** Hjá hvaða liði ætlar Þórey Edda Elísdóttir að efla stangarstökksþjálfun?

**SVÖR:**

**1.** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. **2.** 517. **3.** Ármanni.

Framkvæmdastjórn ESB hefur einnig dregið saman seglin í aðildarferlinu:

# Umsókn Íslands sameinuð Svartfellingum

**EVRÓPUMÁL** Stækkunarskrifstofa Evrópusambandsins mun í næstu viku leggja niður deildina sem sá sérstaklega um málefni sem tengdust umsókn Íslands að ESB. Þess í stað verður stofnuð ný deild sem mun sjá bæði um málefni Íslands og Svartfjallalands.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir Peter Stano, talsmaður Stefans Füle, stækkunarstjóra Evrópusambandsins, að framkvæmdastjórnin muni hafa starfsfólk til að sinna málefnum Íslands á meðan Ísland er í aðildarferli.

„Að sjálfsögðu fer fjöldi starfsfólks sem vinnur að málefnum hvers lands eftir vinnuálagi sem fylgir, og þar sem [íslenska] ríkisstjórnin hefur tilkynnt um hlé á viðræðum hefur vinna við það dregist saman. Það hefur hins vegar engin sérkunnátta tapast og framkvæmdastjórnin getur hafið vinnu við samningaferlið án tafar ef til þess kemur.“

Í Fréttablaðinu í gær var skýrt frá því að utanríkisráðherra hefði leyst upp samninganefnd Íslands við ESB og samningahópa.

Stano segir þá ákvörðun utanríkisráðherra ekki koma framkvæmdastjórninni á óvart í ljósi þess að ríkisstjórnin hafi margoft lýst því yfir að ekki standi til að halda áfram aðildarviðræðum. - þj



**VIÐ FUNDARBORÐIÐ** Gunnar Bragi Stefánsson utanríkisráðherra hitti Stefan Füle, stækkunarstjóra ESB, á fundi í Brussel í sumar. MYND/EUROPA.EU

Framkvæmdir á Hverfisgötu:

## Opna fyrir umferð í október

**SAMGÖNGUR Miklar framkvæmdir standa nú yfir á Hverfisgötu en unnið er að því að endurnýja götuna frá grunni. Unnið er á kaflanum milli Klapparstígs og Vitastígs og á gatnamótum Vitastígs og Hverfisgötu.**

**Gert er ráð fyrir því að hægt verði að opna gatnamótin fyrir bílaumferð í byrjun október. Ráðgert er að hefja framkvæmdir á gatnamótum Hverfisgötu og Frakkastígs í næstu viku og verður bílaumferð beint um hjáleiðir. Gönguleiðum niður Frakkastíg verður þó haldið opnum.** - ka



**LEIGUBÍLAR** Leigubílstjórinn var sleginn í andlitið.

Ákærður fyrir líkamsárás:

## Sló bílstjóra með flösku

**DÓMSMÁL** Mál gegn karlmanni sem er ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás þegar hann á að hafa slegið flösku í andlit leigubílstjóra var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Maðurinn er einnig ákærður fyrir fjársvik og eignaspjöll.

Í ákæruskjali kemur fram að maðurinn hafi látið leigubílstjórann aka sér til Hafnarfjarðar í desember árið 2011. Þegar þangað var komið steig maðurinn út úr bifreiðinni án þess að greiða fyrir aksturinn og sló leigubílstjórann í andlitið með flösku í gegnum hliðarrúðu bílsins. - vg

# Segir ekki tímabært að ræða framhald ESB-viðræðnanna

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra vill efla tvíhliða samskipti við Evrópusambandið. Össur Skarphéðinsson þingmaður segir almenning réttilega búast við þjóðaratkvæðagreiðslu um framhaldið.

**UTANRÍKISMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra segir ekki tímabært að ræða framhald aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið fyrr en skýrsla Hagfræðistofnunar um stöðu viðræðnanna og þróun sambandsins hafi verið lögð fram. Í umræðum á Alþingi í gær greindi hann frá því að hann hefði óskað eftir því að stofnunin gerði slíka skýrslu.

Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, gagnrýndi Gunnar Braga harðlega fyrir að hafa leyst upp samninganefnd og viðræðuhópa Íslands vegna viðræðnanna og sagði hann þar með fara á svig við vilja Alþingis og að fyrsta skrefið væri stigið til að slíta viðræðunum.

Utanríkisráðherra sagði ríkisstjórnina vera með jákvæða og metnaðarfulla sýn í Evrópumálum, með öflugu samstarfi við Evrópusambandið. Samskiptin við sambandið stæðu á traustum fótum og bæri EES-samstarfið þar hæst.

„Ég vil að við stundum sterka og sýnilega hagsmunagæslu innan EES og annarra samninga sem við höfum gert við Evrópusambandið,“ sagði utanríkisráðherra. Slíkt kallaði á mannafla og viðveru í Brussel. Tillögur í þessa veru væru á hans teikniborði og hann legði áherslu á tvíhliða samninga við sambandið.

Gunnar Bragi segir að ákvörðun um umsókn að ESB hafi verið tekin án þeirrar sannfæringar og samstöðu sem hefði þurft að vera til staðar. Fólk geti treyst því að viðræðurnar verði ekki teknar upp aftur fyrr en að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.

Össur Skarphéðinsson segir ráðherra hafa slegið Íslandsmet í ræðu sinni á Alþingi í gær.

„Því honum tókst í einni ræðu bæði að fara gegn eigin yfirlýsingum, storka fullveldi Alþingis og líka að fara gegn stefnu ríkisstjórnarinnar,“ sagði Össur. En formenn stjórnarflokkanna hefðu báðir lýst því yfir að þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald viðræðna færi fram á þessu kjörtímabili. Almenningur byggist því réttilega við að staðið yrði við þau fyrirheit.

Skiptar skoðanir eru um Evrópumálin innan Sjálfstæðisflokksins. Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður flokksins, viðurkennir að hann sé í minnihluta innan flokksins. Hann telji rétt að Alþingi hefði átt að taka þá ákvörðun að gera hlé á aðildarviðræðunum þar sem ríkisstjórnin sæti í skjóli þingsins og hefði ekki sjálfstætt vald. Alþingi hefði ákveðið árið 2009 að farið yrði í viðræðurnar og Ísland hefði t.d. gerst aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Alþjóðabankanum, EFTA, NATO og fleiri stofnunum með þingsályktunartillögum.

Til að vera sjálfstæð þjóð þurfi stundum að taka ákvörðun um fullveldisafsal til að vera með öðrum þjóðum. „Það er engin uppgjöf. Fullkomið sjálfstæði í samskiptum við aðrar þjóðir er ekki til lengur,“ sagði Vilhjálmur.

heimir@frettabladid.is



**Á ÖNDVERÐUM MEIÐI** Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingar, gagnrýnir Gunnar Braga Sveinsson utanríkisráðherra harðlega fyrir að leysa upp samninganefnd og viðræðuhópa vegna aðildarumsóknar Íslands að ESB.


# AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

Tillaga að nýju aðalskipulagi fyrir Reykjavík



Megin breytingar frá gildandi aðalskipulagi:
**Þéttari og blandaðri byggð**
**Minna landnám og minni landfyllingar**
**Vistvænni samgöngur**
**Ákveðnari verndun opinna svæða**
**Húsnæði fyrir alla**
**Skýrari kröfur um gæði byggðar**

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þann 4. júní, 2013 að auglýsa tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 31. gr. laga nr. 123/2010, ásamt umhverfisskýrslu, sbr. 7. gr. laga nr. 105/2006. Athugasemdir Skipulagsstofnunar, sbr. 3. mgr. 30 gr., voru teknar til umfjöllunar í borgarráði þann 25. júlí, 2013 ásamt minnisblaði umhverfis- og skipulagssviðs um viðbrögð Reykjavíkurborgar við athugasemdunum.

Nýtt aðalskipulag tekur til tímabilsins 2010–2030 og er endurskoðun á aðalskipulaginu 2001–2024. Endurskoðunin hefur staðið yfir undanfarin ár og hefur falist í margvíslegri greiningarvinnu, mati valkosta og samráði við íbúa og hagsmunaaðila.

Aðalskipulagstillagan er kynnt samhliða breytingum á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, sem nauðsynlegt var að ráðast í vegna endurskoðunar á stefnu aðalskipulagsins. Athugasemdir Skipulagsstofnunar, dagsettar 16. júlí 2013, eru lagðar fram með aðalskipulagstillögunni, ásamt viðbrögðum Reykjavíkurborgar við þeim, dagsettum 22. júlí 2013.

Tillagan ásamt umhverfisskýrslu og öðrum fylgigögnum hefur legið frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, síðan 9. ágúst 2013 og verður í kynningu til og með 20. september 2013. Tillagan ásamt umhverfisskýrslu er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 3. hæð. Tillöguna og önnur kynningargögn má nálgast á vefsvæðinu adalskipulag.is
Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 20. september 2013. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

**Frestur til að senda athugasemdir rennur út 20. september 2013**
Kynntu þér málið á adalskipulag.is

Reykjavíkurborg
umhverfis- og skipulagssvið

# FRÁBÆR KAUP FRÁ

# EPSON






**Epson EBX12LW**

**119.990**

## HÁGÆÐA SKJÁVARPI

**Vandaður skjávarpi sem er okkar bestu kaup. Hentar frábærlega í skóla eða fundarherbergi. Skjávarpinn er lítill og meðfærilegur og auðveldur í uppsetningu.**

**Langur líftími peru**
Peran lifir í 5.000 klukkustundir ef skjávarpinn er stilltur á eco stillinguna.

**Mjög notendavænn**
Auðveldur í uppsetningu með HDMI og USB 3 í 1, sem þýðir að aðeins þarf einn kapal fyrir hljóð, mynd og stýringu.

**Hágæða myndgæði**
Epson 3LCD örgjörvinn tryggir náttúrulega og góða liti. 2.800 lumens tryggir bjarta mynd og 3000:1 skerpa gerir myndina mjög skarpa og góða.

**Valmöguleiki**
Hægt er að bæta við USB myndavél og varpa upp myndum úr t.d. kennslubókum með einföldum hætti.

HDMI | 3-in-1 USB display | 2800 lm | PC free | XGA | kg 2.3

No.1 SINCE 2001 EPSON WORLD LEADER IN PROJECTORS

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

EPSON®
EXCEED YOUR VISION

Launakönnun VR sýnir að heildarlaun félaga hækka um 6,9% frá því í fyrra:

# Heildarlaun hækka á milli ára

**LAUNAMÁL** Heildarlaun félaga í VR hækkuðu um 6,9% á milli ára samkvæmt launakönnun sem kynnt var í gær. Þetta er ívið meira en launavísitala Hagstofunnar sýnir á sama tímabili. Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,2% á sama tíma og jókst kaupmáttur heildarlauna því á tímabilinu um 2,7%.

Aðrar niðurstöður launakönnunarinnar leiddu í ljós að grunnlaun félagsmanna VR eru að meðaltali 473 þúsund á mánuði en heildarlaun eru að meðaltali 507 þúsund.

Álag í vinnu hefur aukist frá því í fyrra að mati 57% svarenda, meira hjá körlum en konum, og segjast 20% kvenna vera of þreytt til að gera nokkuð í lok vinnudags á móti 14% karla. Launamunur kynjanna helst einnig óbreyttur milli ára, kynbundinn munur er 9,4% en munur á heildarlaunum er 15,4%.

Í upphafi árs var kynnt ný leið, jafnlaunavottun VR, sem ætluð er til að ná enn betri árangri í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. - ka



**LAUNAMUNUR ÓBREYTTUR** Í nýrri launakönnun VR kemur fram að launamunur kynjanna helst óbreyttur á milli ára en kynbundinn munur er 9,4%. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON



HALLDÓR HALLDÓRSSON



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR



JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON

## SEX ORÐUÐ VIÐ ODDVITASÆTIÐ

Sex hafa einkum verið orðuð við framboð í oddvitasætið hjá flokknum. Fjögur eru nú borgarfulltrúar; Gísli Marteinn Baldursson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Kjartan Magnússon og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir. Auk þeirra hafa þingmaðurinn Guðlaugur Þór Þórðarson og Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og fyrrverandi bæjarstjóri á Ísafirði, verið nefndir til sögunnar.



KJARTAN MAGNÚSSON

# Leiðtogaprófkjörið líklegasti kosturinn

Mikill meirihluti er fyrir því í stjórn Varðar að efna einungis til prófkjörs um leiðtogasætið hjá Sjálfstæðisflokknum í borginni. Hugsanlegt að fulltrúaráðið kjósi svo um hin sætin á listanum. Nokkrir stjórnarmenn eru ósáttir við áformin.

**STJÓRNMÁL** Stjórn Varðar, fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, kemur saman á fundi í dag og mun þar móta tillögu sína að því hvernig velja skuli á framboðslista flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar á næsta ári.

Tillagan verður síðan borin upp á fulltrúaráðsfundi á fimmtudaginn í næstu viku.

Í stjórninni sitja 26 manns og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er mikill meirihluti þeirra hlynntur því að velja oddvita listans í svokölluðu leiðtogaprófkjöri, þar sem almennum flokksmönnum gæfist færi á að velja úr hópi þeirra sem gæfu kost á sér til að leiða listann. Sú leið hefur aldrei fyrr verið farin.

Óttarr Guðlaugsson, formaður stjórnarinnar, staðfestir að leiðtogaprófkjörsleiðin hafi verið mikið til umræðu án þess að nokkuð hafi þó verið ákveðið enn. „Manni heyrist nú á flestum að fólk vilji fara einhverjar nýjar leiðir, svo er bara spurning hvaða leið það er,“ segir Óttarr.

Hann segir marga hrifna af hugmyndinni um leiðtogaprófkjör. „Þannig væri fólki gefið tækifæri til að verða okkar borgarstjóraefni – menn byðu sig þá fram í leiðtogasætið en ekkert annað.“

Möguleikarnir í stöðunni eru fjórir: leiðtogaprófkjörið, almennt prófkjör, uppstilling og svokölluð röðun, þar sem fulltrúaráðið sjálft kýs inn á listann, fyrst í efsta sætið, síðan í annað sætið og koll af kolli.

Óttarr segir að meðal annars hafi komið til tals að halda fyrst leiðtogaprófkjör um efsta sætið en að velja afganginn af listanum með áðurnefndri röðun. Einnig kæmi þó til greina að halda einfaldlega annað prófkjör fyrir neðri sætin eða velja þá frambjóðendur með uppstillingu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru sumir stjórnarmenn mjög ósáttir við hugmyndir um leiðtogaprófkjör. Á meðal þeirra eru fulltrúar Heimdallar, ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, og Hvatar, félags sjálfstæðiskvenna í Reykjavík.

„Lýðræðislegasta leiðin til að velja á lista er almennt prófkjör, að flokksmenn fái að velja sína frambjóðendur,“ segir Sigríður Hallgrímsdóttir, formaður Hvatar og aðstoðarkona Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra.

Ingvar Smári Birgisson, formaður Heimdallar, tekur í sama streng. „Við Heimdellingar teljum að það sé langfarsælast fyrir flokkinn að hafa almennt prófkjör,“ segir hann. Það þjóni meðal annars best hagsmunum ungs fólks sem kunni að vilja bjóða sig fram.

stigur@frettabladid.is

Öruggur staður fyrir fötluð börn eftir að skóla lýkur í Hafnarfirði:

# Fá tækifæri í frístundaklúbbi

**HAFNARFJÖRÐUR** „Markmið starfsins er að gefa krökkunum tækifæri til að kynnast öðrum krökkum og vinna með þeim að skemmtilegum og þroskandi verkefnum bæði úti og inni,“ segir í minnisblaði um nýjan frístundaklúbb fyrir fötluð börn sem bæjarráð Hafnarfjarðar samþykkti að setja á fót.

Frístundaklúbbur er ætlaður fyrir tíu til fimmtán ára börn með fatlanir. „Síðustu misseri hafa komið fram óskir foreldra fatlaðra barna sem hafa ekki aðgang að öruggum stað eða dagvist eftir að skóla lýkur,“ segir í minnisblaðinu. Til að byrja með var verkefnastjóri ráðinn tímabundið og klúbburinn tengdur félagsmiðstöðinni Hrauninu.



GUNNAR AXEL AXELSSON

„Farið verður á nýju ári að skoða hvernig til hefur tekist, hvort starfsemin skili því sem ætlast er til, hvort börnunum muni fjölga og hvort horfa þurfi á nýtt og stærra húsnæði,“ segir um starfsemina sem skilgreind er mitt á milli frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar. - gar



**Í HAFNARFIRÐI** Gefa á fötluðum krökkum aukin tækifæri til að kynnast öðrum börnum í eigin frístundaklúbbi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


www.nissan.is

NISSAN
Innovation that excites

SPARNEYTNIR OG VANDAÐIR




100% RAFKNÚINN NISSAN LEAF
0,0 l/100 km
Komdu og kynntu þér kosti LEAF




NISSAN QASHQAI 4x4, DÍSIL
5,1 l/100 km
Verð: 4.990 þús. kr.
KAUPAUKI: Vetrardekk · Dráttarbeisli · iPad 32 GB




NISSAN JUKE ACENTA, DÍSIL
4,2 l/100 km
Verð: 3.690 þús. kr.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622
Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkst. Austurlands / Egilsst. / 470 5070
IB ehf. / Selfossi / 480 8080

**12% AFSLÁTTUR**

# 1.494
ÁÐUR 1.698 KR/KG

netto
Kræsingar & kostakjör

Markhönnun ehf




## LAMBALÆRI
FERSKT - NÝSLÁTRAÐ

---

**KJÖTBÚÐINGUR**
490 GR
## 296
ÁÐUR 449 KR/PK
**34% AFSLÁTTUR**




**HAKKBOLLUR**
1KG
## 899
ÁÐUR 1.198 KR/PK
**25% AFSLÁTTUR**



**GRÍSA MÍNÚTUSTEIK**
FERSK
## 1.689
ÁÐUR 2.138 KR/KG
**21% AFSLÁTTUR**



**APPELSÍNUSAFI**
CALYPSO 200ML
## 59
ÁÐUR 79 KR/STK
**25% AFSLÁTTUR**




**ÞVOTTAEFNI BLENDA**
SENSITIVE 1.17
## 299
ÁÐUR 499 KR/PK
**40% AFSLÁTTUR**




**CROISSANT**
M/OSTI OG SKINKU
## 160
ÁÐUR 229 KR/STK
**30% AFSLÁTTUR**



**Tilboðin gilda 12. - 15. september**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Í tilefni 40 ára afmælis Glóeyjar veitum við 10-40% afslátt af völdum útiljósum í september.




Glóey – gerir lífið bjartara
Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is

Formaður Stúdentaráðs fagnar ákvörðun menntamálaráðherra og LÍN:

# Algjör sigur fyrir stúdenta

**SKÓLAMÁL** „Við fögnum þessu, það er fyrst og fremst ótrúlega gott að það sé verið að eyða þessari óvissu,“ segir María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs, um þá ákvörðun Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra og LÍN að áfrýja ekki dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli námsmanna gegn LÍN. „Við erum búin að vinna að þessu í allt sumar og nú er komið algjör lokapunktur á þetta,“ segir María Rut, og bendir á að margir námsmenn hafi ákveðið að fara ekki í nám í vetur vegna óvissunnar sem ríkt hafði um framfærsluna.

Hún bendir á að þrátt fyrir að endurskráningu í námskeið hafi lokið í gær, hafi þau fengið vilyrði fyrir því að að það verði hægt að breyta skráningu eitthvað áfram. Skólinn muni sýna þessum aðstæðum skilning, þeir sem hafa til dæmis skráð sig í aukaáfanga til að ná upp nógu mörgum einingum til þess að fá lán, geta endurskoðað sína skráningu. - ka, hrs



**STÚDENTARÁÐ FAGNAR** María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs, fagnar ákvörðun menntamálaráðherra og LÍN. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## SVONA VIRKAR NÝR LEITARBÚNAÐUR LANDHELGISGÆSLUNNAR



Miðunarbúnaðurinn notar sérstakt loftnet sem beinir radíómerkinu niður á við og nær því ofan í gil og sprungur, ólíkt því sem oft gerist við sendingar úr hefðbundnum sendistöðvum.

# Nýr leitarbúnaður sannar strax gildi sitt

Nýr miðunarbúnaður aðstoðaði við leit að manni sem villtist við Svínafellsjökul. Búnaðurinn mun á endanum verða hluti af tækjabúnaði Landhelgisgæslunnar.

**UPPLÝSINGATÆKNI** Landhelgisgæsla Íslands notaði í fyrrinótt nýjan miðunarbúnað til að finna mann sem villtist á göngu við Svínafellsjökul.

Búnaðurinn var um borð í þyrlu gæslunnar, TF-GNÁ, og nýttust upplýsingar úr honum, ásamt upplýsingum frá stjórnstöð Landsbjargar, við að staðsetja manninn með nokkurri nákvæmni um klukkutíma eftir að þyrlan kom á staðinn. Þá var búið að þrengja leitarsvæði björgunarsveitarmanna Landsbjargar sem höfðu leitað mannsins í afleitu veðri í um fimm tíma. Maðurinn fannst tveimur tímum síðar á Hafrafelli, kaldur og máttfarinn.

„Þetta er í fyrsta skipti sem búnaðurinn nýtist okkur við leit. Við höfum notað hann tvisvar áður en í þeim tilvikum fannst viðkomandi aðili áður en við komum á staðinn eða var með slökkt á farsíma,“ segir Höskuldur Ólafsson, tæknistjóri hjá Landhelgisgæslunni.

Höskuldur og fleiri starfsmenn gæslunnar hafa undanfarna mánuði unnið að prófunum á búnaðinum í samstarfi við hugbúnaðarfyrirtækið Rögg og Óskar Valtýsson, fjarskiptastjóra hjá Landsvirkjun. Óskar og Baldvin Hansson, starfsmaður Röggvar, hafa báðir farið með þyrlum gæslunnar í allar ferðirnar og séð um rekstur búnaðarins.

„Leit með búnaðinum virkar þannig að flogið er með hann um leitarsvæðið á meðan hann býr til þjónustusvæði fyrir farsíma. Ef sá aðili sem leitað er að er með kveikt á sínum farsíma miðar búnaðurinn hann út og leitaraðilar fá staðsetningu hans með nokkuð mikilli nákvæmni. Þetta er mjög mikilvægur búnaður og algjör bylting í leit eins og í fyrrinótt,“ segir Höskuldur.

Hugmyndin að búnaðinum kom fyrst upp hjá Óskari Valtýssyni þegar hann fylgdist með fréttaflutningi af umfangsmikilli leit að ungum Svía sem festist í sprungu á Sólheimajökli árið 2011.

„Þegar ég heyrði í fréttum að maðurinn hefði hringt í Neyðarlínuna gerði ég ráð fyrir að þessi búnaður væri til og að maðurinn yrði miðaður út og síðan fundinn. Daginn eftir heyrði ég að björgunarsveitarmenn væru enn að leita og þá setti ég saman hugmynd að búnaðinum og eftir það fóru hlutirnir að rúlla,“ segir Óskar Valtýsson.

Að hans sögn er hugmyndin sú að búnaðurinn verði á endanum hluti af tækjabúnaði Landhelgisgæslunnar.

haraldur@frettabladid.is




Með búnaðinum er hægt að ná sambandi við farsíma sem eru í allt að 35 kílómetra fjarlægð.

## SENDIR SMS-SKILABOÐ UM AÐ HJÁLP SÉ Á LEIÐINNI

Miðunarbúnaðurinn er í raun færanleg GSM-móðurstöð með fylgibúnaði á stærð við litla ferðatösku. Þegar kveikt er á búnaðinum býr hann til þjónustusvæði og í kjölfarið nema farsímar hann sem mögulegan þjónustuaðila. Þegar farsími reynir að hafa samskipti við búnaðinn nýtir hann innbyggða eiginleika GSM-kerfisins og mælir þann tíma sem það tekur fyrir radíómerki að fara frá móðurstöðinni í þyrlunni og í farsímann.

Þá eru gerðar mælingar á þeim upplýsingum og þeim raðað inn í reiknimódel sem reiknar út staðsetningu farsímans. Þegar staðsetningin liggur fyrir sendir búnaðurinn síðan sms-skilaboð í viðkomandi farsíma um að hjálp sé á leiðinni. Ef aðilinn sem leitað er að er með meðvitund er einnig hægt að nota búnaðinn til að hringja í viðkomandi og hann getur sömuleiðis hringt til baka.

Nýtt í Nettó!




Nicotinell fæst núna í öllum verslunum Nettó
1.199kr/pk - Fruit 799 kr/pk

Mjódd | Salavegur | Hverafold | Grandi | Akureyri | Höfn
Grindavík | Reykjanesbær | Borgarnes | Egilsstaðir | Selfoss
nettó

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Foreldrar bera megin ábyrgð á að styðja að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.



ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR AF
LOOP-
VÖRUM

# LOOP
# VEIÐIVÖRUR
## RÝMINGARSALA
LOKADAGUR **LAUGARDAGINN 14.09**

**25%**
SPÚNAR
VÖÐLUJAKKAR
SMÁVÖRUR

**40%**
KASTSTANGIR
OG VEIÐIHJÓL



**ABU** AMBASSADOR VEIÐIHJÓL
Gott í laxveiðina
**20.995 KR.**
FULLT VERÐ 34.990 KR.



Veiðilínur frá **Loop**, allt að **70%** afsláttur



ALLAR **LOOP** VÖÐLUR OG SKÓR
**70%**
AFSLÁTTUR



**LOOP** CLASSIC 8-11
**64.995 KR.**
FULLT VERÐ 129.990 KR.



**HARDY** VÖÐLUSKÓR EWS2
**20.395 KR.**
FULLT VERÐ 33.990 KR.



**GREYS** VÖÐLUSKÓR G-SERIES
**11.995 KR.**
FULLT VERÐ 19.990 KR.



**LOOP** STÖNG XACT 9 NO 5
**24.995 KR.**
FULLT VERÐ 49.990 KR.



**SHAKESPEARE** FLUGUSTANGIR
Í hörðum hólk.
VERÐ FRÁ
**8.395 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 132580

Bráðabirgðastjórn Egypta:

# Neyðarástand í mánuði enn

**EGYPTALAND, AP** **Adlí Mansúr, bráðabirgðaforseti Egyptalands, hefur framlengt neyðarástand í landinu um tvo mánuði, en það átti að renna út eftir nokkra daga.**


ADLÍ MANSÚR

**Neyðarástandið, með útgöngubanni á næturnar í flestum stærri borgum landsins, hefur verið í gildi í tæpan mánuð.**

**Því var komið á stuttu eftir að stjórnvöld réðust til atlögu gegn stuðningsmönnum Múhammeds Morsís, fyrrverandi forseta, en honum var steypt af stóli í byrjun júlí.**

**Sú atlaga snerist upp í hörð átök sem kostuðu nærri þúsund manns lífið, en æ síðan hafa stuðningsmenn Morsís komið saman til mótmæla nær daglega.** - gb

Pútín hvetur Obama til að fara sér hægt en Bandaríkin eru byrjuð að fá uppreisnarmönnum vopn:

# Sýrlandsforseti lofar að afhenda efnavopn

**SÝRLAND** Þeir John Kerry og Sergei Lavrov, utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Rússlands, ræddu Sýrlandsmálin á fundi sínum í Genf í gær, þar sem Kerry krafði Lavrov um skýringar á því hvernig Rússar hugsuðu sér að fá Sýrlandsstjórn til að láta efnavopn sín af hendi.

Fundir þeirra halda áfram í dag, en Lavrov hefur upplýst að áætlun Rússa sé hugsuð í þremur þrepum: fyrst undirriti Sýrlandsstjórn alþjóðasamning um bann við framleiðslu og notkun efnavopna, þá upplýsi Sýrlandsstjórn um staðsetningu og skipulag allra efnavopna í landinu og loks taki sérfræðingar ákvörðun um það hvað verði um þessi vopn.

Í gær lýsti Assad Sýrlandsforseti því yfir að Sýrlendingar myndu afhenda efnavopn sín mánuði eftir að þeir undirrita samninginn. Hann sagði þó að þetta gæti aðeins gengið upp ef Bandaríkin létu af stríðshótunum sínum. Sýrlendingar hefðu fallist á hugmynd Rússa, ekki vegna þrýstings frá Bandaríkjunum heldur vegna þess að Rússar stungu upp á þessum möguleika.

Í gærmorgun birtist í bandaríska dagblaðinu New York Times grein eftir Vladimír Pútín Rússlandsforseta, þar sem hann segir það vekja ugg hve algengt það sé orðið að Bandaríkin beiti hernaði til að grípa inn í átök í öðrum ríkjum.

Hann hvetur Barack Obama til að fara að alþjóðalögum og reyna að leysa málin með friðsamlegum hætti frekar en að nota „tungumál valdsins“. Einnig varar hann við því að Sameinuðu þjóðanna geti beðið sömu örlög og Þjóðabandalagsins, sem stofnað var árið 1919 en leið undir lok eftir seinni heimsstyrjöldina.

„Þetta gæti gerst ef áhrifarík ríki ganga fram hjá Sameinuðu þjóðunum og leggja út í hernað án samþykkis Öryggisráðsins,“ segir Pútín.

Í gær bárust síðan fréttir af því að Bandaríkjamenn séu byrjaðir að koma vopnum til uppreisnarmanna í Sýrlandi. - gb


**MÆTTUR TIL FUNDAR Í GENF** Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, kemur til fundar við John Kerry í Genf. NORDICPHOTOS/AFP







**GÓÐ STUND** Sigurður Hallvarðsson afhenti Ernu Magnúsdóttur, forstöðukonu Ljóssins, átta milljónir króna sem söfnuðust í áheitagöngu hans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Siggi Hallvarðs safnaði átta milljónum króna í göngu:

# Afhenti Ljósinu átta milljónir

**FÓLK** „Tilfinningin var rosalega góð. Þetta var alveg yndislegt og fór algjörlega fram úr mínum björtustu vonum,“ segir fótboltakempan fyrrverandi, Sigurður Hallvarðsson.

Hann afhenti í gær Ljósinu þær átta milljónir króna sem söfnuðust í áheitagöngu hans hinn 30. ágúst.

Sigurður, sem barist hefur við heilakrabbamein frá árinu 2004, segir Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra, hafa reynst sér gríðarlega vel.

„Allir sem voru viðstaddir afhendinguna voru rosalega ánægðir og það var ánægjuleg stund að afhenda Ernu [Magnúsdóttur] ávísunina. Þetta var góður dagur,“ segir Sigurður, sem gekk með hugmyndina að áheitagöngunni í maganum í heilt ár.

Gengið var frá Hveragerði og að höfuðstöðvum Ljóssins og segir Sigurður gönguna hafa verið bæði þægilega og skemmtilega.

„Þetta var engin áreynsla, menn voru að segja fimmaurabrandara og að fíflast alla leiðina.“ - ka






www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu


UM LAND ALLT
GAZI
kolla
Sælkeraferðin
Fram undan
gott íslensk
VEISTU
ÍSLAND Í DAG
FRÉTTIR


er
t efni
Avaxta karfan
ÓUPPLÝST LÖGREGLUMÁL
SJÁLFSTÆTT FÓLK
Spaugstofan
„EITTHVAÐ ANNAÐ"
MEÐ LÓU PIND
Íslenskir ástríðuglæpir
HIÐ BLÓMLEGA BÚ
HEIMSÓKN










# Við lofum góðum íslenskum vetri












Stöð 2 kynnir með stolti
**glæsilegustu vetrardagskrá** frá upphafi

Við erum afar ánægð með nýju vetrardagskrána okkar og flöggum nýjum og spennandi íslenskum þáttum. Aldrei áður hefur úrvalið verið jafn glæsilegt, fleiri og fjölbreyttari íslenskir þættir en nokkru sinni fyrr ásamt erlendum þáttum og kvikmyndum í sérflokki.

**Við óskum þér góðrar skemmtunar með Stöð 2 í allan vetur.**

Þjóðhátíð












# Stuðmenn

mæta til Loga

**BEIN ÚTSENDING**
**kl. 18:55 í kvöld á Stöð 2.**

# Skemmtiþáttur Loga Bergmann

Ekki missa af frábærum skemmtiþætti Loga Bergmann þar sem farið verður yfir það skemmtilegasta sem verður í boði á Stöð 2 í vetur. Logi fær hressa gesti í heimsókn, Stuðmenn sjá um fjörið og Bubbi tekur lagið.



# OPIN

margfalt skemmtilegri!

# dagskrá alla helgina!

**Allar stöðvar í Skemmtipakkanum verða opnar í dag, á morgun og sunnudag.**

Stöð 2 / Stöð 3 / Krakkastöðin / Bíóstöðin / Gullstöðin / PoppTíví

## Með Skemmtipakkanum færðu mikið fyrir lítið!

### **Alltaf eitthvað spennandi** fyrir alla fjölskylduna

Með Skemmtipakkanum færðu aðgang að Stöð 2 og frábæru vetrardagskránni sem skartar fjölmörgum nýjum íslenskum þáttum ásamt erlendum þáttum og kvikmyndum í sérflokki. Skemmtipakkinn opnar þér jafnframt aðgang að fimm skemmtilegum stöðvum og aðgangur að Tónlist.is í þrjá mánuði er innifalinn í áskriftinni. Til að toppa það fylgir líka aðgangur að Stöð 2 Vild, einu öflugasta afsláttarkerfi landsins.

**Margfalt meiri skemmtun** á aðeins

# 7.990 kr.




**STÖÐ 2**
Engin sjónvarpsstöð á Íslandi frumsýnir daglega fleiri þætti og bíómyndir en Stöð 2. Fréttir og meiri íslensk dagskrárgerð en nokkru sinni fyrr.

**STÖÐ 3**
Ný og fersk stöð með erlent gæðaefni í bland við nýtt íslenskt.

**KRAKKASTÖÐIN**
Talsett barnaefni daglega frá morgni til kvölds á sérstakri barnastöð. Barnakvikmynd alla daga klukkan 19:00.

**BÍÓSTÖÐIN**
Frábærar kvikmyndir, allan sólarhringinn.

**GULLSTÖÐIN**
Klassískir innlendir og erlendir sjónvarpsþættir.

**POPPTÍVÍ**
Tónlistarmyndbönd eins og þú getur í þig látið.

**TÓNLIST.IS**
Öll íslensk og erlend tónlist á einum stað, þriggja mánaða aðgangur með áskrift.

**VILD**
Með aðgangi að Vild getur fjölskyldan hæglega sparað sem nemur mánaðaráskrift.

**SKELLTU ÞÉR Á SKEMMTIPAKKANN!**
Þú greiðir ekkert fyrir það sem eftir er af september!

**Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is**

FÍTON / SÍA

Talið um úttekt og atkvæðagreiðslu var blekking:

# Evrópublöffið

Fréttablaðið sagði frá því í gær að Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefði ákveðið að leysa formlega frá störfum samninganefnd Íslands, sem séð hefur um aðildarviðræðurnar við Evrópusambandið. Sama á við um samningahópa um einstök málefni og samráðsnefnd stjórnvalda og hagsmunasamtaka um viðræðurnar. Allir nefndarmenn fengu bréf í byrjun vikunnar um að nefndirnar yrðu lagðar niður.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Gunnar Bragi sagði í samtali við blaðið að þetta væri bara „framhald af því hléi sem gert hefur verið og á ekki að koma neinum á óvart“.

Hugsanlega kemur þetta þó þeim á óvart sem tóku mark á því sem stendur í stjórnarsáttmálanum; að gera eigi hlé á aðildarviðræðunum, að svo eigi að gera úttekt á stöðu viðræðnanna og þróun mála innan Evrópusambandsins, ræða hana á Alþingi og kynna hana fyrir þjóðinni. Og að ekki verði haldið lengra í aðildarviðræðunum nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Það skildu flestir í upphafi sem svo að ríkisstjórnin hygðist efna til slíkrar atkvæðagreiðslu.

Þetta átti ekki sízt við um marga kjósendur Sjálfstæðisflokksins, sem tóku mark á kosningastefnu flokksins: „Kjósendur ákveði í þjóðaratkvæðagreiðslu á kjörtímabilinu hvort aðildarviðræðum skuli haldið áfram.“ Formaður og varaformaður flokksins ítrekuðu það loforð oftsinnis opinberlega og það fylgdi að atkvæðagreiðsluna ætti að halda á fyrri hluta kjörtímabilsins. Framsóknarflokkurinn talaði reyndar líka um þjóðaratkvæðagreiðslu í sinni kosningastefnu, en lofaði því ekki með jafnafdráttarlausum hætti að hún yrði haldin á kjörtímabilinu.

Núna talar utanríkisráðherrann hins vegar alveg skýrt. Hann sagði í Fréttablaðinu í gær að ekki hefði verið nein ástæða til að bíða eftir úttektinni sem leggja átti fyrir þing og þjóð í haust: „Nei, það er engin ástæða til þess vegna þess að þessi ríkisstjórn hefur talað skýrt um að hún ætlar ekki að halda áfram viðræðum.“

Þarna eru engir fyrirvarar gerðir um hlé, enda væri það fráleitt þegar ráðherrann er nýbúinn að leggja niður samninganefndina sem hefur viðræðurnar með höndum. Það er ekki hægt að lýsa því öllu skýrar yfir að viðræðurnar verði ekki hafnar á ný, sama hvað gerist og hvað hverjum finnst, til dæmis þeim meirihluta kjósenda sem segist í skoðanakönnunum vilja klára aðildarviðræðurnar.

Látum liggja á milli hluta að ríkisstjórnin fer þarna gegn ályktun Alþingis um aðildarviðræðurnar og hefur ekki sótt sér neitt umboð til þingsins til að hætta þeim. Spyrjum frekar til hvers þeir voru þessir orðaleppar í stjórnarsáttmálanum, um úttekt, umræðu, kynningu og þjóðaratkvæði.

Það verður augljósara eftir því sem á líður. Þeir voru eingöngu hugsaðir til að slá ryki í augu kjósenda. Ríkisstjórnin þarf enga úttekt til að taka ákvörðun um framhaldið; hún er búin að ákveða þetta. Og það verður engin þjóðaratkvæðagreiðsla heldur. Þess þarf ekki. Þau eru búin að ákveða þetta.

Utanríkisráðherrann talaði á þingi í gær fjallbrattur fyrir hönd beggja stjórnarflokka; að þeir væru einhuga um það hvernig á málinu hefði verið haldið. Forysta Sjálfstæðisflokksins gerði engar athugasemdir. Það verður ekki öllu skýrara: Fallegu orðin í kosningabæklingunum og stjórnarsáttmálanum voru blöff.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*



Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Á skjön við forystuna

Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokks, jaðarsetti sig með giska skýrum hætti frá forystumönnum stjórnarflokkanna í gær. Þar steig hann í pontu í umræðum um skýrslu utanríkisráðherra um Evrópumál og byrjaði á því að lýsa yfir vonbrigðum með ákvæði stjórnarsáttmálans um Evrópumál. Þá væru vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í ESB-málinu „ekki í samræmi við það þingræði sem ég tel að eigi að ríkja hér á landi“. Einnig sagði Vilhjálmur að vildi þjóð vera sjálfstæð þyrfti oft að taka ákvarðanir sem fælu í sér framsal fullveldis og loks viðraði hann skoðanir sínar á krónunni, sem ríma kannski ekki alfarið við yfirlýsingar forystunnar.



### Rúmar tíu mínútur

Vafalaust hafa fáir búist við því að Vilhjálmur yrði léttur í taumi en kannski hafa fæstir átt von á því að hann talaði sig á þennan stað strax í sjöttu þingræðu sinni, þar sem hann hafði áður talað í rúmar tíu mínútur úr ræðupúlti Alþingis.

### Leyndarmál, ekki segja frá …

Í vikunni var kynnt ný markaðsherferð Íslandsstofu undir yfirskriftinni „Leyndarmálið Ísland“ og er byggð á hugmyndafræði Inspired by Iceland. Þar er fólk meðal annars hvatt til þess að segja frá leyndarmálum og leynistöðum; Share your secret. Ókei, gott og vel. Það er fínt að létta þrýstingi af landsins helstu náttúruperlum og ferðamannaseglum þar sem aðstaða og aðgengi er langt frá því að anna ágangi fólks. Við skulum þess vegna beina fólki í massavís á ótroðnar slóðir þar sem ekki er nokkur aðstaða fyrir hendi og ekkert skipulag til að bregðast við ef illa fer. Hljómar eins og plan …



**thorgils@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Úrbætur á lyflækningasviði Landspítala

HEILBRIGÐISMÁL



**Kristján Þór Júlíusson**

heilbrigðisráðherra

Við undirritaður og forstjóri Landspítala kynntum í gær sameiginlega yfirlýsingu um aðgerðir til að styrkja starfsemi lyflækningasviðs Landspítala. Það dylst engum að ástandið er alvarlegt og aðgerða þörf. Þetta taka heilbrigðisyfirvöld alvarlega og ég legg áherslu á að nú verði unnið hratt og örugglega að úrbótum.

Tuttugu læknar stóðu saman að grein sem birtist í Fréttablaðinu í gær þar sem staðan á lyflækningadeild er rakin. Fyrirhugaðar aðgerðir til úrbóta sem ég og forstjóri LSH kynntum taka á flestum ef ekki öllum þeim þáttum sem læknarnir lýsa áhyggjum sínum yfir. Þótt það taki einhvern tíma að hrinda fyrirhuguðum úrbótum í framkvæmd bind ég miklar vonir við að með þessu takist að snúa vondri þróun við og byggja upp öflugt lyflækningasvið á nýjan leik.

Dregið verður úr álagi með fleiri hjúkrunarrýmum til að flýta fyrir útskrift sjúklinga að lokinni meðferð, faglег forysta sviðsins verður styrkt, framhaldsmenntun í almennum lyflækningum verður efld með opinberri viðurkenningu yfirstjórnar heilbrigðis- og menntamála og auknum fjármunum. Starfshópi verður falið að gera tillögur um aukið hlutverk LSH sem háskólasjúkrahús og leiðir til að tryggja nýliðun í lyflækningum.

Stefnt er að því að nýta betur krafta og hæfni ýmissa fagstétta með markvissum aðgerðum og þannig munu læknar fá aukinn stuðning við störf sín. Bráðastarfsemi LSH verður styrkt og hún sameinuð á einum stað. LSH mun í samstarfi við heilbrigðisyfirvöld halda áfram að endurskoða skipulag læknisþjónustu á Íslandi í því skyni að bæta aðgengi og gæði þjónustunnar um allt land, ásamt því að auka hagkvæmni.

Fagleg, örugg og aðgengileg heilbrigðisþjónusta er mikilvægt hagsmunamál allra landsmanna og við búum að mörgu leyti að mjög góðri heilbrigðisþjónustu sem við getum verið stolt af. Höfum hugfast að þetta er ekki sjálfgefið því víðtæk og sérhæfð heilbrigðisþjónusta með miklum gæðum eins og við þekkjum er geysilega kostnaðarsöm fyrir fámenna þjóð. Þetta er engu að síður það sem við viljum og með réttu hugarfari, mikilli vinnu og bestu mögulegri nýtingu fjármuna getum við í sameiningu tryggt áframhaldandi öfluga heilbrigðisþjónustu til frambúðar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

## ATHUGANIR FÆÐINGARORLOFSSJÓÐS Á MEINTUM OFGREIÐSLUM




*Rannsókn gerð á því hvort hugsanlega hefði verið um að ræða of háar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði til viðkomandi foreldra í tengslum við fæðingarorlof þeirra.

# Rannsóknarsjóður fæðinga

Í DAG
**Pawel Bartoszek**
stærðfræðingur



> Það liggur fyrir að eitthvað er brotið í kerfi þar sem fjórða hvert foreldri lendir í rannsókn og sjöunda hvert lendir í innheimtu.

Karlmenn taka síður foreldraorlof en konur. Þeir sem það þó gera virðast svo líklegri til að lenda í vandræðum út af því. Í grein minni „Feður undir smásjá“ sem birtist í Fréttablaðinu 7. júní vakti ég athygli á því að árið 2012 hefðu 92,5% allra mála sem enduðu fyrir kærunefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála varðað karlmenn. Það þótti mér athyglisverð tölfræði.

Auðvitað gætu verið aðrar skýringar á þessu en karlahatur sjóðsins. Það gæti verið að karlmenn kærðu frekar. Eða að þeir svindluðu bara miklu meira. Tíu til tuttugu sinnum meira.

Í vor sendi ég fyrirspurn á velferðarráðuneytið þar sem ég bað um fjölda endurkröfumála vegna fæðingarorlofs á árunum 2008-2012, eftir kyni. Ég bað annars vegar um a) fjölda þeirra skipta þar sem foreldrar fengu bréf um að mál þeirra væru til athugunar og hins vegar um b) fjölda endurkröfubeiðna sem sendar voru út.

Um mitt sumar barst svar frá ráðuneytinu. Þar var vísað í svar Fæðingarorlofssjóðs þar sem kom fram að gögnin lægju ekki fyrir og „ljóst væri að talsverður tími og vinna færi í slíka samantekt“. Þetta ljósa mat má reyndar draga í efa en geymum það að sinni.

### Svöruðu einhverju

Ráðuneytið og sjóðurinn svöruðu þó einhverju, þótt það væri ekki alveg það sem spurt var um. Í bréfinu segir: „samkvæmt [...] samantekt hafi á árinu 2011 verið send 2.329 bréf til foreldra þar sem tilkynnt hafi verið um að rannsókn væri hafin á því hvort hugsanlega hefði verið um að ræða of háar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði til viðkomandi foreldra í tengslum við fæðingarorlof þeirra.

Fram kemur að á árinu 2012 hafi slík bréf hins vegar verið 2.528 talsins. Jafnframt kemur fram að auk framangreindra bréfa hafi Fæðingarorlofssjóður sent bréf til 962 foreldra á árinu 2011 þar sem viðkomandi foreldrar hafi verið krafðir um endurgreiðslu á fæðingarorlofsgreiðslum þar sem greiðslur úr sjóðnum til þeirra í tengslum við töku fæðingarorlofs hafi verið of háar en á árinu 2012 hafi verið um að ræða bréf til 1.354 foreldra vegna sama efnis.“

Aðeins til að setja þetta í samhengi: Það fæðast um 4,5 þúsund börn á ári á Íslandi. Þau börn eiga sér þá 9 þúsund foreldra. Rannsóknirnar eru 2,5 þúsund. Það er heljarinnar hlutfall. Lendir fjórða hvert foreldri í rannsókn?

Og það er vinna að lenda í rannsókn. Það þarf að safna saman gögnum, launaseðlum, skattskýrslum, skrifa greinargerð með skýringum og svo þarf að biðja vinnuveitandann um skrifa skýrslu. Loks þarf að prenta þetta út og senda þetta. Á Hvammstanga.

### Ber að veita upplýsingar

Nú geta menn spurt: „Er ekki eðlilegt að menn skoði hvort fólk sé ekki að svindla? Er ekki eðlilegt að menn séu beðnir um skýringar ef eitthvað lítur grunsamlega út?“ Vissulega. En samt.

Það liggur fyrir að eitthvað er brotið í kerfi þar sem fjórða hvert foreldri lendir í rannsókn og sjöunda hvert lendir í innheimtu. Opinberar stofnanir ættu að leitast við að leiðbeina fólki svo það lendi ekki í vandræðum að óþörfu. Það er heilmikil, oft flókin, lagasetning í kringum svona orlof og fæstir þurfa að sökkva sér í hana oft á ævinni. Þekkingin er öll hjá stofnuninni.

Lendir kannski annar hver karlmaður sem tekur fæðingarorlof í vandræðum? Ég veit það ekki. Ég fékk engar upplýsingar varðandi aðalfyrirspurn mína, sem snerist um kynjaskiptingu meðal þeirra sem Fæðingarorlofssjóður tekur til skoðunar. Það má benda á að skv. 21. gr. jafnréttislaga segir „Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.“ Sjóðnum ber því að halda utan um þessar upplýsingar og honum ber einnig að veita þær, sé um það beðið.

Það er erfitt að laga pott ef enginn vill segja manni hversu brotinn hann er.




# Eigum erindi á vettvangi SÞ

UTANRÍKISMÁL
**Þröstur Freyr Gylfason**
formaður Félags SÞ á Íslandi
**Aleksander Gabelic**
formaður Félags SÞ í Svíþjóð
**Helga Hjetland**
formaður Félags SÞ í Noregi
**Jørgen Estrup**
formaður Félags SÞ í Danmörku
**Sofia Vikman**
formaður Félags SÞ í Finnlandi

Norðurlöndin hafa margt fram að færa í samstarfi Sameinuðu þjóðanna, SÞ. Framlag þeirra til mannúðarstarfs SÞ er stórt, þau eru í forystu í mannréttindamálum – ekki síst stúlkna og kvenna – og þau hafa gott orðspor. Margir Norðurlandabúar hafa, allt frá því að Tryggvi Lie og Dag Hammarskjöld voru framkvæmdastjórar SÞ, verið í áberandi stöðum innan kerfis SÞ. Martti Ahtisaari, fyrrverandi forseti Finnlands, hefur lagt mikið af mörkum sem sáttasemjari á vegum SÞ, hin danska Ellen Margrethe Løj er sérstakur sendifulltrúi SÞ í Líberíu og okkar eigin Vigdís Finnbogadóttir er velgjörðarsendiherra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO.

Á Norðurlöndunum er fyrir hendi stofnanaþekking og drifkraftur sem er þörf á til að endurbæta og styrkja Sameinuðu þjóðirnar. Því er óheppilegt hve áberandi fjarvera Norðurlandanna í valdamestu stofnun SÞ, Öryggisráðinu, hefur verið á síðustu árum. Ísland tapaði kosningum til Öryggisráðsins 2008 fyrir Austurríki og Tyrklandi en litlu munaði að Finnland kæmist inn síðasta haust þegar það atti kappi við Ástralíu og Lúxemborg. Á sama tíma mistókst Svíþjóð að ná sæti í Mannréttindaráði SÞ.

Alþjóðlega friðarstofnunin, IPI, lagði nýlega mat á framboð Finnlands til Öryggisráðsins. Í skýrslu IPI er staðfest að orðstír Norðurlandanna sé góður og að þau séu mikils metin innan SÞ. Það er að hluta tengt ríkum vilja þeirra til að leggja sitt af mörkum og því að þau séu laus við dulda hagsmuni. Norræna módelið skiptir verulega miklu máli en þegar fleiri ríki og samfélög keppa um athygli þarf bæði pólitískan vilja og sjálfstraust til að markaðssetja sig, segir IPI.

### Mörg atriði sameina

Norðurlöndin hafa að einhverju leyti ólíka nálgun í alþjóðasamstarfi en mörg atriði sameina þau. Þar á meðal er þróun alþjóðalaga, jafnréttismál og viljinn til að koma í veg fyrir átök. Sterk norræn gildi eru verndun mannréttinda, sjálfbær þróun, straumlínulögun þróunarsamvinnu og aukin skilvirkni og gegnsæi í starfi SÞ, svo dæmi séu tekin. Norðurlöndin geta einnig lagt af mörkum til nútímalegrar þróunar á Öryggisráðinu og starfsháttum þess.

IPI ráðleggur Finnlandi að draga ekki úr þátttöku sinni innan SÞ eftir tapið í kosningum um sæti í Öryggisráðinu, heldur þvert á móti tvíeflast í t.d. samningaviðræðum og við lausn átaka. Öll Norðurlöndin þurfa að beita sömu nálgun. IPI undirstrikar einnig þörfina á að koma betur á framfæri skuldbindingum og árangri í alþjóðasamstarfi, að setja skýrari markmið í þróunarsamvinnu, byrja kosningabaráttu snemma og vera ákveðin.

Með því að leggja meira af mörkum til friðargæslu SÞ geta aðildarríkin styrkt stöðu sína innan SÞ, segir í skýrslunni. Norðurlöndin hafa í dag einungis 288 manns í friðargæsluaðgerðum sem leiddar eru af Sameinuðu þjóðunum, þrátt fyrir góðan orðstír í friðargæslustörfum. IPI leggur til að Finnland leggi meira af mörkum til lausna átaka í Afríku. Sama verkefni er á dagskrá sænsku ríkisstjórnarinnar, sem samþykkti nýlega að senda 70 friðargæsluliða til Malí. Því þyrfti að fylgja eftir með enn frekara framkvæði.

Einmitt nú er mikið rætt um mikilvægi þess að styrkja norræna samvinnu. Því eru ummæli utanríkisráðherra Svíþjóðar, Carls Bildt, um að hverfa eigi frá norrænni samvinnu um málefni SÞ og samræma þau heldur innan ESB bæði órökrétt og óheppileg. Með samstarfi um málefni SÞ taka Norðurlöndin sýnilega ábyrgð á störfum Sameinuðu þjóðanna. Það er sérstaklega mikilvægt fyrir Ísland og Noreg, sem eru ekki í ESB.

IPI-skýrslan hringir bjöllum á Norðurlöndum og er ákall um endurnýjaðan stuðning við SÞ. Sænska ríkisstjórnin tilkynnti fyrir níu árum um framboð sitt í sæti í Öryggisráðinu 2017-2018. Til að standa undir slíku framboði þarf fjármagn, mannafla og umfram allt pólitískan vilja. Með afdráttarlausum vilja, skýru upphafi á kosningabaráttu og stuðningi frá grannríkjunum gæti gilt fyrir Norðurlöndin að allt er þegar þrennt er, varðandi þátttöku í Öryggisráði SÞ.

*Greinin birtist á Norðurlöndunum í dag, föstudaginn 13. september 2013.*



†

Hjartkær eiginmaður minn,

**ÓSKAR VIGFÚSSON**

lést á hjúkrunardeild Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 11. september.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 20. september kl. 11.00.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Elín Kristjánsdóttir**



†

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**VALGERÐUR KRISTJÁNSDÓTTIR**

sem lést þriðjudaginn 10. september síðastliðinn, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju mánudaginn 16. september kl. 13.00.

**Björn Magnússon** **Ragnheiður Halldórsdóttir**
**Hulda Kristín Magnúsdóttir**
**Jóhanna Magnúsdóttir** **Jón Friðrik Snorrason**
**Brynjólfur Magnússon** **Þóra Ingvadóttir**
**Charlotta Ragnheiður Magnúsdóttir**
**börn og barnabörn.**



†

Bróðir minn,

**ÞORGRÍMUR PÁLSSON**
**frá Bakka, Skagaströnd,**
**Hrafnistu, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 7. september. Útför hans fer fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 17. september kl. 11.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hins látna eru vinsamlegast beðnir um að láta dvalarheimilið Hrafnistu njóta þess.

**Páll J. Pálsson**



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**EINAR ÞORKELSSON**
**forstjóri,**
**Hamrahlíð 29, Reykjavík,**

lést laugardaginn 7. september að hjúkrunarheimilinu Eir. Jarðarförin fer fram frá Guðríðarkirkju í Grafarholti þriðjudaginn 17. september klukkan 15.00.

**Lýdía Þorkelsson**
**Oddur Carl Einarsson** **Sigríður Elín Sigfúsdóttir**
**Rannveig Alma Einarsdóttir** **Ellert Kristján Steindórsson**
**Gunnlaug Helga Einarsdóttir** **Helgi Jóhannesson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**SIGURÐAR JÓHANNS STEFÁNSSONAR**
**fv. bónda Stærra- Árskógi,**
**Viðilundi 24, Akureyri.**

**Helga Sólveig Jensdóttir**
**Anna Lilja Sigurðardóttir** **Erlingur Tryggvason**
**Jens Sigþór Sigurðsson**
**Margrét Sigurðardóttir** **Hannes Ragnar Reynisson**
**Stefán Júlíus Sigurðsson** **Guðrún Jóna Karlsdóttir**
**Signý Sigurðardóttir** **Sigþór Harðarson**
**Jónas Ingi Sigurðsson** **Berglind Sigurpálsdóttir**
**Brynja Sigurðardóttir** **Jón Marteinn Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Haustútsalan**
**er hafin hjá Graníthöllinni**

Mikið úrval fallegra legsteina
sjá nánar á granitholIin.is



Graníthöllin legsteinar
Bæjarhrauni 26 - Hafnarfirði
Sími 555 38 88

# Fer sínar eigin leiðir

Halli Reynis hefur gefið út safnplötuna Skuggar. Hún hefur að geyma lög frá tuttugu ára ferli hans. Halli hefur tvívegis tekið þátt í Eurovision.

Trúbadorinn Halli Reynis gaf á dögunum út safnplötuna Skuggar. Hún hefur að geyma tuttugu lög frá tuttugu ára ferli hans.

Flest lögin eru tekin af sjö sólóplötum hans en einnig eru þar þrjú áður óútgefin lög og önnur sem hafa ekki komið út á plötu með honum.

„Ég held að mér hafi tekist ágætlega að koma þessu til skila. Samt finnst mér að það hefðu alveg getað verið tuttugu lög í viðbót en ég er mjög sáttur við þetta,“ segir Halli Reynis um plötuna.

Tvö lög af henni tóku þátt í Söngvakeppni Sjónvarpsins, Ef ég hefði vængi og Vinátta, sem tók þátt síðastliðið vor. „Það er rosalega gaman að taka þátt í Eurovision, bara gleði.“

Halli hefur alla tíð sungið sín eigin lög og texta og gefið plöturnar sínar út sjálfur. Hann segist hafa orðið tónlistarmaður einhvern veginn af sjálfu sér. „Draumurinn var ekki að verða frægur heldur bara að hafa gaman af því að spila tónlist,“ segir hann. „Það má segja að ég sé ánægðastur með það eftir tuttugu ár að mér finnst ég hafa staðið með sjálfum mér. Ég hef ekki selt mig heldur staðið í lappirnar og farið eftir þeim leiðum sem mér hefur þótt henta mér. Það leiðinlegasta sem mér finnst oft við bransann er að „hæpa“ upp eitthvað sem er innistæðulaust.“

Halli hefur lítið spilað undanfarið en ætlar að vera sjáanlegri í vetur. Tónleikar á Rósenberg eru fyrirhugaðir um miðjan október.

freyr@frettabladid.is

## Tónleikaplata og vesturfarar

Þrátt fyrir að sjö ár séu liðin frá síðustu plötu hans sem eingöngu var með nýju efni er hann ekki með aðra slíka í bígerð. Þess í stað vill hann taka upp tónleikaplötu, auk þess sem hann er að vinna efni sem fjallar um íslenska vesturfara sem hefur átt hug hans allan undanfarið.



**HALLI REYNIS** Trúbadorinn Halli Reynis hefur gefið út safnplötuna Skuggar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Björn og Pamela fengu styrk

Lista- og menningarráð Kópavogs styrkir Björn Thoroddsen og Pamelu De Sensi.

Lista- og menningarráð Kópavogs hefur gert þriggja ára samning við listamennina Björn Thoroddsen gítarleikara og Pamelu De Sensi flautuleikara.

Lista- og menningarsjóður styrkir þar með menningarviðburði í Kópavogi sem þau hafa haft frumkvæði að um samtals þrjár milljónir króna á ári. Björn fær styrk til að halda djass- og blúshátíð í Salnum í Kópavogi og Pamela til að halda Ormadaga, menningarhátíð barna, í samstarfi við menningar- og safnahús á Borgarholtinu.

Karen E. Halldórsdóttir, formaður lista- og menningarráðs, segir að með þessu sé verið að gera listamönnunum kleift að undirbúa viðburðina betur fram í tímann. Djass- og blúshátíð Kópavogs og Ormadagarnir hafa notið mikilla vinsælda undanfarin ár.

Djass- og blúshátíðin er haldin að hausti með jafnt innlendum sem erlendum tónlistarmönnum. Næsta hátíð hefst fimmtudaginn 3. október. Ormadagarnir hafa verið haldnir á vorin. Tilgangur þeirra er að efla lista- og menningarfræðslu leik- og grunnskólabarna í Kópavogi. Þúsundir barna hafa tekið þátt í þeim undanfarin misseri.

Tugir listamanna fá styrk úr lista- og menningarsjóði á ári hverju en með því er verið að auðga lista- og menningarlífið í Kópavogi. Tekjur lista- og menningarsjóðs eru 0,5% af 6,7% útsvarsstofni.



**FENGU STYRK** Björn Thoroddsen og Pamela De Sensi við undirskriftina.

†

Okkar ástkæra móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**ANNA LAUFEY STEFÁNSDÓTTIR**

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk 10. september sl. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 20. september kl. 15.00.

**Skafti Þ. Halldórsson** **Sigríður Hagalínsdóttir**
**Brynjólfur Gíslason** **Gerður Þórisdóttir**
**Hafdís Inga Gísladóttir** **Gunnar Einarsson**
**Vigdís Braga Gísladóttir** **Hlynur Ívar Ragnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**HALLDÓRA H. STEPHENSEN**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 4. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ólafía G. Leifsdóttir** **Einar S. Guðmundsson**
**Hannes L. Stephensen** **Anna Guðlaugsdóttir**
**Ásdís Leifsdóttir**
**Hanna H. Leifsdóttir** **Guðmundur H.S. Guðmundsson**



†

Fósturmóðir mín og systir okkar,

**GUÐBJÖRG SVEINSDÓTTIR**
**frá Tjörn,**
**Meistaravöllum 15, Reykjavík,**

verður jarðsungin frá Áskirkju mánudaginn 16. september næstkomandi klukkan 13.00.

**Hörður Steinsson**
**Þorgeir Sveinsson**
**Sigurlaug Sveinsdóttir**
**Guðrún Sveinsdóttir**
**Steinn Sveinsson**
**Sveinn Sveinsson**



†

Eiginkona mín og móðir okkar,

**GUÐNÝ MAGNÚSDÓTTIR**
**fyrrverandi húsfreyja Öngulsstöðum,**

lést föstudaginn 6. september. Jarðsett verður frá Munkaþverárkirkju mánudaginn 16. september kl. 13.30.

**Sigurgeir Halldórsson**
**Jóhannes Geir Sigurgeirsson** **Ragnheiður Ólafsdóttir**
**Halldór Sigurgeirsson** **Sigríður Ása Harðardóttir**
**Jóna Sigurgeirsdóttir** **Lúðvík Gunnlaugsson**
**Snæbjörg Sigurgeirsdóttir** **Friðrik Friðriksson**
**og fjölskyldur.**



13. SEPTEMBER 2013
15. tölublað 1. árgangur
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2



# ÍSLAND GOT TALENT

## GLÆSILEGASTA VETRARDAGSKRÁIN FRÁ UPPHAFI

# Svolítill **sjónvarpsplebbi**

**Hausthátíð** Það verður erfitt að segja skilið við sjónvarpssófann í vetur því dagskráin á Stöð 2 rígheldur áhorfendum við skjáinn. Dagskrána kynnir Logi Bergmann í Haustpartíi í kvöld.

**„Mér finnst mikið atriði að fólk fari áhyggjulaust og á réttan hátt inn í helgina og slaki aðeins á. Það er samt ekki þar með sagt að þetta verði bara einhver froða!**

*Logi Bergmann*

„Ef ég gæti valið þrjár persónur úr mannkynssögunni til að mæta til mín í settið þætti mér fínt að fá Bítlana í hljómsveitarþátt. George gæti þá bara setið undir Ringó og það væri sennilega frekar áhugavert,“ segir Logi Bergmann, sem mætir aftur á skjáinn með Loga í beinni þann 20. september.

Logi segir þáttinn verða með svipuðu sniði og áður. „Þetta verður léttur spjallþáttur með skemmtilegri tónlist og áhugaverðum gestum. Mér finnst mikið atriði að fólk fari áhyggjulaust og á réttan hátt inn í helgina og slaki aðeins á. Það er samt ekki þar með sagt að þetta verði bara einhver froða!“ segir Logi og hlær.

Gestir Loga þurfa að uppfylla nokkrar kröfur. „Þeir þurfa að vera skemmtilegir, áhugaverðir og hafa frá einhverju að segja. Þá skiptir í raun ekki máli hvort þeir hafi komið áður.“

Eftirminnilegasti gestur Loga er leikarinn og leikstjórinn Benedikt Erlingsson. „Benedikt er skemmtilega óútreiknanlegur og maður lendir dálítið í honum. Hann tók kast á mig í fyrstu heimsókn sinni í þáttinn fyrir hvað ég var mikill plebbi og þátturinn ekki nógu menningarlegur. Þorsteinn Gunnarsson, Jón Gnarr og Anna Svava eru líka í uppáhaldi; svona eins og fólk hefur sennilega tekið eftir,“ segir Logi sposkur.

Í kvöld mætir Logi á skjáinn sem gestgjafi í Haustpartíi Stöðvar 2. Hann lofar lífl egri skemmtidagskrá og góðum gestum í bland við kynningu á spennandi dagskrárliðum Stöðvar 2 á vetri komanda. Haustpartíið verður sýnt í beinni útsendingu á Stöð 2 klukkan 18.55 í kvöld.

„Veturinn er virkilega spennandi á Stöð 2. Það er mikill kraftur í innlenda efninu og alls konar nýir, íslenskir þættir sem ég hlakka til að sjá. Á skjáinn eru líka væntanlegir nýir og freistandi erlendir þættir í bland við gamla kunningja,“ segir Logi og viðurkennir að hann sé dálítill plebbi hvað sjónvarpsáhorf varðar.

„Ég er plebbi af því að ég horfi á The Mentalist og American Idol. Ég hlakka svo mikið til að sjá Ástríði, nýju þættina hennar Lóu Pind, Eitthvað annað, og Óupplýst lögreglumál með Helgu Arnardóttur. Einnig Blacklisted með James Spader og 24, sem snýr aftur. Aðrir uppáhaldsþættir mínir eru Bones, Homeland og Orange Is the New Black.“

Til gamans má geta að dagskrá Stöðvar 2 verður opin og ólæst alla helgina.

**„Ég nýt alls matar sem útbúinn er af natni úr fersku og góðu hráefni.**

# Veturinn getur verið svo notalegur

## Hið blómlega bú

Hefst á Stöð 2 í nóvember.

**Þáttaröðin Hið blómlega bú sló eftirminnilega í gegn á Stöð 2 síðastliðið vor, en áhorfendur kunnu vel að meta matreiðslumanninn Árna Ólaf Jónsson og frumraun hans í búskap og eldamennsku fyrir framan myndavélarnar í íslenskri sveit. Það gleður því eflaust marga að vita að nýrrar þáttaraðar er að vænta af Hinu blómlega búi í nóvember þar sem notaleg vetrarstemning mun ríkja.**

**Þó að Árni Ólafur hafi hreint ekki verið neinn nýgræðingur í eldhúsinu þegar Hið blómlega bú leit dagsins ljós var hann þar að þreyta frumraun sína í sjónvarpi. Hann segir að honum og leikstjóra og framleiðanda þáttanna hafi því komið viðtökurnar skemmtilega á óvart.**

**„Við vissum hreinlega ekki hverju við áttum að búast við. Viðfangsefnið heillaði okkur – íslenska sveitin, maturinn og hefðirnar – og töldum við að fleiri væru í svipuðum pælingum. Það reyndist rétt og erum við hæstánægð með viðtökurnar.“**

**Í nýju þáttaröðinni verður sem fyrr segir áhersla á vetrarlegan mat og matarhefðir.**

**„Við ætlum að halda áfram á svipuðum nótum og í fyrri þáttaröðinni og fylgjast með lífinu í sveitinni, kíkja í heimsókn til bænda, elda góðan mat og vinna hann sem mest frá grunni. Veturinn getur verið svo notalegur og það er margt spennandi sem hægt er að gera á þessum árstíma,“ segir Árni Ólafur.**

**En hvað skyldi vera eftirlætismatur sjónvarpskokksins rómaða?**

**„Það er enginn einn réttur í uppáhaldi hjá mér; bragðlaukarnir eru alltaf að sækjast í mismunandi hluti. Ég er í Hollandi þessa stundina og þar sem ég gisti eru epla-, plómu- og mórberjatré í garðinum og því leitar hugurinn núna í bökur og sultur. Ég nýt alls matar sem útbúinn er af natni úr fersku og góðu hráefni.“**






365 MIÐLAR | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal | Hönnun: Jónas Unnarsson

# Óþekktir örlagavaldar

**Ástríður 2** Hefst á Stöð 2 á sunnudaginn.

> **Það svífur sama stemning yfir vötnum í nýju seríunni. Það er helst að gengið sé lengra í húmor og drama.**
> *Silja Hauksdóttir*

„Þegar við skrifuðum þættina veltum við því fyrir okkur hvar okkur fyndist eðlilegt að Ástríður væri stödd, hvaða veggi hún þyrfti að rekast á og bjuggum þá svo til. Ástríður hefur breyst. Hún hefur forherst eftir ástarsorg og tekur hlutina á hörkunni núna,“ segir Ilmur Kristjánsdóttir, leikkona og handritshöfundur hinna vinsælu sjónvarpsþátta um Ástríði.

Þegar sagan hefst í annarri þáttaröð er Ástríður orðin yfirmaður hóps starfsmanna í skilanefnd óskilgreinds banka og ekki alls kostar sátt við lífið.

„Nei, Ástríður er frekar leiðinlegur yfirmaður,“ segir Ilmur. „Hún bannar til dæmis allt félagslíf í vinnunni og fleira. Undirmenn hennar geta lítið annað gert en tekið þessu. Nú er hún í aðstöðu til að reka fólk svo það þarf að vara sig á henni. Það má segja að hún sé á vondum stað.“

Í fyrstu þáttaröðinni var Ástríður nýr starfsmaður á nýjum vinnustað og hafði ekki mörg tækifæri til að gera gloríur. Aðrir starfsmenn sáu um gloríurnar þá en nú segir Ilmur komið að Ástríði. Fólk muni þó þekkja sína Ástríði aftur.

„Já, já, við erum ekki að tala um persónuleikabreytingar. En Ástríður þarf að þroskast og læra og það gerir hún í þessari seríu. Vonandi.“

## Óþekktir örlagavaldar

„Aðstæður Ástríðar hafa breyst, í starfi og lífi, þegar við hittum hana fyrir í annarri seríu. Það hefur ýmislegt gerst milli sería sem áhorfendur fá að finna út smám saman eftir því sem líður á,“ segir Silja Hauksdóttir leikstjóri. Upptökum á annarri seríunni af Ástríði er lokið og hefur þáttaröðin göngu sína á Stöð 2 á sunnudaginn.

„Þetta gekk allt frábærlega vel. Allir vissu vel hvað þeir voru að gera og við vorum vel undirbúin. Í tökunum sjálfum vorum við bara að gera gott betra,“ segir Silja og lofar því að aðdáendur Ástríðar verða ekki sviknir.

„Það svífur sama stemning yfir vötnum í nýju seríunni. Það er helst að gengið sé lengra í húmor og drama. Áhorfendur munu hitta allt sitt fólk aftur og gott betur því það koma fram nýjar persónur sem verða örlagavaldar. Okkar gömlu vinir eru samir við sig en margir þeirra þó að feta nýjar slóðir,“ segir Silja en fæst ekki til að ljóstra fleiru upp. Hún segir vel líklegt að seríurnar um hina seinheppnu Ástríði verði fleiri.

„Hún á allavega nóg inni hún Ástríður og er langt því frá orðin fullnuma í að skapa vandræði. Hún er bara mannleg og breysk eins og við öll. Það er Ástríður í okkur öllum.“






> **Þeir tveir sem töpuðu glímunni í ár verða látnir leika Bjarna Ben og Sigmund Davíð í vetur.**

# Ábyrg umfjöllun um menn og málefni

## Spaugstofan
Hefst á Stöð 2 28. september.

„Eins og endranær mega áhorfendur búast við ábyrgri en umfram allt þjóðmenningarlegri umfjöllun um menn og málefni,“ segir Karl Ágúst Úlfsson, spurður um komandi vetur hjá hinni einu sönnu Spaugstofu.

„Við reiknum með að fá allar okkar húsnæðisskuldir felldar niður og munum greina nákvæmlega frá því jafnóðum og þær gufa upp. En þetta gerum við nú bara vegna þess að við kusum allir stjórnarflokkana. Að öðru leyti munum við áfram styðja kvótakerfið, orkusölu með botnlausu tapi og niðurfellingu svokallaðrar menningar.“

***Sem fyrr manna Spaugstofuna, auk Karls, þeir Sigurður Sigurjónsson, Pálmi Gestsson og Örn Árnason. Þar sem hlutverk þeirra hefur verið að gera grín að mönnum og málefnum hljóta efnistökin að ráðast af því hver situr við stjórnvölinn í landinu hverju sinni. Hvað gerðu þeir félagar við síðustu stjórnarskipti? Settust þeir niður og skiptu með sér hlutverkum hinna nýju ráðherra?*** „Nei, við fórum í bændaglímu. Sá sem felldi alla hina, helst á sniðglímu á lofti, fékk að velja sér tvö hlutverk, sem hann vill alls ekki leika. Við nefnum engin nöfn, en þeir tveir sem skíttöpuðu glímunni í ár verða látnir leika Bjarna Ben og Sigmund Davíð í vetur. Enn hefur þó enginn tapað nógu stórt til að fá Vigdísi Hauksdóttur í sinn hlut,“ segir Karl Ágúst.

***En hverjum er skemmtilegast að herma eftir?*** „Hver öðrum. Sérstaklega höfum við gaman af að herma eftir Pálma þegar hann er að herma eftir Ólafi Ragnari.“


Hilmir Snær Guðnason
Þórir Sæmundsson
Guðbjörg Thoroddsen
Rúnar Freyr Gíslason
Þóra Karítas Árnadóttir
Kjartan Guðjónsson
Björn Hlynur Haraldsson
Ilmur Kristjánsdóttir
Ástríður 2
Ástríður snýr aftur klaufskari en nokkru sinni fyrr og ástarmál hennar leika svo sannarlega ekki smærra hlutverk í þessari þáttaröð. Óborganlegar aðstæður elta hana á röndum og fjármálageirinn bókstaflega riðar í hvert sinn sem Ástríður mætir til vinnu á morgnana. Fyrri þáttaröðin sló rækilega í gegn og Ilmur Kristjánsdóttir var tilnefnd til Edduverðlaunanna fyrir túlkun sína á Ástríði.

# Forsetinn **skal deyja**

**Hostages** Hefst 30. september á Stöð 2.

> **„Þættirnir eru skrifaðir af mikilli snilld og þótt ég þættist viss um hvað gerðist næst hafði ég aldrei rétt fyrir mér.**
> *Toni Collette*

Einn af mikilsvirtustu skurðlæknum Bandaríkjanna er fenginn til að skera upp forseta Bandaríkjanna. Kvöldið fyrir aðgerðina gera hryðjuverkamenn innrás á heimili skurðlæknisins og taka fjölskylduna í gíslingu. Lausnargjaldið? Að láta forsetann deyja á skurðarborðinu; að öðrum kosti er úti um fjölskyldu læknisins.

Þannig spinnst söguþráður í einni af viðamestu erlendu þáttaröð vetrarins á Stöð 2.

Þættirnir fara í loftið mánudagskvöldið 30. september og skarta áströlsku verðlaunaleikkonunni Toni Collette í hlutverki skurðlæknisins dr. Ellen Sanders. Leikkonan segir umboðsmenn sína hafa verið nógu snjalla til að ljóstra engu upp um söguþráðinn þegar henni bauðst að lesa handritið.

„Þættirnir eru skrifaðir af mikilli snilld og á gáfulegan máta og þótt ég þættist viss um hvað gerðist næst hafði ég aldrei rétt fyrir mér. Spennan greip mig heljartökum og ég gat ekki með nokkru móti lagt handritið frá mér,“ segir Collette, sem með Hostages fagnar því einnig að leika loks eina sögupersónu eftir að hafa leikið margskiptan persónuleika í sjónvarpsþáttunum The United States of Tara.

Í hinu aðalhlutverki Hostages er sjarmatröllið Dylan McDermott í hlutverki Duncans Carlisle, föðurlandssvikara innan FBI og foringja hryðjuverkamannanna.

„Í hlutverki Carlisle er ég ekki bara vondur karl sem gerir ljóta hluti, að baki illvirkisins liggur verulega góð ástæða sem smám saman verður ljósari þótt áhorfendur hafi aldrei í hendi sér hvert söguþráðurinn stefnir,“ upplýsir McDermott.

Hostages kemur úr smiðju Jerrys Bruckheimer sem fær áhorfendur til að sveiflast í óvissu um hvað sé rétt og rangt. Þeir upplifa viðleitni dr. Sanders við að bjarga fjölskyldu sinni, leyndarmál fjölskyldumeðlima og persónulegt mótlæti Carlisle sem liggur að baki sviksamlegum aðgerðum hans.




# Bara **hamingja og gleði**

**Sælkeraferðin**
Hefst á Stöð 2 19. september.

**Heilsugengið**
Hefst á Stöð 2 í janúar.

Það gleðjast eflaust margir yfir endurkomu einnar ástsælustu sjónvarpskonu landsins á Stöð 2, en Vala Matt ætlar að sjá um tvo ólíka þætti á Stöð í vetur.

Hún ríður á vaðið þann 19. september næstkomandi með þáttum sem nefnast Sælkeraferðin. Þar ferðast Vala í kringum Ísland og heimsækir annálaða sælkera.




„Við förum í ævintýralegt ferðalag um Ísland, hittum dúndurskemmtilegt fólk og lærum að elda dýrindis mat,“ segir Vala um þættina góðu.

Eftir áramótin ætlar Vala, ásamt fleirum, að huga að heilsunni í þáttunum Heilsugengið.

„Í þáttunum fáum við að fylgjast með þekktum einstaklingum sem eru að kljást við hversdagsvandamál og jafnvel sjúkdóma tengda mataræði og lífsstíl. Við fáum að vita hvaða fæðutegundir við eigum að borða til þess að veita okkur ró, hvaða mat við eigum að borða til þess að verða orkumeiri, hvaða mat við getum notað til að líta betur út og hvað við eigum að borða til að finna fyrir meiri gleði. Ekkert meinlæti, bara hamingja og gleði,“ lofar Vala.

Heilsugengið dregur nafn sitt af Völu og sérfræðingunum tveimur sem verða henni til halds og trausts í þáttunum góðu. „Þorbjörg Hafsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur og næringarþerapisti, mun taka viðmælendur í heilsugreiningu og gefa síðan fagleg ráð um breytt mataræði og lífsstíl. Sólveig Eiríksdóttir, heilsukokkur og besti hráfæðiskokkur heims, kemur svo og býr til dýrindis heilsumat í samræmi við ráðleggingar Þorbjargar.“


HOSTAGES




UPPLEVA er einstök vara sem sameinar sjónvarp, hljóðkerfi og húsgagn. Útkoman er heildarlausn sem gerir stofuna stílhreinni með földum snúrum, þráðlausu bassaboxi og öllu er stjórnað með einni fjarstýringu. Upplifðu UPPLEVA í versluninni og kynntu þér tæknina á www.IKEA.is

**159.900,-**
**UPPLEVA 46" snjallsjónvarp**

**363.600,-**
**BESTÅ samsetning m/46" UPPLEVA snjallsjónvarpi og 2.1 hljóðkerfi**

© Inter IKEA Systems B.V. 2013


Hefur þú upplifað UPPLEVA?
5
ára
ÁBYRGÐ
UPPLEVA snjallsjónvörp og hljóðkerfi eru með 5 ára ábyrgð.
IKEA

# Besti nýi **spennuþátturinn**

## **The Blacklist** Hefst 26. september á Stöð 2.

> **„Þegar ég las handritið fannst mér sérstaklega spennandi að ég vissi aldrei hvað myndi gerast næst. Ég varð mjög forvitinn og rétt eins og áhorfendur vil ég láta koma mér á óvart.“**
>
> *James Spader*

Spennuþáttaröðin The Blacklist hefur göngu sína á Stöð 2 fimmtudaginn 26. september, strax í kjölfar frumsýningar þáttanna á NBC-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum. James Spader leikur aðalhlutverkið í þessum mögnuðu þáttum sem margir telja besta nýja sjónvarpsþáttinn í vetur.

The Blacklist hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu eftir að fyrsti þátturinn var forsýndur á árlegri kaupstefnu fyrir sjónvarpsstöðvar í Los Angeles sl. vor. Enginn nýr þáttur hefur vakið jafnmikla athygli og sjónvarpsstöðvar um víða veröld hafa keppst um sýningaréttinn á þáttunum.

James Spader snýr aftur á sjónvarpsskjáinn og leikur Raymond „Red“ Reddington sem er á lista bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, yfir hættulegustu glæpamenn heims. Í fyrsta þættinum gengur hann inn í höfuðstöðvar FBI og gefur sig fram. Hann býður fram aðstoð sína við að handsama aðra eftirlýsta glæpamenn og hryðjuverkamenn gegn því skilyrði að hann fái að vinna eingöngu með ungum nýliða innan FBI, Elizabeth Keen. Við tekur spennandi atburðarás sem heldur áhorfandanum spenntum frá upphafi til enda.

„Þessi þáttur býr yfir gífurlega miklum möguleikum og getur þróast í ýmsar áttir,“ segir Spader, sem er mjög vandlátur á hlutverk. „Þegar ég las handritið fannst mér sérstaklega spennandi að ég vissi aldrei hvað myndi gerast næst. Ég varð mjög forvitinn og rétt eins og áhorfendur vil ég láta koma mér á óvart.“

Raymond Reddington er mikill klækjarefur og býr yfir mörgum leyndarmálum. „Ég hef alltaf haft gaman að því að leika náunga sem eru til vandræða og Raymond Reddington hefur einstaklega gaman af því að skapa vandræði. Þess vegna finnst mér þetta hlutverk svo spennandi. Stundum gerir gott fólk slæma hluti og stundum gerir vont fólk góðverk. Raymond Reddington er bæði góður og slæmur.“




# Við erum **flottasta fólkið** í landinu

## **Veistu hver ég var?** Stöð 2 á laugardagskvöldum.

Siggi Hlö stjórnar einum vinsælasta útvarpsþætti landsins á Bylgjunni á laugardögum og ekki hafa vinsældirnar minnkað eftir að kappinn tók sér stöðu á sjónvarpsskjáum landsmanna á laugardagskvöldum í þættinum Veistu hver ég var? Þar sem andi níunda áratugarins svífur yfir vötnum.

***Hvernig hafa viðbrögðin verið við Veistu hver ég var? á Stöð 2?*** „Ótrúlega góð viðbrögð og öll eins og ég helst óskaði mér. Fólk hefur gaman af að sjá þessi gömlu myndbönd og finnst gaman að geta setið heima í stofu og svarað sjálft fullt af spurningum þótt það séu liðin ansi mörg ár.“

***Hvaða lag myndirðu aldrei spila í þættinum?*** „Það er erfitt að segja því á þessum tíma voru margar stefnur í gangi, diskó, fönk, pönk, popp og rokk. Það er kannski NunSexMonkRock með Ninu Hagen sem ég myndi sleppa, því myndbandið var svolítið brútal.“

***Hvaða keppendur hafa komið þér skemmtilega á óvart?*** „Nokkrir sem ég hélt að vissu allt vissu lítið og öfugt. Doddi litli á Rás 2 er rosalega góður í þessu, Guffi á Gauknum á góða innkomu og Kjartan Guðjónsson sýnir ótrúleg tilþrif í vælusímanum í þætti sem verður sýndur fljótlega.“

***Hvernig kemurðu þér í gírinn fyrir þáttinn?*** „Ég er með besta aðstoðarmann í heimi, Dj Fox. Saman peppum við okkur upp með því að hlusta á geggjuð lög frá þessum tíma.“

# Hefur komið í **allar sveitir**

## **Um land allt** Kristján Már verður á Stöð 2 á mánudagskvöldum í vetur.

Sjónvarpsþátturinn Um land allt í umsjón fréttamannsins Kristjáns Más Unnarssonar sló í gegn síðasta vetur. Þar heimsótti hann áhugavert fólk og byggðir á landsbyggðinni og kynnti fyrir landsmönnum. Kristján segir viðtökurnar ekki hafa komið á óvart. „Þátturinn fékk mikið áhorf og var einn vinsælasti þáttur stöðvarinnar og mældist stundum með meira áhorf en fréttir. Ég hef lengi fundið í starfi mínu að áhorfendur hafa mikinn áhuga á sjónvarpsefni af þessu tagi.“

Þótt þátturinn sé nýr hafa málefni landsbyggðarinnar lengi verið Kristjáni hugleikin. „Allt frá því ég hóf feril minn á Dagblaðinu fyrir 33 árum hefur það verið snar þáttur í starfinu að fara um landið og afla fanga sem víðast í fréttir af fólki, samfélögum og fyrirtækjum. Þegar ég svo fór yfir á Stöð 2 fyrir rúmum aldarfjórðungi hélt ég þessu áfram, að miðla frásögnum af mönnum og málefnum utan Reykjavíkur inn í fréttir og fréttainnslög. Í þessum þáttum núna gefst okkur færi á mun dýpri umfjöllun en stutt fréttainnskot bjóða upp á.“




THE BLACKLIST

# Stærsta hæfileikakeppni í heimi

**Ísland got talent** Hefst á Stöð 2 í vetur.

> **„Ég er algjör x-factor-, idol- og talent-lúði og hef horft á þetta allt. Ég varð því mjög spenntur þegar ég var beðinn um að taka að mér að vera kynnir í Ísland got talent.**
> *Auddi*

> **Þetta er vissulega ólíkt því sem ég hef áður gert en á endanum snýst allt um að vera maður sjálfur.**
> *Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir*

> **Við leitum öll að því í fari þátttakenda, þessum stóra 40 pundara.**
> *Bubbi*

> **Ég leita að einlægum náttúrutalentum. Ég veit að það er mikið af hæfileikaríkum Íslendingum þarna úti og ég hvet þá alla til að taka þátt.**
> *Þórunn Antonía*

> **Ég er líka mjög spenntur að sitja í dómarasæti við hliðina á þessu frábæra fólki.**
> *Jón Jónsson*

Ef þú, eða einhver sem þú þekkir, lumar á hæfileikum og munar um tíu milljónir króna ættir þú að halda áfram að lesa. Stöð 2 ætlar nefnilega að bjóða stærstu hæfileikakeppni heims velkomna hingað til lands þegar Ísland got talent verður hleypt af stokkunum. Fólki á öllum aldri er velkomið að taka þátt og skiptir þá engu hvort hæfileikarnir eru á sviði tónlistar, leiklistar, galdra, uppistands, íþrótta, dans, áhættuatriða eða einhvers annars. Eins mega hópar skrá sig til leiks og ekkert aldurstakmark er í keppnina. Þó ber að taka fram að þátttakendur undir 18 ára aldri þurfa undirskrift forráðamanns.

Það er sjónvarpsmaðurinn góðkunni Auðunn Blöndal sem verður í hinu vandasama hlutverki kynnisins. Auddi hefur stjórnað einum vinsælasta útvarpsþætti landsins, FM 95BLÖ, undanfarið en hefur einnig verið einn af vinsælustu sjónvarpsmönnum landsins undanfarin ár.

Dómararnir í keppninni eru ekki af verri endanum en í dómnefndinni eru fjórir hæfileikaríkir einstaklingar. Einn ástsælasti tónlistarmaður þjóðarinnar, Bubbi Morthens, hefur munninn fyrir neðan nefið auk áratugareynslu í tónlistarheiminum, sem og í dómarastörfum af þessu tagi. Þórunn Antonía Magnúsdóttir hefur þrátt fyrir ungan aldur gefið út plötur og stjórnað sjónvarpsþáttum. Auk þess hafa tónlistarmyndbönd hennar vakið athygli. Þúsundþjalasmiðurinn Jón Jónsson er ekki bara vinsæll tónlistarmaður, blaðamaður og knattspyrnumaður, hann er einnig afar viðkunnanlegur. Og þá er ótalinn fyrrverandi menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sem kemur ekki til með að liggja á skoðunum sínum.

Stærsti sjónvarpsviðburður vetrarins er því væntanlegur á Stöð 2.

## Auddi

***Hvernig leggst þátturinn í þig?*** Bara hrikalega vel. Ég er algjör x-factor-, idol- og talent-lúði og hef horft á þetta allt. Ég varð því mjög spenntur þegar ég var beðinn um að taka að mér að vera kynnir í Ísland got talent.

***Hvers hlakkar þú mest til?*** Að sjá hversu hæfileikaríkir Íslendingar eru. Ég held að verðlaunin, 10 milljónir, eigi eftir að draga nokkra fram sem ekki hafa mætt hingað til.

***Býstu við einhverjum kjánahrolli?*** Hann fylgir alltaf. Það verða örugglega einhverjir athyglissjúkir Auddar eða Sveppar sem láta sjá sig.

***Hefðir þú tekið þátt?*** Ég hefði örugglega tekið þátt ef þátturinn hefði verið sýndur fyrir nokkrum árum, bara til að sjá mig í sjónvarpi.

***Hvað hæfileika hefðir þú sýnt?*** Ætli ég hefði ekki dansað, tekið Jackson á þetta.

## Þorgerður Katrín

***Hvernig leggst verkefnið í þig?*** „Verkefnið leggst afar vel í mig. Ég held að þetta verði gríðarlega skemmtilegt, enda frábær hópur sem kemur að þættinum. Það er mikill heiður fyrir mig að fá að vinna með þessu ólíka en hressa fólki. Um leið gefur það mér tækifæri til að upplifa aðrar og fleiri hliðar á Íslendingum og vonandi uppgötva einhverja leynda hæfileika," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra, sem verður einn af dómurum þáttarins.

***Að hverju ertu að leita?*** „Ég mun leita eftir framkomu, einlægni, heiðarleika og frumleika. Þetta verður stórt skref fyrir hvern og einn keppanda og maður þarf að passa upp á að fólki líði vel á sviðinu," segir hún enn fremur. „Þetta er vissulega ólíkt því sem ég hef áður gert en á endanum snýst allt um að vera maður sjálfur. Mér getur fylgt einlægni en líka gassagangur. Ég hlakka mikið til, það verður gaman að fara út á land og hitta fólk. Vissulega er þetta svolítið nýtt verkefni sem ég er að takast á við, þetta er önnur tegund af fjölmiðlun en sú sem ég hef verið í samskiptum við lengi. Það verður skemmtilegt að kynnast þessu nýja starfi."

## Bubbi

***Hvernig leggst verkefnið í þig?*** „Þessi þáttur leggst mjög vel í mig. Hann er búinn að vera í undirbúningi í langan tíma. Svona hugmynd þarf að malla í potti í smá stund. Svo þarf að bragða á og setja krydd út í, þetta krydd og hitt kryddið, svo á endanum verður hugmyndin og þátturinn fullsköpuð."

***Að hverju ert þú að leita í Ísland got talent?*** „Ég er fyrst og fremst að leita að einhverjum sem fær mig til að standa á öndinni og segja vá! Við leitum öll að því í fari þátttakenda, þessum stóra 40 pundara."

***„Hvernig leggst keppnin í þig?*** Þetta leggst rosalega vel í mig og ég hlakka til. Þetta er krefjandi og spennandi verkefni."

## Þórunn Antonía

***Að hverju ertu að leita?*** „Ég leita að einlægum náttúrutalentum. Ég veit að það er mikið af hæfileikaríkum Íslendingum þarna úti og ég hvet þá alla til að taka þátt. Um leið tek ég ofan fyrir fólki sem leggur þetta á sig – að standa svona fyrir framan dómnefnd er auðvitað erfitt og ótrúlega krefjandi."

***Myndirðu taka þátt í svona keppni sjálf?*** „Ég var reyndar tólf ára þegar ég stökk upp á svið í hæfileikakeppni Tónabæjar. Ég var ekki einu sinni skráð í keppnina og kunni ekkert á karókí, en söng Frank Mills úr Hárinu án undirspils og vann. Í úrslitunum keppti ég svo meðal annars við Þorvald Davíð Kristjánsson, og vann þar líka."

## Jón Jónsson

***Hvernig leggst verkefnið í þig?*** Það leggst mjög vel í mig því ég á ekki von á öðru en flottum atriðum í keppnina enda til mikils að vinna. Ég er líka mjög spenntur að sitja í dómarasæti við hliðina á þessu frábæra fólki. Með þættinum rætist hjá mér draumur því ég er mjög veikur fyrir hæfileika- og raunveruleikaþáttum og sit jafnan límdur við skjáinn að horfa á sams konar þætti. Maður á því eftir að komast í góðan gír; ekki spurning.

***Að hverju ert þú að leita í Ísland got talent?*** Ég leita fyrst og fremst að einlægum hæfileikum og tilgerðarlausum atriðum. Að þeim sem fylgja hjartanu og eru virkilega góðir í því sem þeir gera af sannfæringu og góðri tilfinningu.




# Spenntur í hvert skipti sem ég fer í heimsókn

**Heimsókn** Á Stöð 2 á miðvikudögum.

„Heimili fólks segir manni töluvert um það og ég er spenntur í hvert skipti sem ég fer í Heimsókn," segir Sindri Sindrason, sem stýrir samnefndum þætti á Stöð 2 í vetur. Heimsókn hóf göngu sína þann 4. september síðastliðinn, en um að ræða aðra þáttaröðina af þessum vinsæla þætti sem vakti mikla athygli í fyrra.

„Mér finnst alltaf best að taka viðtal, hvort sem er fyrir Ísland í dag eða Heimsókn, á heimili viðmælandans því þar er hann á heimavelli og samtölin verða afslappaðri og eðlilegri en í stúdíói. Ég geri mér grein fyrir að það er ekki sjálfsagt að fólk hleypi allri þjóðinni inn á sitt heilagasta svæði og ég er afar þakklátur fyrir hvað mér hefur verið tekið vel." Sindri segist ekki hafa neitt sérstakt heimili efst á óskalistanum fyrir Heimsókn.

„Markmið mitt er ekki að heimsækja heimili eftir mínum smekk heldur að hafa þau sem ólíkust og viðmælendurna líka. Ég hef oft sagt þáttinn vera blöndu af Innliti/útliti og Sjálfstæðu fólki og ætla að halda því áfram. Þættirnir verða sextán talsins og verða alla vega til jóla. Við munum heimsækja stór hús, lítil, nýtískuleg og gamaldags, t.d. flotta piparsveinaíbúð, glæsilegt sveitasetur, við sýnum fyrir/eftir breytingar, biskupssetrið, heimili Íslendinga í útlöndum og hvernig breyta megi á ódýran hátt."

> **„Ég geri mér grein fyrir að það er ekki sjálfsagt að fólk hleypi allri þjóðinni inn á sitt heilagasta svæði og ég er afar þakklátur fyrir hvað mér hefur verið tekið vel.**
> *Sindri Sindrason*


ÍSLAND GOT
TALENT

# Lífshættan er vinsælust

**Ísland í dag** Fólkið á bak við Ísland í dag hefur puttana á þjóðarpúlsinum hvort sem viðfangsefnið er á alvarlegum nótum eða í léttari kantinum. Fram undan er hörkuspennandi vetur.

„Nærmyndir af fólki hafa alltaf verið vinsælastar í Íslandi í dag; sögur af fólki í óvenjulegum aðstæðum, ásamt baráttu- og sigursögum. Einnig innslög þar sem mikill hraði og spenna koma við sögu, helst þar sem við höfum verið í „lífshættu“ eins og fallhlífarstökki, með Landhelgisgæslunni, löggunni, sjúkraflutningamönnum eða einhvers staðar úti á ballarhafi eða uppi í háloftum,“ segir Sindri Sindrason, ritstjóri og einn þáttagerðarmanna Íslands í dag.

Sindri segir veturinn fram undan vera spennandi. „Við ætlum að henda okkur í hvert snilldarefnið á fætur öðru en helsta breytingin verður eflaust sú að mánudagar verða fréttatengdari en hingað til.“

Auk Sindra starfa við þáttinn þau Ásgeir Erlendsson og Hugrún Halldórsdóttir en nýliðinn í hópnum er Birta Björnsdóttir.

„Hópurinn samanstendur af ólíkum einstaklingum sem hafa menntað sig á ólíkum sviðum í háskóla og við bjóðum Birtu hjartanlega velkomna í þáttinn.“

Sindri kveðst ekki geta gert upp á milli viðmælenda sinna.

„Flestir viðmælenda minna eru eftirminnilegir á einhvern hátt. Mörg af þeim málefnum sem við tökum fyrir eru viðkvæm og erfið fyrir fólk að tala um. Við gerum okkur fyllilega grein fyrir þessu og að flestir viðmælenda okkar eru óvanir sjónvarpi. Ég hef nú verið í Íslandi í dag í yfir fimm ár og á Stöð 2 hátt í tíu ár og held að fólk sé farið að þekkja hvernig maður gerir hlutina. Það vinnur með okkur.“

En hvernig kemur lýðveldið Ísland Sindra fyrir sjónir í dag? „Vonandi erum við á réttri leið eftir hrunið en ég held að við þurfum að passa okkur á að vera ekki of rétthugsandi og muna að það þarf að vera pláss fyrir fleiri skoðanir en eina. Þó svo að allir séu ekki sammála manni þýðir það ekki að viðkomandi viti ekki betur eða skilji ekki hlutina.“






# Stærsta frétt

**Fréttastofur 365 miðla;** ritstjórn Frétt voru sameinaðar í eina um miðjan maí. M ásamt Ólafi Þ. Stephensen ritstjóra og úr

Ráðist var í sameiningu fréttastofanna með það að markmiði að draga úr tvíverknaði og nýta betur krafta þeirra rúmlega hundrað starfsmanna sem koma að fréttum miðlanna. „Þetta hefur tekið tvo til þrjá mánuði, nú er rykið að setjast og fólk að finna sína fjöl. Á þessum skamma tíma hefur okkur tekist að búa til stærstu fréttastofu landsins. Þetta hefur gengið ótrúlega vel. Vonum framar. Fréttamenn eru reyndar þeirra gerðar að þeir kunna að koma að auðu blaði. Hver dagur er öðrum frábrugðinn og það er meðal annars það sem gerir starf fréttamanns að skemmtilegasta starfi sem fyrir finnst,“ segir Mikael.

Hann segir magnað að fylgjast með fólkinu sem starfar á fréttastofu Stöðvar tvö. „Þú finnur varla vinnustað þar sem hraða. Fréttamenn mæta á mo undir og hlutirnir eru fljótir a fréttastofu Stöðvar 2 vinnur s sem er vanur að vinna undir g og standa skil á sínu að kvöldi.

Fréttastofa Stöðvar 2 býr að fólks og þar hefur verið lagt u blanda saman fólki með reyns leikafólki. „Fjölmiðlar hafa la það besta og kraftmesta fólk s lifandi og brennandi af áhuga

Sameinuð fréttastofa hefur margir fréttamenn vinna j fréttir fyrir ólíka miðla. „Á fr litið svo á að það séu vinnubrö

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## HORN Á HÖFÐI

**Hið vinsæla barnaleikrit Horn á höfði verður sýnt í Tjarnarbíói á sunnudag. Sýningin var valin Barnasýning ársins 2010 á Grímunni.**


PRÓGASTRÓ

Inniheldur hinn öfluga DDS1 ASIDÓFÍLUS!



PRENTUN.IS / www.gengurvel.is

2 hylki á morgnana geta gert kraftaverk fyrir meltinguna

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum



DRIVE-IN

Vesturlandsvegi

Heit og klár í hádeginu

12" m/pepperoni og 0,5 l. Coke

990

gildir frá 11:30 - 13:00



wilsons.is

561 15 15




# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að úrbeinuðu steiktu kjúklingalæri með hvítvínsbættri villisveppasósu. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina.

Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

**ILMANDI** Ljúffengt læri frá Holta. MYND/STEFÁN

## ÚRBEINUÐ STEIKT KJÚKLINGALÆRI MEÐ HVÍTVÍNSBÆTTRI VILLISVEPPASÓSU

**FYRIR 4**

800 g úrbeinuð kjúklingalæri frá Holta
3 msk. olía
Salt og nýmalaður pipar
300 g villisveppir í bátum, t.d. lerkisveppir, furusveppir eða kóngasveppir. Einnig má nota kjörsveppi.
1 laukur, skorinn í báta
1 hvítlauksgeiri, smátt saxaður
1 búnt steinselja, smátt söxuð
1/2 msk. kjúklingakraftur
2 dl hvítvín eða mysa
60 g kalt smjör í teningum



Bankið lærin með buffhamri þannig að þau verði öll jafn þykk. Kryddið lærin með salti og pipar og steikið á heitri pönnu í 2 msk. af olíu í 3-4 mínútur á hvorri hlið eða þar til þau eru steikt í gegn. Takið þá lærin af pönnunni og haldið heitum. Bætið 1 msk. af olíu á pönnuna og steikið sveppina, laukinn og hvítlaukinn í tvær mínútur. Þá er kjúklingakrafti, steinselju og hvítvíni bætt á pönnuna og vínið soðið niður í síróp. Takið þá pönnuna af hitanum og bætið smjörinu saman við. Hrærið í með sleif þangað til smjörið hefur bráðnað. Eftir það má sósan ekki sjóða. Smakkið til með salti og pipar og berið strax fram með lærunum og til dæmis steiktum krumpukartöflum og grænkáli.


NÝ SENDING FRÁ BASLER!

Úrval af fallegum jökkum, einnig komu úlpur í mörgum litum.



BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



Flott föt fyrir flottar konur

Stærðir 38-58



Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Heilsuréttir Nings

Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Réttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli. Allir réttir okkar eru að sjálfsögðu án transfitu og MSG.



Sushi er frábær hollustufæða

NINGS



TRÖLLATREFJAR

| Næringargildi í 100g: | |
|---|---|
| Orka | 448 kJ / 107 kkal |
| Fita | 1,4g |
| þar af mett. fitusýrur | 0,7g |
| Kolvetni | 10,2g |
| Trefjar | 1,1g |
| Prótein | 10,8g |

MSG

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is




# SAFNAÐ LEIR Í 30 ÁR

**HELGIN** *Þorvaldur Rúnar Jónasson húsasmiður hefur safnað íslenskum leirmunum í tugi ára og á heljarinnar safn af ýmiss konar gömlu dóti. Nú segist hann þurfa að losa sig við það og opnar verkstæði og verslun.*

Ég hef gert við leirmuni fyrir fólk í nokkur ár og hef safnað þeim sjálfur í þrjátíu ár. Þetta var orðið það mikið að ég komst ekki fyrir á eldhúsborðinu með þetta," segir Þorvaldur Rúnar Jónasson, húsasmiður og safnari með meiru.

Rúnar safnar íslenskum leirmunum og á dágott safn af munum eftir Guðmund frá Miðdal, Fit og Funa og eftir Sigurð Arnórsson. Hann flutti nýlega viðgerðarverkstæðið af eldhúsborðinu heima hjá sér og niður á Kársnesbraut 114 í Kópavogi og ákvað þá að losa sig við eitthvað af munum. Rúnar hefur nefnilega ekki bara safnað leirmunum heldur á hann heljarinnar safn af húsgögnum, húsbúnaði, málverkum og fleiru. Hann opnar því verkstæði og verslun á morgun.

„Það er ofboðslega mikið til af alls konar hlutum, sem ég og fjölskyldan höfum ekkert að gera við. Það þarf að koma þessu út. Þetta hefur safnast að mér úr ýmsum áttum og sumt hefur legið í kössum í tuttugu ár. Mest eru þetta leirmunirnir en ég hef keypt þá víða, í Danmörku og Svíþjóð og úti í Bandaríkjunum. Svo veit fólk af þessum áhuga mínum og kemur ýmsu til mín. Það er gaman að stúdera þetta," segir Rúnar.

Íslenskir leirmunir eru talsvert í tísku þessa dagana og segist Rúnar fá mikið í viðgerð. „Unga fólkið er að koma með gamla hluti í viðgerð, sem legið hafa í geymslu í áratugi. Það er hægt að gera við nánast hvað sem er. Það snýst bara um þolinmæði," segir Rúnar.

En sér hann ekki eftir munum sem hann hefur safnað að sér í tugi ára? „Ég á svo mörg stykki af sama hlutnum. Auðvitað er enginn hlutur eins af leirmunum en ég sé ekkert eftir þeim. Svo bætist alltaf aftur í hjá mér. Ef ég læt einn þá fæ ég tvo til baka."

Rúnar opnar formlega á laugardaginn milli klukkan 12 og 16. Eftir það verður opið part úr degi þrisvar í viku og verðu hægt að fylgjast með opnunartímum á Facebook-síðunni: Hjá Rúnari – sala á gömlum munum og leirmunaviðgerðir.

■ heida@365.is




**SAFNAR ÍSLENSKUM LEIR** Þorvaldur Rúnar Jónasson, húsasmiður og safnari, hefur gert við leirmuni undanfarin ár. Hann hefur einnig safnað íslenskum leir og ýmiss konar gömlu dóti í tugi ára og opnar verkstæði og verslun á Kársnesbraut 114 í Kópavogi á morgun. MYND/PJETUR




**LEIRMUNIR** Hjá Rúnari er mikið magn leirmuna að finna í hillum.







# DJÚPSTEIKT GRÆNMETI

*Gott um helgina.*

Þeir sem þekkja japanska matarhefð hafa eflaust prófað tempura-grænmeti. Ýmiss konar grænmeti er skorið niður, dýft í deighjúp og djúpsteikt í olíu. Grænmetið verður sérlega stökkt og bragðgott með þessari aðferð og hentar vel sem meðlæti eða nasl. Ýmsar sósur er hægt að bera fram með grænmetinu; sojasósu, sweet chilisósu eða aðrar eftir smekk.

Hægt er að djúpsteikja hvaða grænmeti sem er og má þar nefna, kúrbít, eggaldin, papriku, gulrætur, sveppi, blómkál, spergilkál og sætar kartöflur. Auðvelt er að gera tempura heima og um að gera að prófa sig áfram.

**DEIGIÐ**
1 bolli hveiti
$^1/_2$ tsk. salt
$^1/_2$ tsk. sykur
1 tsk. lyftiduft
1 bolli kalt sódavatn
3 msk. grænmetisolía



**FRÁBÆRT GRÆNMETI** Hvernig væri að breyta til um helgina og djúpsteikja grænmeti? Hægt er að borða grænmetið sem meðlæti, forrétt eða sem nasl með góðum sósum.

Hrærið allt saman þar til blandan er létt og meðfærileg. Látið standa í ísskáp í 15 mínútur. Skerið niður alls kyns grænmeti í sneiðar. Hitið olíu til djúpsteikingar í djúpri pönnu. Setjið grænmetið í deigið og síðan í heita olíuna. Steikið í um það bil þrjár mínútur eða þar til grænmetið verður stökkt og fallegt. Þerrið á eldhúspappír en berið fram á meðan það er enn heitt ásamt sósum eftir smekk.




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

# Lífið

FÖSTUDAGUR
13. SEPTEMBER 2013

*Helga Ólafsdóttir rekur Lastashop.com*
**KYNNIR ÍSLENSKA HÖNNUN Í LOS ANGELES 2**

*Svava Sigbertsdóttir einkaþjálfari*
**ÞJÁLFAR FRÆGA OG RÍKA FÓLKIÐ Í LONDON 4**

*Sesselja Thorberg, Fröken Fix*
**GEFUR ÚT SÍNA FYRSTU BÓK Í DAG 8**



*Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir*

# MATARGERÐ ER MÍN ÁSTRÍÐA

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVERJIR HVAR?

Á landsleik Íslands og Albaníu á þriðjudaginn var margt um manninn. Þar voru meðal annars **Rakel Garðarsdóttir**, framkvæmdastjóri Vesturports, og eiginmaður hennar, Björn Hlynur



Haraldsson leikari. Þá voru einnig í áhorfendastúkunni Vignir Rafn Valþórsson leikari og **Björn Bragi Arnarson** sjónvarpsmaður. Þá var Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson, forstjóri Sports



Direct á Íslandi, á staðnum og fagnaði ákaft þegar ljóst var að Ísland hefði unnið sigur á liði Albana. **Hallgrímur Helgason** rithöfundur lagði leið sína á leikinn.






# Lífið
*Hamingja, fólk og annað frábært*

Umsjón blaðsins
**Marín Manda Magnúsdóttir**
marinmanda@frettabladid.is
Umsjón Lífsins á Vísir.is
**Ellý Ármanns**
elly@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Forsíðumynd
Valgarður Gíslason
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is
Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
**www.visir.is/lifid**

Hár og makeup Tara Pétursdóttir
Stílisti Marín Manda








Helga Ólafsdóttir, eigandi Lastashop.com, kynnir íslenska hönnuði í Los Angeles og segir viðbrögðin hafa verið frábær.





## TÍSKA STEFNIR Á RAUÐA DREGILINN MEÐ ZISKA-LÍNUNA

***Helga Ólafsdóttir hefur opnað íslensku netverslunina Lastashop.com í LA og selur eingöngu föt eftir íslenska hönnuði.***

„Þetta var hugmynd sem ég var búin að ganga með lengi. Ég á svo mikið af vinum sem búa í útlöndum en fara mikið til Íslands og flestir hafa verið að kaupa sér skó og fatnað sem er íslensk hönnun og fæst bara á Íslandi. Við erum með svo frábæra hönnuði og því fannst mér tilvalið að koma þessu á framfæri hér úti. Ég hef búið í LA í þrjú ár en áður bjó ég í London í þrettán ár. Það var ekkert meira sem beið mín í London svo ég ákvað að færa mig um set. Svo er bara yndislegt að vakna hér upp með sólina skínandi inn um gluggann," segir Helga Ólafsdóttir, eigandi netverslunarinnar Lastashop, sem var opnuð í sumar.

Helga starfaði áður nánast eingöngu við fjárfestingar svo hún segir fatabransann vera skemmtilega tilbreytingu. „Sjálf er ég að framleiða þrjár línur; Kali fyrir Svölu Björgvins, Zisku eftir Hörpu Einarsdóttur og okkar eigin línu sem heitir By-Lasta eins og búðin. Sú lína er meira hversdagsfatnaður. Harpa var efst á blaði þegar ég fór að skoða íslensku hönnuðina og ég er mjög stolt yfir að hafa hana með okkur. Við stefnum á rauða dregilinn með Zisku-línuna."

Helga segir markmiðið að öll hönnun í versluninni sé íslensk og hún er í engum vafa um að vefverslanir séu framtíðin. Fljótlega verði jafnvel hægt að prófa fatnaðinn „online". Merkin sem fást í Lastashop.com verða einnig fáanleg í E-label á Íslandi frá og með miðjum september.


**haustvörurnar komnar í Gyllta köttinn!**




**AUSTURSTRÆTI 8 - 10 • SÍMI 534 0005**
**OPIÐ ALLA DAGA**








Ástarböndin eru búin til úr orkusteinum og kristöllum og fást í ýmsum litum og gerðum. Búddarnir eru meðal annars vinsælir.



## SKART ÁSTARBÖND

***Guðrún Edda Haraldsdóttir hannar armbönd og hálsmen sem unnin eru með heilmiklum kærleik og ást.***

„Ég hef alltaf verið að gera eitthvað í höndunum en ákvað síðan að útbúa armband með blóðsteini fyrir vinkonu mína, sem var að byrja í skóla á ný, því steinninn er svo góður fyrir hugann. Fleiri vinkonur fóru síðan að óska eftir armböndum svo þetta vatt bara upp á sig," segir Guðrún Edda Haraldsdóttir, sem nú getur vart annað eftirspurninni eftir ástarböndunum. Armböndin eru unnin úr orkusteinum og kristöllum og segist hún jafnan reyna að hafa jákvæða merkingu með armböndunum en litlu búddarnir tengjast meðal annars góðu andlegu jafnvægi. Nafnið segir hún tilkomið vegna þess að armböndin vinni hún með heilmiklum kærleik og ást. Ástarármböndin og -hálsmenin er hægt að nálgast í gegnum Facebook-síðuna Guðrún Edda-Ástarbönd.



Haust

# A la Carte

*4ra rétta seðill og A la Carte í Perlunni*

## 4ra rétta seðill

*verð* **8.350 kr.**

ÞORSKUR Á TVO VEGU
með tómat-maís salsa, laukspírum, svörtum olívum og graslaukssósu.

HUMARSÚPA
Rjómalöguð með Madeira og grilluðum humarhölum.

LAMBAHRYGGUR
með smælki, rauðrófum, gulrófum og rósmarinsósu.

*** *eða* ***

FISKUR DAGSINS
ferskasti fiskurinn hverju sinni
útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

HVÍTSÚKKULAÐI MÚS
með skyrfroðu, ferskjum, garðblóðbergi, og bláberjasorbet.

**Gjafabréf Perlunnar**
**Góð gjöf við öll tækifæri!**



*Stefán Elí Stefánsson*
*Yfirmatreiðslumaður*



*Jóhannes Gunnarsson*
*Yfirþjónn*





PERLAN

Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

## Villibráð

*Villibráðarhlaðborðið er frá 24. október til 20. nóvember.*

## Jólahlaðborð

*Jólahlaðborðið er frá 21. nóvember til 30. desember*





Svava Sigbertsdóttir einkaþjálfari er í glæsilegu formi en hún segir að æfingarnar í The viking method gefi fólki rosalegan styrk og mikið þol.



Þjálfar meðlimi konungsfjölskyldunnar í Englandi.

# HEILSA ÞJÁLFAR MEÐLIMI BRESKU KONUNGSFJÖLSKYLDUNNAR

***Svava Sigbertsdóttir einkaþjálfari þjálfar fræga úti í London með æfingum sem nefnast The viking method.***

Fyrir níu árum flutti Svava Sigbertsdóttir til London til að læra leiklist, dans og söng. Þegar hún kláraði skólann ákvað hún að læra einkaþjálfun og næringarfræði og fannst hún loksins vera á réttri hillu. „Ég hef aldrei farið í ræktina bara til að líta út á ákveðinn hátt heldur til þess að líða betur og ef maður nær árangri þá er útlitið bara plús. Það er hægt að gera líkamann að geggjaðri vél og þá færðu aukið sjálfstraust. Æfingarnar sem ég kenni eru mjög tæknilegar og margar hverjar getur þú notað í daglega lífinu. Mest eru notuð fríhendis lóð og svo er meðal annars skriðið í gólfinu, boxað og hoppað í köðlum. Þetta gefur þér rosalegan styrk og þol,“ segir Svava Sigbertsdóttir, sem nú hefur útbúið sérstakt æfingaprógram sem kallast The viking method. Svava þjálfar fólk í einkaæfingaklúbbi í London og viðskiptavinir hennar eru oft þekktir og efnaðir. Þar má nefna Ritu Ora söngkonu, meðlimi úr konungsfjölskyldunni og Mrs. Mittal sem er gift stærsta stálframleiðanda heims. Aðspurð um fitness-menninguna á Íslandi segir hún Íslendinga einblína of mikið á að lyfta þungum lóðum og að ekki megi gleyma öðrum hliðum fitness. „Að mínu mati snýst þetta allt um jafnvægi. Að æfa líkamann þannig að þú sért jafnvígur í þoli og styrk, snerpu og sprengikrafti. Það má ekki fara út í of miklar öfgar þrátt fyrir að Íslendingar séu mjög harðir af sér.“ Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um fjarþjálfun í gegnum www.thevikingmethod.com.







Hönnuðir símahulstranna eru fjölmargir en heiðurinn af þessum eiga Hugleikur Dagsson, Ninna Þórarinsdóttir, D.Íris Sigmundsdóttir, Sævar Karl og Örn Tönsberg.

# LISTAVERK HUGLEIKS Á SÍMANUM ÞÍNUM

***Rakel Sævarsdóttir, eigandi kaupstadur.is, miðlar list til almennings með óhefðbundnum leiðum.***

„Ég er alltaf að leita leiða til þess að færa myndlistina nær fólki. Iphone-símahulstrin eru sniðug vara og þarna getur þú notið listaverks á símanum þínum. Kannski hefurðu ekki efni á stóru listaverki en hulstrin eru á viðráðanlegu verði,“ segir Rakel Sævarsdóttir, sem starfar við að miðla list og hönnun til almennings í gegnum hönnunarsíðuna kaupstadur.is. Rakel er með BA-próf í listfræði og MA-próf í hagnýtri menningarmiðlun frá HÍ og er eigandi kaupstadur.is og muses.is.

„Listaverk á netinu er eitthvað sem fólk er að uppgötva og er orðið óhræddara við, sérstaklega prentverkin. Netið er mjög góð leið til að kynna íslenska listamenn. Maður áttar sig til dæmis ekki á því hve þekktur Hugleikur Dagsson er erlendis. Hann hefur verið að selja hvað mest hjá okkur en upprunalegu teikningarnar hans hafa verið vinsælar í Finnlandi, Bandaríkjunum, Ástralíu, Frakklandi og fleiri löndum.“




TWISTER®
ZINGER COLLECTION
NÝTT Á KFC
HVAÐA TWIST VILTU TAKA Á DAGINN?
Zinger
TWISTER
CLASSIC
Iceberg, tómatar og léttpiparmæjónes
799 kr.
Zinger
TWISTER
DELUXE
NÝTT
Klettasalat, tómatar, mozzarella og rautt pestó
849 kr.
Zinger
TWISTER
Fresco
NÝTT
Iceberg, gúrka, rauðlaukur og hunangs-sinnepssósa
799 kr.
KFC
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS

# EVA LAUFEY PABBI HEMMI TRÚÐI Á MIG OG HVATTI MIG TIL DÁÐA

***Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir er reiðubúin að stíga sín fyrstu skref í sjónvarpi og fetar þar með í fótspor föður síns. Lífsstíls- og matarbloggið hennar hefur notið mikilla vinsælda og fyrsta bók hennar er einnig væntanleg. Það er kraftur í Evu Laufeyju sem geislar af jákvæðni og fegurð. Lífið ræddi við hana um eldamennsku, nýja sjónvarpsþáttinn og að sjálfsögðu sorgina við að missa föður sinn, Hemma Gunn.***

**NAFN:** Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir.

**ALDUR:** 24 ára.

**STARF:** Nemi í viðskiptafræði í HÍ og starfar sem flugfreyja hjá Icelandair á sumrin.

**HJÚSKAPARSTAÐA:** Í sambúð með Haraldi Haraldssyni.




Eva Laufey ólst upp á Akranesi með þremur systkinum og foreldrum sínum, Rósu og Steindóri. Áhuginn á matargerð hófst snemma því móðir hennar er kokkur og var dugleg að leyfa krökkunum að prófa sig áfram og smakka. Æskudraumurinn var að verða lögfræðingur en framtíðarplönin breyttust og hún segist hafa uppgötvað mikilvægi þess að njóta dagsins í dag og tileinkar sér að gera hluti sem veita henni hamingju. Lífið getur jú breyst á einu augnabliki.

***Matarbloggið þitt www.evalaufeykjaran.is nýtur mikilla vinsælda. Hvernig byrjaði það ævintýri?***

„Ég byrjaði að blogga fyrir þremur árum en alls ekki með sérstakt matarblogg í huga. Hins vegar þar sem matur er aðaláhugamál mitt fór ég fljótlega að deila matarástinni með lesendum mínum. Fljótlega kom í ljós að lesendum mínum líkaði uppskriftirnar og skref-fyrir-skref myndir af matargerðinni. Lesendum hefur fjölgað mjög mikið á þessum þremur árum og er ég ómetanlega þakklát fyrir svona góða lesendur. Bloggið hefur gefið mér tækifæri sem ég hefði aldrei búist við svo mér þykir orðið svakalega vænt um bloggið.“

***Er ekki talsverð vinna að halda úti svona bloggi eða verður bloggið ef til vill partur af daglega lífinu?***

„Bloggið er löngu orðið partur af mínu daglegu lífi og ég er lánsöm að geta haft það þannig því þetta gerir mig agalega ánægða. Það er auðvitað vinna því maður vill gera hlutina vel. Ég hef verið með svolítið samviskubit í sumar þar sem aðalverkefnið hefur verið bókin sem ég er að gera og mikilvægt var að klára hana. Nú hef ég einnig fengið snilling til þess að endurhanna bloggið og í haust verða skemmtilegar breytingar sem ég hlakka til að kynna fyrir lesendum mínum.“

## *Gott að fara út að borða*

***Eldar þú eitthvað á hverjum degi?***

„Nei, ég elda nú ekki á hverjum degi, ég er líka dugleg að fara út að borða. Mér þykir ekkert skemmtilegra en að prófa nýja veitingastaði. Svo finnst mér líka gott að panta eina góða pitsu af og til. En ég elda oftast.“

***Hugsar þú mikið út í hráefnið sem þú notar í eldamennskuna og baksturinn?***

„Já, ég er meira og meira farin að hugsa um það. Maður verður meðvitaðri þegar maður verður eldri. Ég vil vita hvað ég læt ofan í mig svo að ég er farin að athuga vörurnar betur og velja eftir gæðum fremur en verði. Ég vel bara góða vöru en ekki endilega lífrænt.“

***Hvað finnst þér um LKL-mataræðið?***

„Mér finnst svo sem ekkert um það mataræði í raun og veru, þetta er örugglega sniðugt fyrir þá sem kjósa slíkt. Ég þekki marga á þessu mataræði sem eru mjög ánægðir. Það eru líka margar uppskriftir sem ég hef verið að prófa áfram sem falla undir LKL-mataræðið.

Ég myndi sennilega aldrei geta verið á neinu sérstöku mataræði, ég get ekki neitað mér um eitt eða neitt. Ég lifi eftir því að allt sé gott í hófi og lífið er allt of stutt til þess að sleppa súkkulaðinu.“

***Nú verður þú með þinn eigin þátt á Stöð 3 í vetur. Segðu örlítið frá þeim þætti?***

„Ég sótti eftir þessu tækifæri og hafði ákveðna hugmynd að þætti sem Hemma fannst mjög spennandi og því ákvað ég að koma hugmyndinni á framfæri. Þættirnir „Í eldhúsinu hennar Evu“ fara af stað í haust og ég er sérlega spennt. Ég legg ríka áherslu á einfalda, fljótlega og gómsæta rétti í þáttunum. Svo vil ég auðvitað fanga stemninguna við matargerðina og fá fólk til þess að setja upp svuntuna og elda með fólkinu sínu.“

## *Fjölmiðlaáhuginn í fjölskyldunni*

***Það má segja að þú sért að feta í fótspor föður þíns, Hemma Gunn, og systur því bæði hafa verið að vinna í sjónvarpi. Er kannski fjölmiðlagen í blóðinu?***

„Fjölmiðlaáhuginn er svo

## Myndaalbúmið






Eva Laufey og bróðir hennar á aðfangadag. Með vinum í Kaupmannhöfn. Eva og kærasti hennar, Haraldur Haraldsson, við Gullfoss. Eva Laufey og systir hennar einn góðan vordag í Noregi.

*Þetta var svolítið erfitt því þegar hann lést var hringt í mig tveimur tímum seinna frá fjölmiðli og ég var náttúrulega ekki viðræðuhæf. Ég var ekki tilbúin að segja neitt og ég vissi ekkert hvað var að gerast.*

sannarlega til staðar í fjölskyldunni. Ætli ég hafi ekki smitast af þessu hjá þeim en þau hvöttu mig áfram. Ég var svo heppin að geta leitað til þeirra og fengið ráð. Ég er stressuð og spennt í senn en fyrst og fremst ætla ég njóta þess á meðan á því stendur og hafa gaman af þessu."

### Rík að eiga tvo pabba

***Það var mikil sorg þegar faðir þinn, Hermann Gunnarsson, lést fyrir skömmu því hann var elskaður af þjóðinni. Hefur þetta ekki verið erfiður tími?***

„Þetta hefur verið mjög erfiður tími. Ég held að enginn sé sérstaklega búinn undir svona áföll og maður er svo blindur á lífið og tekur því sem sjálfsögðum hlut. Ég er svo ung enn og maður heldur að svona gerist ekki strax heldur í ákveðinni tímaröð. Það var svo mikið eftir hjá okkur og fjörið í raun rétt að byrja. Ég hef verið rík að eiga tvo pabba í mínu lífi en Steindór ól mig upp frá því ég var eins árs gömul. Hermann var ekki á góðum stað þegar ég var yngri þannig að það var ekki venjulegt samband okkar á milli. Eftir því sem ég varð eldri fór ég sjálf að hafa samband og hann fór að sinna okkur systkinunum betur. Loksins var sambandið orðið gott og við gátum átt eðlileg samskipti. Ég kallaði hann aldrei pabba en hann var stór hluti af mínu lífi og ég vildi hafa hann í mínu lífi. Mig vantar hann voðalega mikið nú þegar ég er að gefa út bókina og taka mín fyrstu skref í sjónvarpi. Hann var svo spenntur fyrir þessu hjá mér og hvatti mig til dáða og að kýla á tækifærin og trúa á sjálfa mig. Í síðasta sinn sem við töluðum saman töluðum við um þáttinn. Við ætluðum að skoða þetta saman um leið og hann kæmi heim. Hann vildi vera með í öllu og fannst agalegt að hann gat ekki verið viðstaddur upptöku á prufuþættinum í vor.

Hann vildi svo ólmur hjálpa til og leiðbeina mér. Ég efast ekki um að hann sé að hjálpa mér í dag, eða það ætla ég rétt að vona. Lífið er svo skrítið því þetta ár hefur verið ótrúlega gott en á sama tíma ótrúlega erfitt. Ég hef fengið þau tækifæri sem mig hefur dreymt um og reyni að njóta þess í botn, en sakna þess að hafa hann ekki hér hjá okkur. Ég hef tileinkað mér að lifa í deginum í dag, lífið er alltaf stutt fyrir leiðindi og ég reyni að einbeita mér að því góða▶




og gera það sem gerir mig hamingjusama. Ég vil ekki líta til baka og hugsa að ég hefði átt að gera hlutina öðruvísi.“

***Fenguð þið að syrgja hann í friði sem var svona mikil þjóðareign?***

„Þetta var svolítið erfitt, því þegar hann lést var hringt í mig tveimur tímum seinna frá fjölmiðli og ég var náttúrulega ekki viðræðuhæf. Ég var ekki tilbúin að segja neitt og ég vissi ekki hvað var að gerast. Mig langaði ekki að deila með öllum þessum tilfinningum sem voru að bærast innra með mér. Ég skil það svo sem vel því hann var svo áberandi í þjóðfélaginu en það var erfitt að fara út úr húsi því allir vissu hvað var að gerast. Fólk vildi vera elskulegt og allir meina vel en maður er lengi að jafna sig. Það bjargaði okkur systkinunum að vera mikið saman og hlæja saman og gera grín að honum. Ég er líka svo rík að eiga svo góða að, tengdafjölskyldu og vini. Það er ómetanlegt að eiga svo gott fólk í kringum sig á erfiðum tímum.“

## Spennandi tímar fram undan

***Þú situr aldeilis ekki auðum höndum því nú er einnig von á bók frá þér sem kemur út fyrir jólin, Matargleði Evu. Hvernig verður sú bók?***

„Ég tengi mat svo mikið við alls konar minningar og ég er að reyna að gera persónulega matreiðslubók. Þetta er heimilismatur, uppskriftir frá ömmu minni og fleirum sem hafa ferðast í minni fjölskyldu í mörg ár. Ég reyni að fanga stemningu við matargerð og matarboð. Ég á mínar bestu stundir með fjölskyldu og vinum við matarborðið, ég vil að það skíni í gegn hvað það skiptir

> *Ég hef tileinkað mér að lifa í dag, lífið er alltof stutt fyrir leiðindi og ég reyni að einbeita mér að því góða og gera það sem gerir mig hamingjusama. Ég vil ekki líta til baka og hugsa að ég hefði átt að gera hlutina öðruvísi.*

miklu máli að njóta þess að vera með fjölskyldu og vinum, og borða góðan mat auðvitað.“

***Hver veitir þér innblástur í lífinu?***

„Þetta er kannski klisjukennt en ég verð að segja að það sé fjölskyldan mín.“

***Hverjir eru svo framtíðardraumarnir?***

„Eins og staðan er í dag ætla ég að klára viðskiptafræðina og ætla svo sannarlega að hafa matinn sem aðalatriðið hjá mér, ástríðan mín liggur í matnum og ég hugsa að draumarnir séu að gera það sem mér þykir skemmtilegast. Lífið er ótrúlegt og við vitum aldrei hvað er handan við hornið, svo ég ætla bara að njóta þess sem ég hef í dag, fylgja þeim verkefnum eftir sem ég er að vinna að núna og gera mitt allra besta.“



## Uppáhalds

**MATUR**
Ég er mjög hrifin af ítölskum mat.

**DRYKKUR**
Sódavatn með sítrónu.

**VEITINGAHÚS**
Grillmarkaðurinn, Ítalía og Sushi Samba (þetta er erfitt val).

**VEFSÍÐA**
www.passionforbaking.com – draumasíða fyrir þá sem elska kökur.

**VERSLUN**
Mér finnst alltaf dásemd að fara í Ostabúðina.

**HÖNNUÐUR**
Elínrós hjá Ellu og hönnuðir hjá Freebird eru sérstaklega flottir.

**HREYFING**
Útihlaup og þrektímar (stöðvaþjálfun).

**DEKUR**
Nudd og almenn huggulegheit með vinum.






# NETMIÐILL INNBLÁSTUR HJÁLPAR ÞÉR AÐ TAKA NÆSTA SKREF

***Guðný Guðmundsdóttir hefur opnað netmiðilinn innblástur.is fyrir fólk sem er að leita að sniðugum lausnum fyrir lífið.***

„Hugmyndin var að taka saman upplýsingar um nám og atvinnu fyrir Íslendinga til að benda þeim á hvað hægt er að gera úti í heimi. Þetta er eins og gagnabanki sem leiðir þig áfram þar sem búið er að taka saman það efni sem er í boði og setja það allt saman á einn stað,“ segir Guðný Guðmundsdóttir, stofnandi innblástur.is. Guðný segist hafa fengið hugmyndina að þessu verkefni fyrir þremur árum en ákvað að slá tvær flugur í einu höggi og vinna síðuna sem mastersverkefni sitt í útgáfu í Englandi. „Ég hef sett ákveðinn grunn af stað en þessi síða er fyrsta stopp fyrir fólk sem vantar hugmyndir eða hefur eitthvað ákveðið í huga og vantar frekari upplýsingar. Ég fór sjálf í málaskóla á Spáni, hef unnið sem au pair erlendis og bjó á Englandi og mér fannst ég lengi að finna réttu svörin því það var enginn sem ég gat spurt. Það þarf ekki að kosta mikinn pening ef þú ert útsjónarsöm,“ segir Guðný að lokum.


Guðný Guðmundsdóttir, stofnandi Innblásturs, með vinkonu sinni í París á góðri stundu.

# Flottar vörur - á góðu verði



Þvottabjörn kragi
14.900,-



Kúpupúði
9.900,-




Bréfapressa
3.900,-



Plötuspilari
39.900,-



Loftbelgur
3.900,-



Glerbox
8.900,-



Glerbox
6.900,-



Glerkúpull
6.900,-



Skenkur
169.900,-

**MYCONCEPTSTORE.IS**

Verslun: Innst í Dalbrekku ofan við Nýbýlaveg / Sími: 519 6699 / Vefverslun: www.myconceptstore.is





Heimili þar sem Sesselja hefur endurhannað rými, breytt litum og innrétt fyrir fyrir bókina sína.

# BÓKIN ÉG VIL AÐ HÚSGÖGNIN HEIMA SEGI EINHVERJA SÖGU

***Fyrsta bók Sesselju Thorberg í bókaröðinni „Trix & mix frá Fröken Fix“ kemur út í dag.***

Ég er búin að vera með þessa ráðgjafaþjónustu í fjöldamörg ár og langaði að setja þann fróðleik sem ég hef sankað að mér í gegnum tíðina í eina bók. Þegar ég fór síðan að ræða við útgefandann hafði ég svo margar hugmyndir og því var ákveðið að gera bókaseríu sem nefnist Trix og mix frá Fröken Fix,“ segir Sesselja Thorberg, höfundur bókarinnar „Skapaðu þinn heimilisstíl“ sem kemur í verslanir í dag.

Bókin er hönnunarhandbók þar sem stiklað er á stóru um uppröðun, hönnun og hvernig hægt er að skapa heimili án þess að tæma seðlaveskið í leiðinni. Sesselja segir marga eiga erfitt með að gera huggulegt í kringum sig en algengt vandamál sé of mörg húsgögn inni á heimilinu sem skapi ringulreið. Hægt sé að gera ýmis „trix“ til þess að blekkja augun með litum og speglum.

Sesselja er menntuð sem vöruhönnuður frá Listaháskóla Íslands og hefur sérhæft sig í innanhússráðgjöf undir nafninu Fröken Fix. Verkefnin hafa verið margvísleg, tengd innanhússhönnun og ráðgjöf og einnig var hún umsjónarmaður hönnunar- og lífsstílsþáttarins Innlit/útlit um tíma. „Það blundaði í mér að stofna mitt eigið því mér fannst vanta aðgengilegri og hagkvæmari leið fyrir alla að betrumbæta heimili sitt. Þetta var bara ástríða mín. Svo vatt þetta upp á sig og svo hafa aðrir fylgt í kjölfarið.“ Aðspurð segir hún heimilið sitt vera blöndu af gömlu og nýju en hún aðhyllist hluti sem hafa sál og húsgögn sem segja einhverja sögu.



Sesselja Thorberg, sem kallar sig Fröken Fix, með bókina Skapaðu inn heimilisstíl.


AUGLÝSING: MARÍA LOVÍSA KYNNIR



# HÖNNUN MARÍU LOVÍSU Í ÞRJÁTÍU ÁR

**María Lovísa Ragnarsdóttir fatahönnuður heldur upp á þrjátíu ára afmæli verslunar sinnar þessa dagana og veitir af því tilefni 20% afslátt af nýju haustlínunni til 21. september.**




María Lovísa útskrifaðist frá Margaretha-hönnunarskólanum í Kaupmannahöfn árið 1979. Hönnun hennar er frumleg og hefur mikinn karakter og ávallt er lögð áhersla á kvenleg snið, enda á María Lovísa fjölmarga fasta viðskiptavini. Hún opnaði fyrst verslunina Maríurnar á Klapparstíg árið 1983 en flutti sig yfir á Skólavörðustíg 6b fyrir tuttugu árum. María Lovísa hefur alltaf lagt mikla áherslu á íslensku ullina og peysurnar hennar hafa verið sérstaklega vinsælar bæði hjá íslenskum konum og erlendum. Hún framleiðir allar sínar vörur sjálf og þær eru saumaðar hér á landi. Þá notar hún mokkaskinn gjarnan í hönnun sinni, sem margir hafa fallið fyrir, sem og fiskroð.

„Ég legg áherslu á dömulegan fatnað með karakter í öllum stærðum,“ segir María Lovísa. „Ég vil hafa fatnaðinn tímalausan en margar konur hafa sagt mér að þær noti kjólana frá mér í mörg ár. Fötin eru klassísk og eru þess vegna alltaf í tísku,“ segir hún.



María Lovísa notar meðal annars íslenska ull, gæruskinn og mohair í hönnun sína. Hún leggur mikla áherslu á gæðaefni og vandaða framleiðslu. Haustlínan er kvenleg og falleg og fæst núna með 20% afmælisafslætti.

María Lovísa sérsaumar einnig fyrir viðskiptavininn og veitir persónulega þjónustu við val á sniði og efni. Það er um að gera að kíkja í verslunina þessa dagana og nýta sér afmælisafsláttinn. María Lovísa er með heimasíðuna marialovisa.com og hún er einnig á Facebook.



Á Loftinu framreiða metnaðarfullir barþjónar kokteila í heimsklassa og þar hefur fæðst kokteilmenning eins og hún þekkist best frá New York og öðrum heimsborgum. Hér má sjá Josué Martins, yfirbarþjón Loftsins, að störfum. MYNDIR/BRYNJAR SNÆR

# BRAGÐ AF RJÓMA HEIMSINS Á LOFTINU

**Loftið er kokteilbar í heimsklassa sem jafnast á við flottustu kokteilbari New York og annarra stórborga heimsins. Þar er nú hægt að njóta freistandi smárétta, lystauka og eftirrétta með ferskum og framsæknum kokteilum í ómótstæðilegu andrúmslofti.**

Kokteilum fylgir skemmtileg serimónía og alltaf dálítið sparilegt að dreypa á framandi kokteil og upplifa nýtt bragð,“ segir Josué Martins, yfirþjónn á kokteilbarnum Loftinu, sem státar af stærsta kokteillista landsins.

„Með tilkomu Loftsins hefur fæðst ný og spennandi kokteilmenning sem margir þekkja utan úr hinum stóra heimi. Allir kokteilar Loftsins eru öðruvísi en það sem gerist og gengur; ferskir, framsæknir og unaðslega bragðgóðir. Þá eru barþjónar Loftsins metnaðarfullir og framúrskarandi á sínu sviði og laga sjálfir mestallt hráefni í kokteilana úr fersku, íslensku hráefni,“ útskýrir Martins.

Barþjónar Loftsins fá mikils metinn liðsauka frá 17. september til næstu mánaðamóta þegar franski kokteilbarþjónninn Alexandre Lambert mætir til leiks en hann er heimsfrægur fyrir tilkomumikla koníakskokteila.

„Loftið býr yfir einstöku andrúmslofti í sögufrægu húsi og á saumastofu Egils Jacobsens þar sem upprunalegar innréttingar og andi liðinnar tíðar svífur yfir vötnum. Þegar líður á kvöldið um helgar koma sér fyrir á Loftinu DJ Anna Brá og fleiri af hressustu plötusnúðum bæjarins og heillandi partístemning tekur yfir þegar gestir standa upp úr sætum sínum og dilla sér um allt hús,“ segir Martins, sem í kvöld verður gestgjafi í haustpartíi Loftsins þar sem nýr kokteil- og matseðill verða kynntir til sögunnar.

### *Gamaldags lystaukar með nýmóðins yfirbragði*

Jónas Oddur Björnsson er yfirmatreiðslumaður Loftsins og nýfluttur heim eftir sjö ára búsetu víða um heim, þar sem hann starfaði meðal annars á Michelin-stjörnuveitingastöðum í Frakklandi og Danmörku og fyrir Walt Disney á fyrsta flokks veitingastað á fyrsta farrými skemmtiferðaskips.

„Vonandi færi ég Íslendingum eitthvað alveg nýtt á matseðli Loftsins og þótt ég beri á borð bragð af heiminum hef ég íslenskt hráefni í hávegum,“ segir Jónas, sem hefur útbúið ómótstæðilega smárétti, lystauka og ábætisrétti fyrir gesti Loftsins.

„Við lögðumst í mikla rannsóknarvinnu í leit að landsins besta hráefni og heimsóttum bestu kjötiðnaðar- og pylsugerðarmenn landsins. Til að mynda fundum við Ítala á Hellu sem notar íslenskt hráefni í sælkerapylsur sem eru á heimsmælikvarða og unnar eftir ítalskri hefð. Þegar líður á haustið bjóðum við upp á villibráðarbakka og hangikjöt og höldum í árstíðina með heimagerðum sultum með óvenjulegu sniði, eins og rófusultu með karamellu og blómkálssultu. Þá leikum við okkur að gömlum, vinsælum réttum eins og flamberuðum pönnukökum með Grand Marnier og Baileys-rjóma og flamberuðum ostum sem eiga alltaf vel við með vínglasi,“ segir Jónas, sem á Loftinu mun setja nýtt yfirbragð á gamla og ljúffenga partírétti sem kitla bragðlaukana.

„Sælkeramatinn vinn ég frá grunni og lofa lostætu snarli með vínglasinu. Ég saltbaka til dæmis hnetur í íslenskum sjó sem ég hef soðið og sigtað til að fá hreinan og er einstök bragðupplifun,“ segir Jónas.

Loftið er nú opnað klukkan 14 á daginn og hægt að fá sér dýrindis kaffidrykki, kokteila, sæta ábætisrétti og lystaukandi snarlbakka til klukkan 22. Einnig geta gestir keypt flöskur af sterku víni á borð sitt og blandað sér drykk sjálfir með tilheyrandi söfum og ávöxtum til skrauts.

Loftið Lounge er í Austurstræti 9. Borðapantanir fyrir hópa og gestalista eru í síma 551-9400. Aldurstakmark á Loftinu er 25 ár og snyrtilegs klæðnaðar krafist.

### *GRAND GOJI COLLINS*

***Blandaður í hátt vínglas með krömdum ísmolum.***

*1 1/2 únsa Grand Marnier*
*1 únsa límónusafi*
*2 dass Orange Bitter*
*1 únsa vanillusíróp*
*granatepla- og gojiberja-safi*

*Fyllið upp með sódavatni og skreytið með appelsínuberki.*



Jónas Oddur Björnsson yfirmatreiðslumaður að flambera pönnukökur úr Grand Marnier á franska vísu.




Drykkir Loftsins eru lagaðir úr gæðahráefnum og í þá notaðar eingöngu fínni tegundir sterks víns, eins og Tanqueray-gin og Ketel One-vodka sem búa yfir mun meiri gæðum en sams konar vín.




## Bjarney Vigdís Ingimundardóttir

**Aldur** 26 ára
**Starf** Heimavinnandi húsmóðir, pjattrófa og förðunarfræðingur.

**Hvern faðmaðir þú síðast?** Það var hann Siggi kærastinn minn.

**En kysstir?** Það var líka hann Siggi minn.

**Hver kom þér síðast á óvart og hvernig?** Það var líka hann Siggi, gaf mér æðislega fallegt hjartahálsmen í síðustu viku.

**Hvaða galla í eigin fari ertu búin að umbera allt of lengi?** Mér finnst allt svo spennandi þannig að ég er yfirleitt með miljón hluti að gera í einu.

**Ertu hörundsár?** Já, það er ég, hef verið þannig alla mína ævi.

**Dansarðu þegar enginn sér til?** Já, heldur betur, tók síðast bara svaka dans í stofunni um helgina, hélt að enginn væri að horfa. Svo heyri ég allt í einu stjúpson minn segja: „Geta óléttar konur dansað svona mikið?“ Ég auðvitað sprakk úr hlátri.

**Hvenær gerðirðu þig síðast að fífli og hvernig?** Það var fyrir u.þ.b. 2 vikum. Siggi var að stríða mér og setti stóran mentos-límmiða á bakið á mér, ég fór þannig út um allt. Pínu vandræðalegt þegar mér var bent á þetta daginn eftir. Þá hafði Siggi bara gleymt að taka hann af.

**Hringirðu stundum í vælubílinn?** Nei, það hefur ekki enn þá komið fyrir.

**Tekurðu strætó?** Stundum hef ég gert það en ekkert síðan í fyrra.

**Hvað eyðirðu miklum tíma á facebook á dag?** Suma daga kíki ég ekki inn á Facebook en aðra daga fer ég inn nokkrum sinnum á dag. Flesta daga kíki ég þó aðeins á lífið á Facebook.

**Ferðu hjá þér þegar að þú hittir fræga eða heilsarðu þeim?** Yfirleitt hvorugt. Hitti Mischu Barton í versluninni hennar í London í fyrra, hún var nú bara fyrri til og heilsaði mér. Mjög indæl og kurteis stelpa.

**Lumarðu á einhverju sem fáir vinir þínir vita um þig?** Hmm. Mig þyrstir í þekkingu og þar af leiðandi elska ég að lesa mér til um allt á milli himins og jarðar! Og já, ég er ágætis kokkur líka!

**Hvað ætlarðu alls ekki að gera um helgina?** Hanga heima. Okkur Siggu dauðlangar að fara að veiða.

# HELGARMATURINN KÓKOSKJÚKLINGUR

*Alma Geirdal, ljósmyndari og uppistandari, starfar á veitingahúsinu Gló. Hún hefur geysilega mikinn áhuga á hollum mat og góðum mat. Alma segist oft hafa skemmtilegar uppskriftir í huganum og að þessu sinni deilir hún uppskrift að kókoskjúklingi með sojadressingu og berjasalati fyrir alla fjölskylduna sem er einstaklega ljúffengur og auðvelt að elda.*

**Þrjú úrbeinuð kjúklingalæri**
**Ein og hálf teskeið kókosolía**
**Rifinn partur af engiferrót (eftir smekk)**
**1 stór tómatur**
**1 teskeið kóríanderduft**
**1 dós kókosmjólk**
**Smá sjávarsalt**
**Lúka af kókosflögum**

Steikja kjúklingabita á pönnu (nota úrbeinuð læri, sem er besta kjötið á fuglinum) með kókosolíu, engifer og tómötum, salti og kóríander þangað til kjötið er búið að loka sér. Þá setja 1-2 dósir af kókosmjólk, fer eftir skammti.
Láta malla í allavega 30 mínútur.

Skreyta með kókosflögum og smátt söxuðum tómötum, spínat, goji-ber, vínber, appelsínur, döðlur, trönuber og kókos. Hella a.m.k. 1 dl af ólífuolíu yfir salatið og velta vel upp úr. Besta olían í kroppinn okkar.

**DRESSING**
Sojajógúrt, chili og mangó- dásemdardressing fyrir hollustuunnendur.






Wilson's PIZZA
SPARAÐU PENING
OG PANTAÐU Á NETINU
WILSONS.IS
Coca-Cola
Tvær pizzur
m/ 2 áleggjum,
ostabraudstangir
og 2l. Coke
2990 kr.
3290 kr.
ef pantad er í síma
1000 kr. aukalega fyrir heimsendingu
581 15 15 wilsons.is
Ánanaustum
Gnoðavogi 44
Eddufelli 6
Vesturlandsvegi
Brekkuhúsum 1

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLASALA REYKJAVÍKUR



**FRÁBÆRT VERÐ**
SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2009, ekinn 63 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.411144.



**FRÁBÆRT VERÐ**
SKODA Octavia ambiente combi disel. Árgerð 2007, ekinn 82 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.490.000. Rnr.134612.



**FRÁBÆRT VERÐ**
PEUGEOT 308. Árgerð 2012, ekinn 24 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 3.690.000. Rnr.411152.



**FRÁBÆRT VERÐ**
NISSAN Qashqai se disel. Árgerð 2012, ekinn 40 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.990.000. Rnr.411128.



**FRÁBÆRT VERÐ**
HYUNDAI I30 classic ii. Árgerð 2012, ekinn 43 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.290.000. Rnr.134615.

**Bílasala Reykjavíkur**
**Bíldshöfða 10, 112 Rvk.**
**Sími: 587 8888**
**www.br.is**

PLANIÐ bílasala 5170000



FORD Ranger double cabin 4w. Árgerð 2005, ekinn 115 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.190.000. Rnr.300303. Á staðnum Tilboð 950.000.- kr.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið mán - fös 10-18 og lau 12-16**
**www.planid.is**

NETBÍLAR www.netbilar.is



**MJÖG LÍTIÐ NOTUÐ**
IFOR WILLIAMS Dp120g. Árgerð 2004, ekinn -1 Þ.KM, ??, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.106000.

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

STÓRA BÍLASALAN



Suzuki Alto Árgerð 06/2011, ekinn 47þ.km, beinskiptur. Góður bíll sem er á staðnum! Verð 1.290.000kr. Raðnúmer 155073. Sjá nánar á www.stora.is



Hyundai i10 Árgerð 07/2011, ekinn 41þ.km, beinskiptur. Toppbíll sem er á staðnum. Verð 1.290.000kr. Raðnúmer 155087. Sjá nánar á www.stora.is



Skoda Fabia Árgerð 06/2011, ekinn 41þ.km, beinskiptur. Góður bíll og er á staðnum! Verð 1.590.000kr. Raðnúmer 155134. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

bílaplan.is



**ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA**
CHEVROLET LASETTI Skutbíll árg. 2011 ek. 62 þkm, 5 gíra með öllu sem skiptir máli, ný tímareim, listaverð 1880 þús., tilboðsverð nú 1390 þús., möguleiki á 100% láni.



**SK BÍLL-KLÁR Í SNATTIÐ**
VW CADDY árg. 2004 ek. 122 þkm, 5 gíra, ný tímareim, mjög gott útlit og ástand, ný yfirfarinn, VSK bíll, tilboðsverð nú 790 þús. án vsk.

**Bílaplan.is**
**Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 552 6000**
**www.bilaplan.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES BENZ B 180 ngt . Árgerð 2011, ekinn 51 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.990422.



KIA Sorento ex classic 140 hö. Árgerð 2006, ekinn 143 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Rnr.990308.



KIA Ceed h/b ex 1.6 new disel beinsk.. Árgerð 2012, ekinn 9 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.690.000. Rnr.210128.



AUDI Q5 quattro. Árgerð 2009, ekinn 84 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.690.000. Rnr.990280.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

HEIMSBÍLAR



MMC Pajero did gls. Árgerð 2006, ekinn 155 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.35"breyttur, mikið endurnýjaður, s.s. ný skipting, legur. Verð 3.690.000. Rnr.330561.



SUZUKI Grand vitara. Árg. 2006, ek. 166 Þ.KM,nýtt í bremsum, búinn að fara í gegnum ástandsskoðun. skoðar skipti á ódýrari. 5 gírar. Verð 1.590.000. Rnr.334650.



TOYOTA Hiace 4x4 langur, turbo. Árg. 2007, ek. 201 Þ.KM, langkeyrsla,dísel, sjálfskiptur. tveir dekkjagangar, er á staðnum. Verð 2.850.000. Rnr.334737.



SUBARU Forester lux. Árg. 2008, ek. 48 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.leður, lúga, lofkæling, krókur, vel með farinn. Verð 3.490.000. Rnr.334665.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

LITLA bílasalan www.litla.is 587 7777



LAND ROVER Discovery 3 s disel 7 manna. Árgerð 2008, ekinn 123 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.680.000. Rnr.119658.skipti skoðuð upp e lokun 8961663

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**




VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu






Volkswagen Jetta Comfortline, silfurgrár, árgerð 2007. Ekinn aðeins 67. þús km. Vel með farinn og sérlega góður bíll. Sjálfskiptur, loftkæling o.fl. Verð 1490þús., engin skipti. Uppl. í s. 696-9296.



Til sölu Honda HR-V, 4X4, ,04, ek. 112 þ. Eyðsla 8 l. /100 km. Verð 799 þ. Uppl. í S: 616 2597.



TOYOTA RAV4 LANGUR 4WD 10/2003 EK. 186Þ.KM., SJÁLFSK, NÝ HEILSÁRSDEKK, NÝSKOÐAÐUR, NÝSMURÐUR , NÝYFIRF. BREMSUR , KRÓKUR. SK. Á ÓDÝRARI. S. 8958956.




Rafmagn og Bensín. Nissan Leaf Rafbíll frá 2.995þ, Ford Focus Rafbíll frá 3.995þ, Chevrolet Volt Raf+Bensín frá 3.995þ Toyota Prius Plug-in Raf+Bensín frá 3.995þ, Toyota RAV4 Tesla rafbíll frá 4.995þ. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000



Opel Vectra árg. ,02, stw,1,6L beinsk., ekinn 170 þ.km, nýleg tímar., fínn fjölskyldubíll á góðu verði. Verð 290 þús. staðgreitt. Uppl. síma 820 4640.



Bmw 3D90. bensín árg. ,05. Ek. 112.000. Lán 1.200. ásett 1.850.000. Enginn skipti. s. 777-4314.

Til sölu Ford Explorer ,96, 6 cyl. Sjálfsk., krókur, sk. ,14. V. 300 þús. S. 896 8568.

## 250-499 þús.



Wv polo árg. ,97, 5 dyra beinsk. ný tímareim, bremsur, skoðaður ,14. Verð 280þ. S: 896-3044.

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## til sölu

# Range Rover Evoque Dynamic



**Árgerð 11/2012**
**2.2 Dísel**
**Ekinn 21.000km.**
**Sjálfskiptur**
**Leður, sólþak o.m.fl.**
**Einn með öllu.**
**Verð 10.790.000kr.**

***Sjá nánar á www.stora.is***

STÓRA BÍLASALAN
**Klettháls 2 • 110 Rvk**
**S. 586 1414 • www.stora.is**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

**bílaland**
**- NOTAÐIR BÍLAR -**
**www.bilaland.is**



TOYOTA Avensis SOL. Nýskr. 07/04, ekinn 152 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **VERÐ 1.190.000.** Rnr.130698.



RENAULT Megane Sport Tourer. Nýskr. 01/05, ekinn 146 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000 **TILBOÐSVERÐ 690.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.280909.



FORD Escape Limited. Nýskr. 04/05, ekinn 209 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **VERÐ 890.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.130699.



DAIHATSU Cuore. Nýskr. 01/10, ekinn 78 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **VERÐ 1.080.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.280927.



NISSAN Navara SE. Nýskr. 05/07, ekinn 145 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **VERÐ 2.490.000.** Rnr.201049.



HYUNDAI Santa Fe 4x4. Nýskr. 06/05, ekinn 153 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **VERÐ 990.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.320019.



MMC Pajero Langur V6. Nýskr. 04/98, ekinn 167 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 750.000 **TILBOÐSVERÐ 550.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.280172.

Klettháls 11
**525 8000**
www.bilaland.is



# tastofa landsins

ablaðsins, fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar,
Mikael Torfason, aðalritstjóri 365 miðla, leiddi sameininguna
varð stærsta fréttastofa landsins.

n unnið er á meiri
rgnana með allt
ð breytast. Á
amheldinn hópur
ríðarlegri pressu
"
kröftum fag-
pp úr því að
lu og nýju hæfi-
það til sín margt
em byggir landið;
á umhverfi sínu."
það í för með sér
öfnum höndum
éttastofunni er
göin og fagleg

sjónarmið blaðamennskunnar sem ráða inntaki sögunnar hverju sinni, en ekki umbúðirnar sem slíkar. Þó verður vitaskuld að taka tillit til þess að form og inntak haldist í hendur. Það er ekki síst þar sem fréttamenn þurfa að nýta hæfileika sína og reynslu," segir Mikael.

En munum við sjá einhverjar breytingar á fréttunum í vetur?

„Við erum þessi misserin að taka stökk fram á við hvað tæknina varðar. Ráðist hefur verið í umtalsverðar fjárfestingar á nýjum hugbúnaði og tækjum. Þá höfum við nú aðgang að fyrsta útsendingarbílnum sem sendir út í HD. Með tilkomu hans geta áhorfendur átt von á fleiri beinum útsendingum í fréttum Stöðvar 2 og að fá fréttirnar í auknum mæli beint í æð."



**„Þetta hefur tekið tvo til þrjá mánuði, nú er rykið að setjast og fólk að finna sína fjöl.**

# Enginn dagur eins

**Edda Andrésdóttir** Einn reynslumesti fréttalesari landsins.

Edda hóf feril sinn sem fréttalesari fyrir ríflega 28 árum. „Ég var blaðamaður á Helgarpóstinum þegar Ingvi Hrafn, nýráðinn fréttastjóri Sjónvarps, hringdi og hvatti mig til þess að sækja um stöðu fréttamanns. Ingvi Hrafn stóð þá fyrir miklum breytingum á fréttastofunni sem fólust meðal annars í ásýnd fréttaflutningsins. Hann hafði ekki farið leynt með það í símann að hann hefði áhuga á að fá mig í fréttalestur og þannig atvikaðist það að ég fór að lesa fréttir, meðfram fréttamennskunni," segir Edda.

Hvað þykir henni heillandi við starf sitt? „Fjölbreytileikinn. Það að enginn dagur er eins. Næstum allt sem hendir fer á einn eða annan hátt í gegnum fréttastofu. Því getur fylgt mikið álag og spenna en oftast er mikið líf á fréttastofu og hressilegur mórall."

Edda segir fréttalesara hafa mun styttri viðveru á fréttastofunni en fréttamennina. „Við mætum síðdegis eða undir kvöld. En í raun og veru eru allir þeir sem starfa við fréttir alltaf í vinnunni á einn eða annan hátt. Alltaf á útkikkinu eftir því sem gæti verið frétt."

Edda er þekkt fyrir smekklegan klæðaburð. En eru falleg föt mikilvæg í fréttalestri? „Það gildir um þetta starf sem önnur þar sem fólk þarf að vera sýnilegt að klæðaburður skiptir máli. Við á fréttastofu Stöðvar 2 viljum vera traust og áreiðanleg og ásýndin skiptir þar auðvitað máli. Þannig er þetta á öllum stærstu sjónvarpsstöðvum heims."

Ýmislegt getur gerst í beinni útsendingu. Edda er innt eftir því hvort hún hafi gert einhver mistök á ferlinum.

„Ekki að mig langi sérstaklega til að rifja það upp! En af því að atvikið er til í bók um fyndni og mistök þá skal ég gera það. Þannig er að eftir að fréttum lýkur á kvöldin kynnum við fréttalesarar efnið sem fjallað verður um í Íslandi í dag. Núorðið er þessi texti skrifaður, en áður spunnum við upp kynninguna jafnóðum. Það gekk yfirleitt eins og í sögu – þangað til einu sinni. Síðasta fréttin í þeim fréttatíma fjallaði um snáka og í kjölfarið átti ég að kynna gest sem var í þann veginn að ganga í myndverið. Mér tókst ekki betur til en svo að ég sagði: Talandi um snáka, hingað er kominn dýralæknir til þess að tala um hrossasóttina… Þetta var ekki beint góð frammistaða og einhvers staðar þegar ég rifjaði þetta upp bað ég viðkomandi afsökunar."

**„Oftast er mikið líf á fréttastofu og hressilegur mórall.**



# Íslenskar **ráðgátur**

## **Óupplýst lögreglumál** Á Stöð 2 í haust.

> **Það er víkt í fólki að vilja upplýsa málin. Við rákum okkur afar sjaldan á að fólk vildi ekki tjá sig og liðsinna okkur.**
> *Helga Arnardóttir*

„Ég er heilluð af störfum lögreglunnar eftir vinnslu þáttanna. Ég gæti vel hugsað mér að vera rannsóknarlögreglumaður sjálf, efast þó um að ég næði þrekprófinu,“ segir Helga Arnardóttir fréttamaður. Hún skoðar íslenskar ráðgátur í glænýjum þáttum, Óupplýst lögreglumál. Brynja Dögg Friðriksdóttir framleiðir þættina sem hefja göngu sína á Stöð 2 í haust.

„Við fjöllum um morð, bankarán og bruna í þáttunum. Mörg þessara mála hafa verið í umræðunni og fólk man jafnvel vel eftir þeim, en einnig fjöllum við um gömul mál sem ekki hefur verið fjallað um áður. Elsta málið er frá árinu 1945. Við veltum líka fyrir okkur hvort í einhverjum tilfellum hafi verið um slys að ræða eða glæp og hvað hafi orðið til þess að það fennti yfir slóð lögreglunnar.“

Í þáttunum ræðir Helga við aðstandendur, fórnarlömb og lögreglumenn sem komu að málunum á sínum tíma. Hún segir ómælda rannsóknarvinnu liggja að baki vinnslu þáttanna.

„Ég reyni að hafa uppi á öllum sem koma að málunum; vitnum, fjölskyldu og rannsakendum. Lögreglan hefur verið okkur einstaklega hjálpleg um milligöngu og öflun gagna. Elsta málið fundum við fyrir tilviljun í blaðagrein og voru öll gögn lögreglunnar um það komin inn á Þjóðskjalasafn. Það morðmál varð aldrei upplýst og í því tilfelli var enginn afkomandi eða nákominn fórnarlambinu á lífi. Fjarskyld frænka var svo vinsamleg að veita okkur viðtal um málið,“ segir Helga. Hún segir jafnframt ótrúlega vel hafa gengið að fá fólk til að rifja upp liðna atburði.

„Það er ríkt í fólki að vilja upplýsa málin. Við rákum okkur afar sjaldan á að fólk vildi ekki tjá sig og liðsinna okkur. Svona umfjallanir höfða einnig til fólks almennt. Fólk hefur einfaldlega áhuga á ráðgátum. Ég hafði gengið með hugmyndina að þáttunum í maganum í þrjú ár,“ segir Helga, en fyrri þáttaröð hennar, Mannshvörf, sló rækilega í gegn á Stöð 2 síðasta vetur.

En verður framhald á Óupplýstum lögreglumálum? „Nei, lögreglan á Íslandi er dugleg að upplýsa mál. Það eru fá mál sem eru fullkomin ráðgáta, sem betur fer. Markmiðið er að festa fólki þessi mál í minni og hver veit nema einhver tali einhvern tíma sem verður til þess að hjálpa.“

# Ég hlakka til

## **Kolla** Hefst á Stöð 2 í október.

**Kolbrún Björnsdóttir er væntanleg á Stöð 2 í október í glænýjum spjallþætti sem nefnist einfaldlega Kolla.**

**„Ég mun spjalla við áhugaverða einstaklinga á persónulegu nótunum og fjalla um ýmsa hluti í okkar daglega lífi. Til dæmis um það hvernig best er að takast á við meðvirkni, hverjar eru bestu leiðirnar til að láta samskipti flókinna fjölskyldna ganga upp, hvað getum við gert til að draga úr einelti og jafnvel bestu leiðirnar til að halda heimilinu snyrtilegu,“ segir Kolla, sem var daglegur gestur á heimilum landsmanna í útvarpsþættinum Í bítið á Bylgjunni. En hvernig leggst það í hana að vera á leið í sjónvarp? „Það er afskaplega spennandi en þó örlítið stressandi. Sjónvarpið er allt öðruvísi miðill en útvarpið en það er líka hverjum hollt að stíga út fyrir rammann og takast á við áskoranir. Ég hlakka til.“**

**Kolla ætlar að fá til sín ótal gesti í vetur, en skyldi hún eiga einhverja draumaviðmælendur? „Þeir eru ótal margir en Hillary Clinton kemur fyrst upp í hugann. Og þá ekki um pólitíkina heldur lífið og tilveruna. Mig langar líka mikið til að spjalla við Dorrit. Það geislar af henni orkan og jákvæðnin.“ Aðspurð um fyrirmyndir í starfi segir Kolla. „Einlægni, jákvæðni og að vera maður sjálfur eru kostir sem ég met mikils. Ég segi því Hemmi Gunn.“**




ÓUPPLÝST
LÖGREGLUMÁL

# Tækjabrjálaðir **bílasjúklingar**

**Á fullu gazi** Hefst á Stöð 2 í haust.

> **Áhorfendur mega búast við stuði og dóti. Fullt af dóti. Við skoðum flottustu, skemmtilegustu, skrítnustu og ljótustu bíla landsins. Sjáum óbreytta borgara keppa í rallí og heimsækjum landsins helstu bílageggjara...**
>
> *Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir*

Þau Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir og Finnur Thorlacius ætla að leiða saman hesta sína í glænýjum og sjóðheitum bílaþætti sem nefnist einfaldlega Á fullu gazi.

„Áhorfendur mega búast við stuði. Og dóti. Fullt af dóti. Við skoðum flottustu, skemmtilegustu, skrítnustu og ljótustu bíla landsins. Sjáum óbreytta borgara keppa í ralli og heimsækjum landsins helstu bílageggjara svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Sigríður Elva. Finnur tekur undir: „Þeir mega búast við skondnu og skemmtilegu sjónarhorni á bílaheiminn, keppnishörku ýmissa þátttakenda, flottum og óvenjulegum bílum, smá fróðleik um bíla en umfram allt glensi og gamni sem fylgir bílum sem leiktækjum jafnt sem farartækjum.“

Þetta er fyrsta samstarfsverkefni Sigríðar Elvu og Finns og þeim líst vel á samstarfið. „Meðstjórnandi minn er tækjabrjálæðingur eins og ég, góður ökumaður og gullfalleg að auki. Er hægt að hafa það betra?“ spyr Finnur. Sigríður Elva segir það sömuleiðis forréttindi að vera í félagsskap fólks sem er jafnvel tækjabrjálaðra en hún sjálf. Hún segir Finn einnig hafa yfirburði þegar kemur að visku um bíla.

„Enda er Finnur einn helsti bílasérfræðingur landsins til margra ára. Ég held ég þurfi að prófa hvert einasta tryllitæki sem ég kemst yfir á næstunni til að vinna upp forskotið.“

***En hver skyldi vera draumabíll hinna nýju þáttastjórnenda?*** „Yfirleitt heillast ég mest af sportbílum sem eru bæði fagrir og kraftmiklir en kosta tíföld árslaun meðalmanns og komast ekki með góðu móti yfir hraðahindrun. Nú er ég hins vegar nýbökuð móðir og praktísk eftir því. Á Íslandi þarf bíla sem komast bæði yfir hraðahindranir í höfuðborginni og veita fullt ferðafrelsi á hálendinu. Draumabíllinn í augnablikinu er því stökkbreyttur ofurjeppi svo ég geti ferðast með krílið í vetur,“ segir Sigríður Elva. Finnur á heldur ekki í vandræðum með valið: „Draumabíllinn minn í bíli er einn sá er ég tók síðast í, Porsche 911 Turbo S, en Tesla Model S fylgir fast á eftir.“




> **Ég held að þjóðin megi alveg við því að fá sögur af frumkvöðlum, svona inn á milli frétta um markaðsmisnotkun og milljarðaafskriftir.**
>
> *Lóa Pind Aldísardóttir*

# Frumkvöðlar sem þora

## Eitthvað annað
Hefst á Stöð 2 í október.

„Það hefur lengi angrað mig hvað umræðan um atvinnusköpun á Íslandi er takmörkuð. Þessi einhæfa umræða um stóriðju eða eitthvað óskilgreint og afar loðið „annað“ er ekki líkleg til að hvetja fólk til þess að búa til alls konar störf á Íslandi. Og eftir að hafa unnið í öll þessi ár við fréttir, þar sem maður fær illt auga frá vaktstjórum ef fréttin er lengri en 90 sekúndur, fannst mér það stórkostlegt tækifæri nú þegar við erum farin af fullum krafti að framleiða íslenskt efni að fá að hitta fólk sem er að gera „eitthvað annað“,“ segir Lóa Pind Aldísardóttir um tilurð væntanlegra þátta sem nefnast einfaldlega Eitthvað annað.

„Ég held líka að geðheilsa þjóðarinnar megi alveg við því að fá sögur af skapandi frumkvöðlum, svona inn á milli frétta um milljarðaafskriftir og markaðsmisnotkun hrunsins. Sögur sem vekja innblástur en ekki reiði.“

Þættir Lóu, Tossarnir, vöktu mikla athygli fyrr í sumar og Lóa heldur áfram að fjalla um menn og málefni sem vekja áhuga hennar. „Ég hef einfaldlega brennandi áhuga á fólki sem þorir, fólki sem hefur ástríðu fyrir því sem það gerir og fólki sem hugsar út fyrir rammann. Frumkvöðlar eru svoleiðis fólk, fólkið sem fær hugmynd og er tilbúið að leggja nótt við dag, vinna launalaust ef þörf krefur og jafnvel fresta jólunum ef það er það sem þarf. Við Egill Aðalsteinsson myndatökumaður fengum að verja tíma með alls konar frumkvöðlum í hinum ólíkustu geirum til þess að segja sögu þessa fólks. Og ég dáist óendanlega að svona fólki sem þorir að stíga skrefið út fyrir þægindaramma launþegans og láta drauminn um „eitthvað annað“ rætast.“

Lóa segir sitthvað hafa komið sér á óvart við gerð þáttanna. „Það sem hefur komið mér mest á óvart er hvað það er til öflugt frumkvöðlasamfélag á Íslandi. Því þótt sprotafyrirtæki fái talsverða athygli í fjölmiðlum þá er slík umfjöllun í smáskömmtum þannig að maður fær ekki tilfinningu fyrir umfanginu og fjöldanum. Þau eru svo miklu, miklu fleiri en CCP, Marel og Össur. Ísland er fullt af fólki sem hefur uppgötvað eittvað nýtt og komið því á markað. Ég vona bara að þættirnir verði einhverjum áhorfendum innblástur og frumkvöðlunum fjölgi enn frekar. Eins kom mér á óvart hversu margir frumkvöðlar kváðust vera ofvirkir með athyglisbrest. Það virðist vera eiginleiki sem nýtist vel við nýsköpun.“


Á fullu
GAZI

# Fyrir alla fjölskylduna

**Rikka** Hefst á Stöð 2 í janúar.

**„Einn þátturinn kemur til með að fjalla um þær íþróttir sem öll fjölskyldan getur stundað saman.**

*Friðrika Hjördís Geirsdóttir*

„Þátturinn tekur á því helsta sem tengist heilsu og hreyfingu. Það hefur orðið mjög jákvæð heilsuvakning í þjóðfélaginu og fólk er orðið meðvitaðra um mikilvægi hreyfingar og mataræðis. Í þættinum ætla ég að kynna mér þær íþróttir sem fólk er helst að stunda og hvernig sé best að koma sér af stað í hverri íþrótt fyrir sig,“ segir Friðrika Hjördís Geirsdóttir, Rikka, sem vinnur nú að undirbúningi nýrra þátta um heilsu og hreyfingu, sem ætlaðir eru fyrir alla fjölskylduna og bara alla sem vilja standa upp úr sófanum.

„Sem dæmi má nefna hlaupaíþróttina og leitast ég við að svara því hvernig er best að undirbúa sig fyrir lengri sem og styttri hlaup og hvaða búnaður er æskilegur. Einnig kem ég inn á mataræði og næringu, sem er grunnurinn að góðri heilsu. Markmiðið er að áhorfendur verði meðvitaðir um eigin heilsu og finni það hjá sér að huga að henni.“

Rikka segir að þættinum sé fyrst og fremst ætlað að virka hvetjandi en sé ekki hugsaður til að predika eitt eða neitt.

„Þátturinn er fyrir alla fjölskylduna. Einn þátturinn kemur til með að fjalla um þær íþróttir sem öll fjölskyldan getur stundað saman enda byrjar gott hugarfar gagnvart hreyfingu og heilsu snemma. En það er heldur aldrei of seint að byrja að huga að heilsunni og ég hugsa að flestir vilji láta sér og öðrum líða örlítið betur.“




**„Glænýir þættir af Ávaxtakörfunni verða teknir til sýninga á Stöð 2 um helgina.**

# Bestu vinir barnanna

**Ávaxtakarfan**
Hefst á Stöð 2
14. september.

**Stöð 2 leggur metnað sinn í að bjóða upp á hágæða íslenskt barnaefni í bland við talsettar teiknimyndir og kvikmyndir fyrir yngstu áhorfendurna. Barnaefni er sýnt reglulega á Stöð 2 auk þess sem Krakkastöðin sýnir íslenskt og talsett barnaefni frá klukkan 7 á morgnana og fram eftir kvöldi. Krakkastöðin fylgir áskrift að Stöð 2.**

**Glænýir þættir af Ávaxtakörfunni verða teknir til sýninga á Stöð 2 um helgina, en um er að ræða ellefu þætti sem framleiddir voru samhliða kvikmyndinni Ávaxtakarfan. Boðskapurinn er góður, allir eiga að vera vinir og allir mega vera með. En það getur tekið tíma fyrir ávextina að læra þessi grunngildi. Kvikmyndin Ávaxtakarfan fékk Edduverðlaun fyrr á árinu sem besta barnaefnið. Þættirnir hefja göngu sína á morgun.**

**Sveppi er langbesti vinur barnanna og hann heldur áfram að skemmta ungum sem öldnum í félagsskap Villa vinar síns. Þá er einnig væntanleg þáttaröð um Ben 10, sem nú er talsett á íslensku. Góðkunningjarnir Dóra og Klossi, Diego, Svampur Sveinsson og Pétur, mörgæsirnar frá Madagaskar, Doddi, Eyrnastór og allir hinir halda einnig áfram að gleðja börnin á hverjum degi á Stöð 2 og Krakkastöðinni.**


RIKKA

# Kvikmyndaveisla á Stöð 2

## Toppmyndir Í allan vetur.

**The Dark Knight Rises og Hunger Games verða sýndar á Stöð 2 um helgina og það er bara byrjunin á sannkallaðri kvikmyndaveislu sem stendur fram á vor á Stöð 2.**




Kvikmyndir hafa ávallt skipað veglegan sess í helgardagskrá Stöðvar 2 og það er óhætt að lofa skemmtilegum kvikmyndavetri. Veislan byrjar í kvöld þegar Julia Roberts mætir í hlutverki vondu stjúpunnar í myndinni Mirror Mirror. Strax í kjölfarið er komið að stórmyndinni The Hunger Games sem sló eftirminnilega í gegn í bíó.

Á laugardagskvöld verður síðan sýnt meistaraverkið The Dark Knight Rises með Christian Bale og Anne Hathaway í aðalhlutverkum. Þetta er síðasta myndin í þríleik leikstjórans Christophers Nolan um ofurhetjuna Batman.

Í september verða einnig sýndar stórmyndin Snow White and the Huntsman með Charlize Theron, gamanmyndin The Watch með Ben Stiller og Vince Vaughn fremstum í flokki og hasarmyndin Fast Five með Vin Diesel, Paul Walker og Dwayne Johnson í aðalhlutverkum.

Síðan rekur hver stórmyndin aðra í allan vetur og má þar nefna myndirnar Argo, The Campaign, The Bourne Legacy, Taken 2, Lawless, Magic Mike, The Expendables 2, Life of Pi, The Adventures of Tintin, Lincoln, The Amazing Spider-Man, Heat, Gangster Squad, Men In Black 3, Silver Linings Playbook, Cloud Atlas og Django Unchained.



# Hver er föðurlandssvikari?

## Homeland Hefst 6. október.



**Glæný röð af verðlaunaþáttunum Homeland er væntanleg á Stöð 2 og verður sýnd strax í kjölfar frumsýningar í bandarísku sjónvarpi.**

**Homeland hlaut Emmy-verðlaunin í fyrra sem besta dramatíska þáttaröðin í sjónvarpi en þættirnir hafa einnig hlotið Golden Globe-verðlaunin undanfarin tvö ár í sama flokki. Auk þess hlutu báðir aðalleikendurnir, Damien Lewis og Claire Danes, Emmy-verðlaunin í fyrra.**

**Síðustu þáttaröð lauk með mikilli dramatík og bíða margir spenntir eftir framhaldinu. Nicholas Brody (Lewis) er á flótta eftir að honum var kennt um hryðjuverkaárás á höfuðstöðvar bandarísku leyniþjónustunnar og hann er núna efstur á lista yfir eftirlýsta hryðjuverkamenn. Á sama tíma er Carrie Mathison (Danes) hætt að taka geðlyfin sín og alveg að missa stjórn á lífi sínu.**




# Skemmtilegasta stórfjölskyldan snýr aftur

## Modern Family Hefst á Stöð 2 1. október.

Fimmta þáttaröðin af einum vinsælasta gamanþætti samtímans, Modern Family, hefur göngu sína innan skamms.

Vel má hugsa sér að hluti af aðdráttaraflinu séu hin fjölbreyttu fjölskyldumynstur og skrautlegar persónur, sem eflaust nokkrir þekkja úr eigin nærumhverfi. Hugmyndasmiðir þáttanna, þeir Christopher Lloyd og Steven Levitan, fengu hugmyndina að þættinum góða eftir að hafa skipst á þó nokkrum krassandi sögum af eigin fjölskyldum. Þá hafa reynslusögur úr lífi leikaranna í þáttunum oftar en ekki ratað í þættina.

Í þáttaröðinni komandi hefur ein ný persóna bæst í hópinn, sonur Jays og Gloriu, sem er þá ýmist hálfbróðir, mágur eða frændi hinna aðalpersónanna. Það verður gaman að fylgjast með einhverjum fyndnustu fjölskyldum sjónvarpssögunnar á Stöð 2 í vetur.


CHRISTIAN BALE
MICHAEL CAINE
GARY OLDMAN
ANNE HATHAWAY
TOM HARDY
MARION COTILLARD
JOSEPH GORDON-LEVITT
AND MORGAN FREEMAN
A FILM BY CHRISTOPHER NOLAN
THE DARK KNIGHT RISES

# Nálgast viðkvæm mál af nærgætni og virðingu

**Íslenskir ástríðuglæpir** Á Stöð 2 í vetur.

> **Þetta eru allt hræðileg mál þar sem fórnarlömbin eru heilu fjölskyldurnar.**

„Margir af sorglegustu og jafnframt hrottalegustu glæpum landsins eru ástríðuglæpir. Þetta eru allt hræðileg mál þar sem fórnarlömbin eru heilu fjölskyldurnar. Ég hef mikla samúð með þeim. Í sumum tilfellum er nálægð geranda og þolanda mikil sem gerir þetta að viðkvæmum og erfiðum málum. Við munum því nálgast þetta af virðingu og nærgætni,“ segir sjónvarpsmaðurinn Ásgeir Erlendsson, sem hefur umsjón með Íslenskum ástríðuglæpum, nýjum íslenskum heimildarþáttum sem væntanlegir eru á Stöð 2 í vetur. Þættirnir Mannshvörf vöktu mikla athygli á Stöð 2 fyrr á árinu og heldur Helga Arnardóttir áfram á sömu braut með nýrri þáttaröð, Óupplýst lögreglumál, nú í haust. Íslenskir ástríðuglæpir verða í svipuðum stíl, þar sem viðtöl við sérfræðinga, þolendur og aðstandendur sem og ítarleg og vönduð umfjöllun um hvert mál verða aðalsmerki þáttanna.

„Ástríðuglæpir eru sjaldnast fyrir fram skipulagðir og þau íslensku mál sem við erum að skoða eru þannig. Þessir glæpir eru því miður oft framdir í stundarbrjálæði og af hvatvísi. Ástríðuglæpir eru því ekki eingöngu þeir glæpir þar sem gerandi og þolandi þekkjast heldur þar sem gerandi og þolandi þekkjast ekki. Tilgangurinn er að reyna að komast að því hvers vegna glæpir sem þessir eru framdir,“ segir Ásgeir.

„Þegar ég var í sálfræði í Háskólanum í Reykjavík voru þetta glæpir sem gripu athygli mína ekki síst vegna þess að í mörgum tilfellum, þó ekki öllum, eru þeir sem fremja þessa glæpi ekki endilega þeir sem fyrir fram þættu líklegir afbrotamenn. Í mörgum málanna er um að ræða mjög hrottalegan fyrsta glæp viðkomandi.“




# Íslenskir tónar úr messanum

**Beint frá messa**
Hefst á Stöð 2 14. september.

Bubbi Morthens vakti athygli með þáttaröðinni Beint frá býli síðastliðinn vetur, þar sem landsþekktir tónlistarmenn héldu tónleika heima í stofu hjá bændum. Nú er væntanleg ný þáttaröð þar sem tónlistarmenn halda tónleika í messa skipa. Skipin eru hvaðanæva af landinu og hljómsveitirnar jafn ólíkar og þær eru margar. Meðal þeirra sem troða upp í messanum eru Stuðmenn og Gylfi Ægisson ásamt Pöpunum. Auk þess flytur Bubbi Morthens Ísbjarnarblús í heild sinni í einum þáttanna, í fyrsta skipti í áratugi. Íslensk tónlist í hæsta gæðaflokki flutt við afar íslenskar aðstæður í Beint frá messa.

# Grátur og gleði

**Grey‘s Anatomy**
Hefst á Stöð 2 miðvikudaginn 2. október.

Tíunda þáttaröðin af vinsælasta erlenda þætti Stöðvar 2 frá upphafi er væntanleg í byrjun október en Grey‘s Anatomy verður sýndur á Stöð 2 beint á eftir frumsýningu í Bandaríkjunum.

Shonda Rhimes er hugmyndasmiður þáttanna og segir að í upphafi hafi hún einfaldlega viljað búa til þátt sem hún sjálf myndi vilja horfa á. Það er því hægt að gefa sér að heill her karla og kvenna um heim allan deili smekk Rhimes á því hvað er skemmtilegt sjónvarpsefni, slíkar eru vinsældir þáttanna.

Það liggur fyrir að Sandra Oh (dr. Cristina Yang) mun yfirgefa leikhópinn í þessari þáttaröð, en hvernig brotthvarf hennar kemur til með að vera skrifað inn í þáttinn verður að koma í ljós. Lítið hefur nefnilega verið gefið upp um hvað fyrir læknana á Grey-Sloan Memorial-spítalanum kemur á komandi vikum, en það ætti að vera óhætt að gefa sér að engin lognmolla einkenni komandi misseri.




Íslenskir
ástríðuglæpir

# Læknisfræði **á mannamáli**

**Doktor** Hefst á Stöð 2 í október.

**„Undirtónninn í þáttunum er að almenningur taki með sér boðskap úr þeim sem vonandi mun geta haft jákvæð áhrif á líf þeirra og líðan.**

„Lífsstíll, heilsuefling og forvarnir eru helstu áhersluatriði þáttanna og við tengjum þær áherslur við fræðslu um hina ýmsu sjúkdóma og kvilla, samanber hjarta- og æðasjúkdóma, krabbamein, innkirtla- og efnaskiptasjúkdóma, barnasjúkdóma auk andlegra þátta sem skipta sköpum í þróun hinna ýmsu vandamála. Ýmis viðkvæm mál verða einnig tekin fyrir, svo sem steranotkun karla, þvagleki kvenna, kynlíf og margt fleira áhugavert,“ segir Teitur Guðmundsson, sem ásamt Telmu Tómasson stýrir væntanlegum þáttum sem nefnast einfaldlega Doktor.

„Áhorfendur mega búast við því að þarna fari þáttur sem verður upplýsandi og skemmtilegur, tekur á málefnum tengdum heilsu á líflegan hátt og kannski eins og einhver sagði „læknisfræði á mannamáli“. Undirtónninn í þáttunum er að almenningur taki með sér boðskap úr þeim sem vonandi mun geta haft jákvæð áhrif á líf þeirra og líðan.“

Teitur segir eitt og annað hafa komið á óvart við vinnslu þáttanna.

„Hversu mikinn tíma það tekur að gera slíka þætti og hvað það eru mörg handtök sem þarf til að setja slíkt saman. Einnig var gaman að finna hvað það var mikill áhugi hjá fagfólki á að taka þátt og leggja sitt af mörkum.“




# Allir hafa **merkilega sögu að segja**

**Sjálfstætt fólk** Stöð 2 á sunnudagskvöldum.

**„Það skemmtilegasta við Sjálfstætt fólk er auðvitað fólkið sjálft. Hið sjálfstæða fólk sem við öll erum. Landið er frjálst og við líka. Hver hefur ekki áhuga á því að kynnast fólki eins og það er í raun og veru, hvað það er að fást við og hvernig það sér hlutina, lífið og tilveruna? Ég hef stundum sagt: Maðurinn er mesta undrið. Við höfum áhuga hvert á öðru og það er ef til vill það sem gerir okkur að mönnum. „Maður er manns gaman“ eins og kerlingin sagði,“ segir Jón Ársæll Þórðarson, sem nú hefur farið af stað með þrettándu þáttaröðina af einum vinsælasta þætti Stöðvar 2 frá upphafi, Sjálfstæðu fólki.**

**Jón Ársæll segist ekki hafa neinn sérstakan óskalista yfir mögulega viðmælendur.**

**„Ég elska alla. Mín reynsla er sú að hver einasti karl og kona hafi merkilega sögu að segja. Það er bara að hlusta. Þannig koma í raun allir til greina sem viðmælendur. Það er okkar sem vinnum við þetta fag að hlusta og skrásetja en auðvitað er það ekki sama hvernig það er gert. Ég er svo heppinn að með mér vinnur mökkur af frábæru fólki á Stöð 2, fólk sem leggur sig fram við að gera hlutina eins vel og hægt er. Að búa til hálftíma heimildarmynd á viku verður ekki gert nema með fólki sem rær í sömu átt og reddar hlutunum þegar á þarf að halda og vandar sig við það. Og svo má ekki gleyma Sigríði Guðlaugsdóttur, frábæra tenglinum okkar, og aðalmanninum og stjórnandanum, Steingrími Jóni Þórðarsyni, sem er búinn að vera með mér frá upphafi og gerir fjölda kraftaverka í viku hverri,“ segir þáttarstjórnandinn góði.**

**„Þegar ég hugsa til baka finnst mér hver einasti viðmælandi hafa komið mér á óvart á einhvern hátt. Við erum í einfaldleika okkar líka flókin og margbreytileg. Mér verður oft hugsað til þess hversu gaman það væri að sjá heiminn með augum einhvers annars. Komast þannig inn fyrir eða á bak við augu og eyru þess sem ég er að ræða við.“**

**„Þegar ég hugsa til baka finnst mér hver einasti viðmælandi hafa komið mér á óvart á einhvern hátt.**


HÁR
ERFÐIR
SÁL
AUGU
HJARTA
VÖÐVAR
HORMÓNAR
BÖRN
EFNASKIPTI
OFNÆMI
REYKINGAR
STOÐKERFI
FORVARNIR
RANNSÓKNIR
BEIN
FORDÓMAR
Svefn
VATN
FÓSTUR
RISTILL
DARMUR
Doktor



# Krakka stöðin

## Krakkastöðin fylgir með áskrift að Stöð 3

Stöð 3 + Krakka stöðin + ♪

2.990 kr.

á mánuði.

**FYLGIR**
áskrift
að Stöð 2

## Dagskrá


7:00 | 11:00 | 15:00


8:00 | 12:00 | 16:00


9:00 | 13:00 | 17:00


10:00 | 14:00 | 18:00


7:25 | 11:25 | 15:25


8:25 | 12:25 | 16:25


9:25 | 13:25 | 17:25


10:25 | 14:25 | 18:25


7:50 | 11:50 | 15:50


8:50 | 12:50 | 16:50


9:50 | 13:50 | 17:50


10:50 | 14:50 | 18:50

## Teiknimyndir kl 19:00



















♪ Lesnar sögur og skjámynd kl. 20:30 - 22:00

## fasteignir

# Glæsileg hæð við Snekkjuvog

104 Reykjavík



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

- Hæð með bílskúr
- Þríbýli, í enda botnlanga
- Mikið endurnýjað

**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **35,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# Holtsgata 32

101 Reykjavík

100% Yfirtaka + söluþóknun



**OPIÐ HÚS**
Föstudag 13. sept. 17:30 - 18:00

Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

Glæsileg 5-6 herbergja
íbúð 115,9 fm að stærð
Yfirtaka + sölulaun
Greiðslubirgði á mánuði kr. 170 þús.

**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **39,8 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**TRAUSTI** fasteignasala

## Ólafsgeisli 22



Höfum fengið í einkasölu glæsilegt og einstakt einbýlishús við Ólafsgeisla Reykjavík. Húsið er staðsett við golfvöllinn í Grafarholti og er um glæsilega útsýniseign að ræða. Húsið er skráð sem sem tvær eignir en er innréttað sem einbýli á tveimur hæðum. Er um að ræða eina einbýlið sem stendur fyrir neðan götu við golfvöllinn í Grafarholti. Stærð 396,2 fm. **Verð kr. 140.000.000**

**Fáið frekari upplýsingar hjá Kristjáni Baldurssyni hdl. og löggiltum fasteignasala í síma 867-3040 eða á netfanginu kristjan@trausti.is**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

Vissir þú að... bannað er að mismuna börnum eftir því hvað foreldar þeirra gera.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## Atvinna í boði

SÓLAR

**SÓLAR EHF**
Ósku eftir fólki í ræstingarvinnu, þarf að hafa bílpróf og eigin bíl. Upplýsingar í s.778-2043 milli 11-16.

We are looking for people for cleaning jobs, must have driving license and own car.

**mojo**
Við á Mojo getum bætt við okkur fólki í stólaleigu, góð tækifæri framundan.
mojo.mojo@outlook.com

**KAFFI ZIMSEN**
Óskar eftir vönum barþjónum, fólki í uppvask og dyravörðum. Uppl. í s. 775 3939 / 774 5959

Blikksmiðjan Vík ehf óskar eftir að ráða blikksmið eða mann vanan blikksmíði,þarf að geta starfað sjálfstætt. Umsóknir sendist á eyjolfur@blikkvik.is Öllum verður svarað

**SANDHOLT LAUGAVEGI**
Starfsfólk óskast í ræstingar. Uppl. í s. 659 3439 Lísa.

**Jói Fel**

**HJÁ JÓA FEL HOLTAGARÐAR**
Óskum eftir fólki til afgreiðslustarfa í bakarí okkar í Holtagörðum, vinnutími frá kl. 12-18:30 og aðrahvora helgi . Íslenskukunnátta skilyrði.
**Vinsamlega sendið umsóknir á linda@joifel.is**

## Atvinna óskast

Smiðir óska eftir vinnu. Áhugasamir hafið samband í s. 847 0638.

## tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Hverfisgata 103, reitur 1.154.4

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi reits 1.154.4 vegna lóðarinnar nr. 103 við Hverfisgötu. Breytingin felur í sér að bætt er við möguleika á að nýta reitinn undir byggingu hótels. Að öðru leiti gilda fyrri skilmálar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Laugavegs- og Skólavörðustígsreitur, 1.171.3

Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.171.3, Laugavegs – og Skólavörðustígsreits. Í breytingunni felst að gera megi minniháttar breytingar á húsum m.a. svalir, kvistir, skyggni og lagfæringar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 13. september 2013 til og með 25. október 2013**. Einnig má sjá tillögurnar og skýrslur á vefsíðunni, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 25. október 2013. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 13. september 2013
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

19 ára stelpa af höfuðborgarsvæðinu vill kynnat karlmanni undir fertugu. Símastefnumót Rauða Torgsins, sími 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8627.

Falleg kona vill kynnast karlmanni, 45+, verður að vera með sín mál á hreinu. Símastefnumót Rauða Torgsins, sími 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8593.

Ung kona (19 ára), vill kynnast eldri manni. Vil hafa það hressilegt. Símastefnumót Rauða Torgsins, sími 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8944.

Kona, leitar þú að raunverulegri tilbreytingu? Notaðu Rauða Torgið, það er frítt og það virkar. Auglýstu núna í síma 535-9923.

## tilkynningar

EFLING STÉTTARFÉLAG

# Fulltrúakjör

**til reglulegs þings Starfsgreinasambands Íslands**

Allsherjaratkvæðagreiðsla verður viðhöfð við kjör fulltrúa á reglulegt þing Starfsgreinasambands Íslands sem haldið verður í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri 16.-18. október 2013.

Tillögur vegna reglulegs þings Starfsgreinasambands Íslands með nöfnum 58 aðalfulltrúa og jafnmörgum til vara ásamt meðmælum 120 fullgildra félagsmanna skulu hafa borist skrifstofu Eflingar-stéttarfélags fyrir kl. 16.00 föstudaginn 20. september 2013.

***Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags***

# Auglýsing um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogs á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

**Kópavogsbraut 1a-c, Kópavogstún 3, 5, 7 og 9. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Kópavogs þann 25. júlí 2013 tillögu að breyttu deiliskipulagi Kópavogsbraut 1a-c, Kópavogstún 3, 5, 7 og 9. Tillagan var kynnt frá 3. júní með athugasemdafrest til 16. júlí 2013. Athugasemdir og ábendingar bárust. Þeim aðilum sem sendu inn athugasemdir og ábendingar hefur verið send umsögn skipulagsnefndar. Málsmeðferð var samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Vakin er athygli á málskotsrétti samanber 10. kafla skipulagslaga nr. 123/2010 og lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 en þar kemur fram að stjórnvaldsákvarðanir má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þ.e. frá og með 13. september 2013.

**Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreinda skipulagsáætlun er hægt að nálgast á skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi milli kl. 8:00 og 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:00 til 15:00.**

Kópavogsbær
kopavogur.is



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Íslenskt af nýslátruðu
NÝ SLÁTRAÐ
FERSKUR HÁLFUR LAMBAHRYGGUR
LUNDAPARTURINN
ÍSLANDS LAMB
1998 krónur kg
NÝ SLÁTRAÐ
FERSKT LAMBALÆRI
ÍSLANDS LAMB
1498 krónur kg
FERSK LAMBALIFUR
NÝ SLÁTRAÐ
ÍSLANDS LAMB
298 krónur kg
FERSK LAMBAHJÖRTU
NÝ SLÁTRAÐ
ÍSLANDS LAMB
298 krónur kg
ÍSLANDS NAUT
ÍSLANDSNAUT
3598 krónur kg
FERSKT UNGNAUTAFILLET
Ali
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
695 krónur kg
KS
KS FROSIN LAMBALIFUR
HAUST SLÁTRUN 2012
98 krónur kg
SS
SS FROSIÐ LAMBALÆRI
HAUST SLÁTRUN 2012
1198 krónur kg
FROSINN SAGAÐUR LAMBABÓGUR
KS
HAUST SLÁTRUN 2012
598 krónur kg
FERSKUR KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR FERSKUR KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR FERSKUR KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR
1995 krónur kg
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
KJÚKLINGAVÆNGIR
279 krónur kg
KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
759 krónur kg
KJÖRFUGL HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR
AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUDAGUR 10:00-19:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUDAGUR 10:00-19:30






## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 5 | | | 3 | | 1 | | 9 |
| 7 | 2 | | 5 | | | 8 | | 4 |
| | | 3 | | | | 7 | | 5 |
| 9 | 7 | 5 | | | | | | |
| | 6 | 8 | | 5 | | 4 | | |
| | | | 7 | | 8 | | 1 | 6 |
| 2 | | 6 | 8 | | | 9 | | |
| 4 | | 1 | 9 | 7 | 6 | 3 | | |
| | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | | | 6 | | | 7 |
| 5 | | 1 | | | | | 8 | 3 |
| 4 | | 3 | 7 | | | | | |
| | 1 | 4 | | 9 | | 5 | | 2 |
| 2 | | | | 6 | 7 | 8 | 9 | |
| | | | | | | 3 | | |
| | | | | 2 | 5 | | | |
| 9 | | | 1 | | | | | |
| | | 6 | 9 | | | | 2 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | | | 3 | 5 | |
| | | | | | 9 | | 4 | |
| 3 | 6 | 7 | 1 | | | | | 2 |
| | | | | | 4 | 6 | | |
| 5 | 8 | | | | | | | 3 |
| | | 2 | 3 | | | 9 | | |
| 2 | | | | | 7 | | 1 | |
| | | | 4 | 2 | | | | |
| | 7 | 1 | | 9 | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 1 | 6 | 4 | 2 | 7 | 9 | 3 |
| 9 | 7 | 4 | 3 | 1 | 8 | 6 | 5 | 2 |
| 2 | 3 | 6 | 9 | 7 | 5 | 4 | 8 | 1 |
| 6 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 8 | 1 | 7 |
| 1 | 4 | 8 | 7 | 2 | 6 | 5 | 3 | 9 |
| 7 | 5 | 3 | 1 | 8 | 9 | 2 | 4 | 6 |
| 4 | 2 | 9 | 8 | 3 | 7 | 1 | 6 | 5 |
| 8 | 6 | 5 | 2 | 9 | 1 | 3 | 7 | 4 |
| 3 | 1 | 7 | 5 | 6 | 4 | 9 | 2 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 2 | 4 | 1 | 8 | 5 | 3 | 9 |
| 8 | 3 | 9 | 2 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 |
| 1 | 4 | 5 | 9 | 3 | 7 | 6 | 8 | 2 |
| 4 | 2 | 3 | 1 | 6 | 9 | 8 | 7 | 5 |
| 9 | 5 | 8 | 3 | 7 | 2 | 4 | 1 | 6 |
| 7 | 6 | 1 | 8 | 4 | 5 | 9 | 2 | 3 |
| 2 | 8 | 4 | 5 | 9 | 3 | 7 | 6 | 1 |
| 3 | 9 | 7 | 6 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 |
| 5 | 1 | 6 | 7 | 2 | 4 | 3 | 9 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 |
| 6 | 2 | 3 | 5 | 9 | 4 | 7 | 8 | 1 |
| 9 | 5 | 8 | 3 | 1 | 7 | 4 | 2 | 6 |
| 4 | 3 | 9 | 6 | 5 | 8 | 1 | 7 | 2 |
| 5 | 8 | 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 9 | 3 |
| 2 | 6 | 7 | 9 | 3 | 1 | 8 | 5 | 4 |
| 3 | 4 | 2 | 7 | 6 | 9 | 5 | 1 | 8 |
| 8 | 9 | 5 | 1 | 4 | 3 | 2 | 6 | 7 |
| 1 | 7 | 6 | 2 | 8 | 5 | 3 | 4 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




### SPAKMÆLI DAGSINS

Óttastu ekki að lífi þínu mun ljúka. Óttastu fremur að það muni aldrei byrja.

*Newman kardináli*

### SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Oliver Aron Jóhannesson (2008) vann verðskuldaðan sigur á Meistaramóti Hellis sem lauk sl. mánudag. Í lokaumferðinni vann hann Jón Árna Halldórsson (2213). Svartur á leik**



46...De1+! 47. Df2 Dxb4 48. c6 bxc6 49. Db6? (49. a6 hefði verið betra) 49...De1+ 50. Df2 Dxa5 51. Rd4 Dxe5 og svartur vann öruggalega. Oliver fékk vinningi meira en næstu menn, sem urðu Kjartan Maack, Sverrir Örn Björnsson og Vignir Vatnar Stefánsson. **www.skak.is.** NM grunnskóla- og barnaskólasveita hefjast í dag.



### KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** fyrirhöfn, **6.** í röð, **8.** eyrir, **9.** heiður, **11.** bókstafur, **12.** röndin, **14.** pabbi, **16.** tvíhljóði, **17.** líða vel, **18.** viður, **20.** tveir eins, **21.** stertur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ómögulegur, **3.** skóli, **4.** vöxtur, **5.** knæpa, **7.** tré, **10.** keyra, **13.** svelg, **15.** pottréttur, **16.** sigað, **19.** pfn.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ómak, **6.** fg, **8.** aur, **9.** æra, **11.** ká, **12.** rákin, **14.** faðir, **16.** au, **17.** una, **18.** tré, **20.** gg, **21.** tagl. **LÓÐRÉTT: 1.** ófær, **3.** ma, **4.** aukning, **5.** krá, **7.** gráfura, **10.** aka, **13.** iðu, **15.** ragú, **16.** att, **19.** ég.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT VERÐ Í BÓNUS
Eldhúsrúllur
4 stykki
STERKUR
BÓNUS
359
krónur 4 rl.
BÓNUS ELDHÚSRÚLLUR ( 4 x 60 BLÖÐ )
NICKY
Elite
3 Free Rolls
12 Rolls for the Price of 9
898
krónur 12 rl
NICKY SALERNISPAPPÍR 12 RÚLLUR
Gatorade
179
krónur 500ml
NEW DELICIOUS 3 GRAIN RECIPE
Kellogg's
Special K
759
krónur 750gr
KELLOGG'S SPECIAL K 750g
+20%
Isio 4
569
krónur 1.2 ltr.
ISIO4 OLÍA 20% MEIRA 1.2 ltr.
Barilla
SPAGHETTI n.5
1Kg
259
krónur 1 kg
泡麵泡麵飯店
Yum Yum
98
krónur 70g
YUM YUM NÚÐLUR 70gr BOX
FAIRY
398
krónur 1 ltr.
FAIRY UPPÞVOTTALÖGUR
ROOKEE
29
krónur 85g
ROOKIE NÚÐLUR 85gr PAKKI
PRINCE POLO
CLASSIC
998
krónur 32 stk.
PRINCE POLO KASSI 32 STYKKI
BKI
Classic
598
krónur 500gr
BKI KAFFI 500g
Kolsýrt vatn
BÓNUS
Mix
Coca-Cola
129
krónur 2 ltr.
229
krónur 2 ltr.
198
krónur 1.5 ltr
ARIEL
ACTILIFT
1998
krónur 45 þvottar
ARIEL ÞVOTTAEFNI 45 ÞVOTTAR
Neutral
STORVASK
0% optisk hvidt
0% farvestoffer
0% parfume
698
krónur 16 þvottar
NEUTRAL ÞVOTTAEFNI
16 ÞVOTTAR
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# Glæný aðalpersóna í verðlaunabók Arnaldar

Arnaldur Indriðason hlaut í gær RBA-bókmenntaverðlaunin spænsku. Verðlaunin hlaut hann fyrir bókina Skuggasund þar sem glænýr lögreglumaður er kynntur til leiks. Bókin kemur út 1. nóvember.

Það er auðvitað mikill heiður að hljóta þessi verðlaun hér á Spáni,“ segir Arnaldur Indriðason, sem í gær hlaut spænsku RBA-bókmenntaverðlaunin fyrir bók sína Skuggasund, sem kemur út samtímis á íslensku og spænsku 1. nóvember. „Þau hjá Forlaginu spurðu mig í vetur hvort ég ætti ekki eitthvað til að senda í þessa keppni og það vildi til að ég var einmitt að ljúka við Skuggasund. Hún var þýdd yfir á spænsku í snatri, send inn í keppnina og þetta er niðurstaðan.“

Þekktasta persóna Arnaldar, lögreglumaðurinn Erlendur, er víðs fjarri í nýju bókinni og raunar allt hans lögregluteymi. „Þetta er alveg glæný persóna,“ segir Arnaldur. „Lögreglumaður á eftirlaunum sem fer að garfa í gömlu sakamáli frá 1944 þegar stúlka fannst myrt bak við Þjóðleikhúsið. Sagan fjallar um rannsókn málsins bæði á þeim tíma og í nútímanum.“

Byggir sagan þá á raunverulegu sakamáli? „Nei, nei, alls ekki, þetta er allt hreinn skáldskapur,“ segir Arnaldur.

Bókin hefur enn sem komið er ekki verið seld til fleiri landa en væntanlega munu þessi verðlaun auka eftirspurnina. Arnaldur er til dæmis geysivinsæll í Frakklandi þar sem bókaverslanir auglýsa hann sem konung glæpasögunnar, en hann segist aldrei hugsa um erlendan markað þegar hann skrifar. „Alls ekki, ég einbeiti mér að því að skrifa íslenskar sögur fyrir Íslendinga, hitt er bara ánægjulegur fylgifiskur.“



**KÓNGURINN** Arnaldur Indriðason kynnir nýjan lögreglumann til leiks í verðlaunabókinni Skuggasundi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

RBA-bókmenntaverðlaunin eru ein þekktustu verðlaun heims í glæpasagnaheiminum, en þau eru veitt á hverju ári fyrir óútgefna glæpasögu. Samkeppnin var hörð því 183 handrit voru send inn í keppnina í ár, sem eru reyndar tíðindi fyrir Arnald. Spurður hvort hann hafi átt von á því að sigra segir hann svo ekki hafa verið, þótt auðvitað hafi sá möguleiki hvarflað að honum. „Þetta er mjög ánægjulegt í alla staði og eins og ég segi mikill heiður,“ segir hann. **- fsb**

# Íslenskri vídeólist gerð skil í Hafnarhúsi

Sýningarnar Brunnar eftir Zilvinas Kempinas, Vera eftir Tomas Martišauskis og Íslensk vídeólist frá 1975-1990 verða opnaðar í Hafnarhúsinu á morgun klukkan fjögur.

Fjölbreyttar listsýningar eru á dagskrá Listasafns Reykjavíkur í vetur. Á morgun, þann 14. september klukkan fjögur, verða opnaðar þrjár sýningar í Hafnarhúsinu sem marka upphaf sýningatímabils vetrarins. Þetta eru sýningarnar Brunnar eftir litháíska listamanninn Zilvinas Kempinas, Vera eftir Tomas Martišauskis, sem einnig er frá Litháen, og sýningin Íslensk vídeólist frá 1975-1990 þar sem sýnd verða verk eftir á annan tug listamanna. „Á sýningunni er til dæmis að finna verk eftir Steinu Vasulka sem er meðal frumkvöðla á sviði vídeólistar á heimsvísu og myndband með Sykurmolunum,“ segir Berghildur Erla Bernharðsdóttir, kynningarstjóri Listasafns Reykjavíkur.

„Verkin voru flest sýnd í fyrsta skipti hér á landi á níunda áratug síðustu aldar. Fæst þeirra hafa verið sýnd hér síðan. Markmiðið með sýningunni er að draga fram verk sem sýna fyrstu tilraunir íslenskra listamanna til að nota vídeómiðilinn til listsköpunar. Það gerist um svipað leyti og vídeóleigurnar héldu innreið sína í íslenskt menningarlíf og tónlistarmyndbönd urðu hluti af markaðssetningu nýrra hljómplatna,“ útskýrir Berghildur.

Brunnar er staðbundin innsetning. „Segulbönd bylgjast í gusti frá tíu aflmiklum loftræstiblásurum og mynda þannig eins konar landslag. Litháíski listamaðurinn Zilvinas Kempinas hefur nýtt sér segulbönd úr VHS-spólum til að skapa verk sem virðast hafna upprunalegu hlutverki miðilsins. Verkin eru byggð á nýrri tækni og hafa löngum vakið nostalgíu hjá þeim sem voru vanir segul- og myndböndum,“ segir Berghildur Erla jafnframt. „Zilvinas Kempinas hefur haldið fjölda sýninga í Bandaríkjunum og víðar, hann var fulltrúi Litháens á Feneyjatvíæringnum árið 2009 og hlaut Calder-verðlaunin frá Calder-stofnuninni árið 2007,“ bætir hún við.



**Á ÍSLENSKRI VÍDEÓLIST ERU VERK EFTIR Á ANNAN TUG LISTAMANNA** Hér má sjá verkið Allvision frá árinu 1976 eftir Steinu Vasulka. MYND/LISTASAFN REYKJAVÍKUR

Vera er nýjasta sýning litháíska listamannsins Tomas Martišauskis sem einnig verður opnuð á morgun. Tomas Martišauskis býr og starfar í Vilníus og hefur hingað til aðallega sýnt verk sín í Litháen.

„Í þessu verki kemur fram póstmódernísk sýn á tengsl höggmynda og rýmis. Listamaðurinn umbreytir einstökum skúlptúr í form nútímamiðla og víkkar þannig út hugmyndir okkar um hefðbundna skúlptúra. Verkið og þrjár birtingarmyndir þess eru sýndar en þær koma fram í þrívíddarmynd, á myndbandi og í hljóðmynd. Hið mótsagnakennda samband milli verksins og afritanna sýnir ólíka þætti verksins: Innviði þess og ytra borð, hljóðheim og þrívídd í hreyfimynd og teikningu,“ segir Berghildur að lokum.

**olof@frettabladid.is**

**FRÉTTABLAÐIÐ** ER HELGARBLAÐIÐ



DÁIST AÐ VIÐHORFI ÍSLENDINGA

Sænski bóndasonurinn, þjálfarinn og þjóðhetjan **Lars Lagerbäck** hefur náð frábærum árangri með íslenska knattspyrnulandsliðið. Hann segir Íslendinga vana því að taka ábyrgð í stað þess að bíða eftir hjálp.



**Við þurfum að stokka upp í heilbrigðiskerfinu**

**Kristján Þór Júlíusson** heilbrigðisráðherra vill auka heilbrigðisþjónustu á kostnað umsvifa eftirlitsstofnana.



**Arkitektúrinn er lífsstíll**

**Jórunn Ragnarsdóttir** arkitekt sópar til sín verðlaunum í Þýskalandi.



**Hvað gerist þegar þú missir stjórnina?**

Harmsaga er fyrsta uppsetning leikstjórans **Unu Þorleifsdóttur** í Þjóðleikhúsinu.

**HELGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS**

*Ómissandi hluti af góðri helgi*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000 | Auglýsingar 512-5401 | **visir.is**

# ÚTSALA

Afmælis- og tækifærisgjafir

Ferðatöskur í miklu úrvali

# 25-80%

## afsláttur




Erlendar bækur
á 25-80% afslætti

Valdar íslenskar bækur
á ótrúlegu verði!

Ritföng

Auglýsing gildir til og með 30.09.2013.




GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝR

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími 533 1010 • Opið til klukkan 19

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR? FÖSTUDAGUR

**13. SEPTEMBER**

**Tónleikar**

**12.15** Hádegistónleikar Tríós Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum fara fram í dag. Á efnisskránni verða verk eftir þrjú tónskáld. Fyrst verður flutt sónata fyrir 2 fiðlur eftir Jean Marie Leclaire. Næst á eftir verða fluttir tveir þættir úr tvíleiksverki fyrir fiðlu og víólu eftir Wolfgang Amadeus Mozart. Að lokum munu allir þrír flytjendur sameinast í flutningi á Terzetto eftir Antonin Dvorák. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

**20.30** Tónelskir læknar munu troða upp á Café Rósenberg í kvöld. Meðal þeirra er fram koma eru Eyjólfur Guðmundsson og hljómsveitin Ómagar, Sindri Stefánsson og Snæfríður Sól Snorradóttir, Helgi Júlíus, Árný Árnadóttir og Þórður Þórkellsson, Ágúst Gústafsson og félagar, Gleðisveit Guðlaugar, Michael Clausen, Þórður Þórkellsson og Snorri Örn Clausen.

**21.00** Gamli Gaukurinn blæs til elektrónísks rokk-alternative-hipphoppkvölds. Fram koma Ultra-Mega Technobandið Stefán og Bloodgroup. Happy Hour er á milli klukkan 21 og 22. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

**23.00** Ingvar Valgeirsson og Pálmi Hjaltason leika og syngja á Obladíoblada við Frakkastíg 8 í kvöld.

**Fræðsla**

**12.10** Hollenski myndlistarmaðurinn Kees Visser fjallar um verk sín á sýningunni Ups and downs sem nú stendur yfir í Listasafni Íslands. Kees er mörgum kunnur vegna áralangrar búsetu á Íslandi á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar og dvalar um lengri og skemmri tíma en hann hefur einnig starfað sem leiðsögumaður erlendra ferðalanga hér á landi.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

# „Geggjað kombó“

## Bloodgroup kemur fram á Gauknum í kvöld.

„Ég ætla að vera í geðveiku stuði,“ segir Sunna Margrét Þórisdóttir, söngkona hljómsveitarinnar Bloodgroup, en hljómsveitin kemur til með að spila ásamt UltraMega-Techno-bandinu Stefáni á Gamla Gauknum í kvöld á svokölluðum Bræðingi.

„Við verðum með efni allt frá 2007 til dagsins í dag. Þetta verður megapartí. Doddi trommuleikari er að fara að tromma með okkur og setur mikinn kraft í sjóvið,“ segir Sunna. „Hann gerir þetta enn þá meira rokk og við verðum öll þarna rennandi sveitt og ég veit að það verður gaman.“ Sunna segist viss um að hljómsveitirnar tvær eigi vel saman. „Þetta er geggjað kombó, held ég,“ segir hún að lokum. **- ósk**



**SYNGUR Í KVÖLD** Sunna Margrét Þórisdóttir kemur fram með Bloodgroup í kvöld.


# VETRARSTARF KFUM OG KFUK

KFUM KFUK

Fjölbreytt og skapandi starf fyrir hressa krakka

## 9-12 ára

### Strákar

Lindakirkja í Kópavogi
Mánudaga kl. 15.30-16.30

Seljakirkja í Reykjavík
Fimmtudaga kl. 16.30-17.30

Sunnuhlíð á Akureyri
Þriðjudaga kl. 17-18

Hátúni 36, Keflavík
Mánudaga kl. 17.45-18.45

### Stelpur

Holtavegur í Reykjavík
Þriðjudagar kl. 17.15-18.15

Lindakirkja í Kópavogi
Þriðjudaga kl. 17.30-18.30

Seljakirkja í Reykjavík
Mánudaga kl. 17.30-18.30

Sunnuhlíð á Akureyri
Mánudaga kl. 17-18

Hátúni 36, Keflavík
Miðvikudaga kl. 19.30-20.30

Aflagrandi í Reykjavík
Mánudaga kl. 17.30-18.30

### Bæði kyn

Digraneskirkja í Kópavogi
Fimmtudaga kl. 16.00-17.00

Bústaðakirkja í Reykjavík
Mánudaga kl. 17-18

Grensáskirkja í Reykjavík
Föstudaga kl. 17-18

Fella- og Hólakirkja, Rvk
Fimmtudaga kl. 17-18

Hveragerðiskirkja
Mánudaga kl. 18-19

Grindavíkurkirkja
Fimmtudaga kl. 17.30-18.45

Akurskóli í Njarðvík
Fimmtudaga kl. 17.30-18.30

## 13-16 ára

### Bæði kyn

Aflagrandi í Reykjavík
Mánudaga kl. 19.30-21

Bústaðakirkja í Reykjavík
Fimmtudaga kl. 20-21.30

Grensáskirkja í Reykjavík
Miðvikudaga kl. 20-21.30

Fella- og Hólakirkja, Rvk
Mánudaga kl. 20-21.30

Fríkirkjan í Reykjavík
Mánudaga kl. 19.30-21

Lágafellskirkja, Mosó
sunnudaga kl. 17-18

Hátúni 36, Keflavík
Sunnudaga kl. 20-21.30

Hveragerðiskirkja
Mánudaga kl. 20-21.30

Grindavíkurkirkja
Fimmtudaga kl. 20-22

Vestmannaeyjar
Sunnudaga kl. 20-21.30

Sunnuhlíð á Akureyri
Fimmtudaga kl. 20-21.30

## 15-20 ára

### Bæði kyn

KSS fundir
Holtavegur 28 í Reykjavík
Laugardaga kl 20.30
Nánar á kss.is

### Leiðtogaþjálfun

Leiðtogaþjálfun er mikilvægur þáttur í að undirbúa sjálfboðaliða í æskulýðsstarfi og geta áhugasamir haft samband við æskulýðsfulltrúa.

Starfið hefst 16.-20. sept.

Leikir og sköpun



Söngur og bæn



Vinátta og gleði



Nánari upplýsingar
www.kfum.is
s.588-8899

EKKERT ÞÁTTTÖKUGJALD – ALLIR VELKOMNIR

INGI HÓPFERÐIR 55 444 66 | VEÓ Verslunin Einar Ólafsson ehf. | TANDUR – þegar hreinlæti skiptir máli | SPORT OUTLET | GA SMÍÐAJÁRN




**FAGNAR ÚTGÁFU** Snorri Helgason gefur út nýja plötu í dag. MYND/OWEN FIENE

# Plata Snorra kemur út í dag

Nýjasta plata Snorra Helgasonar og hljómsveitar hans kemur út í dag. Haldið verður upp á útgáfu plötunnar með tónleikum í Fríkirkjunni þann 18. september. Platan heitir Autumn Skies og er tekin upp í stúdíói Snorra sem ber nafnið Kolgeit. Platan kemur út á vegum útgáfufyrirtækisins Record Records.

Snorri kemur ekki einn fram að þessu sinni heldur varð til fjögurra manna hljómsveit við vinnslu plötunnar, sem heitir einfaldlega Snorri Helgason.

Dúettinn Ómar Guðjónsson og Skúli Sverrisson hitar upp fyrir tónleikana. Húsið verður opnað klukkan 19.30 og er hægt að nálgast miða á Midi.is.

# Víkingur segir bjórsögur

Leikarinn geðþekki Víkingur Kristjánsson ætlar að troða upp í Kaupfélaginu á Suðureyri í samstarfi við Kex og Fisherman.

Verkið sem hann sýnir heitir Bjórsaga Víkings og er eftir hann sjálfan og Nönnu Kristínu Magnúsdóttur leikkonu.

Víkingur, sem er mikill bjóráhugamaður, ætlar að vera með skemmtilega fræðslu um hinar ýmsu bjórtegundir, bjóða upp á gott úrval af bjórsmakki og á Facebook-síðu viðburðarins kemur fram að þetta verði taumlaus gleði. Sýningar verða í kvöld og á morgun og hefjast klukkan 20.30.



**SPRELLAR UM BJÓR** Víkingur Kristjánsson ætlar að segja bjórsögur í Kaupfélaginu á Suðureyri um helgina.



**RAGNAR BRAGASON** Leikstjórinn í Toronto þar sem kvikmyndahátíðin TIFF fór fram.

## Málmhaus fékk lófaklapp

Kvikmyndin Málmhaus var heimsfrumsýnd um síðustu helgi á TIFF (Toronto International Film Festival). Sýningin gekk vonum framar.

Hátt í tvö þúsund gestir sáu myndina á fimm sýningum, þar á meðal kanadískur almenningur, blaðamenn og kvikmyndagerðarfólk frá öllum heimshornum.

Að sýningu lokinni uppskáru aðstandendur Málmhauss mikið lófaklapp. Sátu flestir kvikmyndagestir sem fastast í sætum sínum eftir að sýningu á myndinni lauk og biðu eftir að fá að spyrja leikstjórann Ragnar Bragason og aðalleikkonuna Þorbjörgu Helgu Þorgilsdóttur spjörunum úr.



**GAGNRÝNIR TÍSKUVIKUNA** Iman segir skammarlegt hversu fáar svartar fyrirsætur sjást á tískupöllunum í ár. NORDICPHOTOS/GETTY

## Of fáar svartar fyrirsætur

Ofurfyrirsætan og eiginkona söngvarans Davids Bowie, Iman, er ósátt við þá staðreynd að það eru færri svartar konur á tískupöllunum í ár en voru í kringum 1980.

„Það er kominn tími til aðgerða, við getum ekki þagað um þetta mál lengur. Ef það er ekki hægt að ræða þetta innan tískugeirans er eitthvað mikið að,“ segir hún.

Á nýafstaðinni tískuviku í New York voru 82,7 prósent af fyrirsætunum hvítar en einungis sex prósent voru svartar. Iman berst fyrir því að fjölbreytni ríki innan tískuheimsins og segir það ábyrgð hönnuða og ritstjóra tískutímaritana að svo sé.

## Hættir í flughernum

Vilhjálmur prins er hættur í hernum eftir sjö ára starf. Vilhjálmur starfaði sem þyrluflugmaður í leitar- og björgunarsveit breska flughersins. Breska konungshöllin tilkynnti að prinsinn myndi nú alfarið snúa sér að konunglegum skyldum sínum og góðgerðarmálum.

Næsta árið mun Vilhjálmur, sem er nýbakaður faðir, vinna fyrir Royal Foundation of The Duke and Duchess, ásamt yngri bróðir sínum, Harry prins. Hann og fjölskylda hans ætla að flytja frá heimili sínu í bænum Anglesey á vesturströnd Wales, í Kengsington-höll.

# Rjóminn af húðflúrlistamönnum til Íslands

Icelandic Tattoo Expo er haldin í annað sinn í Súlnasal Hótel Sögu. Dagskráin hefst klukkan þrjú í dag.

„Þeir voru kannski dálítið tregir fyrst, að fá húðflúrsstefnu inn í Súlnasalinn á Hótel Sögu. Þeir héldu að við myndum jafnvel skilja salinn eftir sem rjúkandi rúst. En þetta gekk og eftir á sögðust þeir sjaldan hafa átt samskipti við jafn kurteist og snyrtilegt fólk,“ segir Fjölnir Geir Bragason, betur þekktur sem Fjölnir tattú, um ráðstefnuna Icelandic Tattoo Expo sem haldin verður hér á landi um helgina. Fjölnir er andlit ráðstefnunnar, sem haldin er í annað sinn, og hefst í dag klukkan þrjú. Um fimmtíu húðflúrarar verða við störf á hátíðinni í ár.

„Við erum að fá rjómann af húðflúrlistamönnum hingað til landsins. Um þrjátíu og fimm þeirra eru erlendir,“ segir hann og bætir við: „Þetta gekk vonum framar í fyrra. Það mætti fjöldi fólks og við vorum sveittir á skallanum að flúra liðið. Ég heyri svo oft að fólk vilji fá sér flúr en viti ekki hvað það vill fá sér. Fyrir það fólk er þessi hátíð tilvalin. Þarna verður um flestar stefnur húðflúrlistanna að velja, þannig að ég hvet fólk til að mæta snemma og kynna sér stefnur og skóla í húðflúri.“

Hátíðin er hugarfóstur Svans og Sessu sem reka húðflúrstofuna Tattoo og Skart. „Það verður þétt dagskrá á hátíðinni, tónlistaratriði, tattúkeppni og þar fram eftir götunum. Þetta verður hin besta skemmtun og ég hvet sem flesta til að láta sjá sig, hvort sem þeir vilja láta flúra sig eða eru bara forvitnir,“ segir Fjölnir að lokum. - ósk



**ANDLIT HÚÐFLÚRRÁÐSTEFNU** Fjölnir Geir Bragason, betur þekktur sem Fjölnir tattú, er andlit ráðstefnunnar Icelandic Tattoo Expo.





**ASKA** ASH
**LEIKSTJÓRI:** Herbert Sveinbjörnsson (ICE) 2013

Aska er heimildarmynd um afleiðingar eldgosanna í Eyjafjallajökli á árunum 2010 til 2011. Hún segir sögu þriggja fjölskyldna sem búa í nágrenni við jökulinn og stórbrotin áhrif eldhræringanna á líf þeirra. Myndin er verðlaunamynd Skjaldborgarhátíðarinnar.
*Í febrúar í fyrra sagði Fréttablaðið frá því að Herbert Sveinbjörnsson, leikstjóri myndarinnar, væri önnum kafinn við að framleiða íslenskan raunveruleikaþátt þar sem fylgst yrði með lífi fjögurra íslenskra ungmenna.*



**DAGAR GRÁMANS** DAYS OF GRAY
**LEIKSTJÓRI:** Ani Simon-Kennedy (ICE / USA) 2012

Days of Gray er tímalaus uppvaxtarsaga ungs drengs. Myndin er algjörlega laus við samtöl og tónlistin við myndina er frumsamin af íslensku hljómsveitinni Hjaltalín.
*Leikstjóri myndarinnar, Ani Simon-Kennedy, var lærlingur tökumanns kvikmyndarinnar Midnight in Paris eftir Woody Allen. Leikkonan Diljá Valsdóttir, sem leikur ungu stúlkuna í Dögum grámans, fer einnig með hlutverk í myndinni Málmhaus í leikstjórn Ragnars Bragasonar.*

# Íslenskt „gúmmelaði“ á RIFF

Fimm kvikmyndir verða sýndar í flokknum Ísland í brennidepli.

Fimm kvikmyndir verða sýndar í flokknum Ísland í brennidepli á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík, RIFF, í lok mánaðarins.

„Hátíðin er bæði ætluð alþjóðlegum og íslenskum kvikmyndum. Í þessum flokki eru íslenskar myndir og myndir sem varða Ísland á einhvern hátt, til dæmis myndir sem gerast á Íslandi en eru eftir erlenda leikstjóra. Í ár verður alls konar „gúmmelaði“ í boði, meðal annars heimildarmyndin Aska sem fékk verðlaun sem besta heimildarmyndin á Skjaldborg, og stuttmyndin Hvalfjörður sem hlaut verðlaun á hátíðinni í Cannes í ár,“ segir Gunnar Hjálmarsson, starfsmaður kynningardeildar RIFF.

Hátíðin fer fram 26. september til 6. október.




**BÚÐIN** THE SHOP
**LEIKSTJÓRI:** Árni Gunnarsson (ICE) 2013

Sá sem kemur inn í Verslun H. Júlíussonar á Sauðárkróki ferðast í huganum áratugi aftur í tímann. Í Búðinni kynnumst við Bjarna og Dísu konu hans, fjölskyldu þeirra og vinum.
*Árni Gunnarsson var tilnefndur til Edduverðlaunanna fyrir heimildarmynd ársins árið 2010 fyrir myndina Kraftur – Síðasti spretturinn.*



**NAKIN LULU** LULU IN THE NUDE
**LEIKSTJÓRI:** Sólveig Anspach (FRA) 2013

Í kjölfar þess að starfsviðtal fer á versta veg ákveður Lulu að yfirgefa eiginmann sinn og þrjú börn. Að vera slík ævintýrakona er hins vegar hægara sagt en gert.
*Leikkonan Karin Viard, sem fer með titilhlutverkið, er þekkt leikkona í föðurlandi sínu, Frakklandi. Hún er hvað þekktust fyrir hlutverk sitt í myndunum Delicatessen, Polisse og Time Out. Hún sat í dómnefnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes árið 2003.*



**SVONA ER SANLITUN** THIS IS SANLITUN
**LEIKSTJÓRI:** Robert Ingi Douglas (ICE / IRE / CHI) 2013

Róbert Ingi Douglas snýr aftur með grínmynd sem gerist í Kína. Gary er í Peking til að meika það. Eftir að honum mistekst að vekja hrifningu kínverskra fjárfesta fer hann að kenna ensku og soga í sig lífsspeki Franks, hins óhæfa lærifóður. Myndin er opnunarmynd RIFF.
*Leikarinn Carlos Ottery leikur Gary. Hann flutti til Kína árið 2008 og starfaði sem enskukennari í nokkur ár. Hann stofnaði síðar uppistandsklúbbinn Comedy Club China í Peking og nýtur staðurinn mikilla vinsælda. Hlutverk Gary er frumraun hans á sviði leiklistar.*



# 20% afsláttur

**af öllum svitalyktareyðum frá Rexona, Dove, Neutral og Axe í verslunum Hagkaups frá fimmtudegi til sunnudags.**

*Þessi er svalandi.*

*Þessi gerir þig ómótstæðilegan.*

*Þessi gerir þig ferskan.*

*Þessi leikur við þig.*

*Þessi dregur úr hárvexti.*

*Þessi verndar húðina.*

*Þessi mýkir húðina.*

*Þessi er svalandi.*

*Þessi nærir húðina.*




**TAX FREE***
**SNYRTIVÖRU DAGAR**
DAGANA 12.-16. SEPTEMBER

*jafngildir 20,32% verðlækkun


**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

SAMBÍÓIN

KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| PARANOIA | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| PARANOIA VIP | KL. 3:40 - 5:50 - 8 | VIP |
| AULINN ÉG ÍSL TAL 3D | KL. 3:40 - 5:50 | L |
| AULINN ÉG ÍSL TAL 2D | KL. 4:10 - 6:20 | L |
| CITY OF BONES | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 16 |
| THE CONJURING VIP | KL. 10:20 | VIP |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 3:40 | L |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 - 5:50 | L |
| THE BLING RING | KL. 8:30 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| RED 2 | KL. 10:40 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| PARANOIA | KL. 8 - 10:20 | L |
| CITY OF BONES | KL. 8 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 10:40 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:40 | 12 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU
KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| PARANOIA | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| CITY OF BONES | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| KICK-ASS 2 | KL. 10:30 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| PARANOIA | KL. 9 - 11:10 | 12 |
| CITY OF BONES | KL. 6 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 10:30 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 | 12 |

KVIKMYNDADAGAR 11. - 26. SEPTEMBER

| | | |
|---|---|---|
| MUD ÓTEXTUÐ | KL. 8 | 12 |
| MIDNIGHT'S CHILDREN ÓTEXTUÐ | KL. 10:40 | 12 |
| TO THE WONDER ÓTEXTUÐ | KL. 5:40 | L |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| PARANOIA | KL. 8 | 12 |
| CITY OF BONES | KL. 10 | 12 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| MALAVITA | KL. 10:20 | 16 |
| ÖLLI | KL. 8 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




**SMÁRABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG 2 2D | KL 3.30 - 5.45 | L |
| AULINN ÉG 2 2D LÚXUS | KL. 3.20 | L |
| AULINN ÉG 2 3D | KL. 3.30 | L |
| MALAVITA / MALAVITA LÚXUS | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| BLUE JASMIN | KL 5.45 - 10.15 | 10 |
| THIS IS US 3D | KL 5.45- 8 | L |
| FLUGVÉLAR 2D ÍSL TAL | KL 3.30 | L |
| ELYSIUM | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| PERCY JACKSON | KL. 5.40 | 10 |
| 2 GUNS | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 3.20 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| BLUE JASMIN | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| AULINN ÉG 2 2D | KL. 5.45 | L |
| DESPICABLE ME 2 2D | KL. 8 | L |
| ÖLLI HEIMILDAMYND | KL. 5.30 | L |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| ELYSIUM | KL. 10.20 | 16 |
| PERCY JACKSON | KL. 8 | 10 |
| 2 GUNS | KL. 10.15 | 14 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| AULINN ÉG 2 3D | KL. 6 | L | | | |
| BLUE JASMIN | KL. 8 | 10 | MALAVITA | KL. 8 - 10 | 16 |
| THIS IS US 3D | KL. 6 | 10 | JOBS | KL. 10 | 12 |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
5%
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG 2 - ÍSL | 4, 6 3D | L |
| AULINN ÉG 2 - ÍSL | 4 2D | L |
| DESPICABLE ME 2 - ENS | 6, 8 2D | L |
| MALAVITA | 8, 10.20 | 16 |
| JOBS | 8, 10.10 | 12 |
| KICK ASS 2 | 10.40 | 16 |
| STRUMPARNIR 2 - ÍSL | 3.50 2D | L |


# Karlar í veldi sínu

**BAKPANKAR**
Stígs Helgasonar

Á Íslandi eru fáir staðir jafndásamlega þýskir og núdistapallurinn á Sundhöll Reykjavíkur. Hvergi annars staðar getur maður legið á bekk, notið sjaldgæfrar veðurblíðunnar og fylgst um leið með allsberum gömlum manni skokka löturhægt í hringi með sundskýluna sína í hendinni.



**SJÁLFUR** hef ég reyndar ekki komist upp á lagið með að striplast þarna til fullnustu. Það er ekki bara vegna þess að fólkið í elliblokkinni við hliðina á hefur mjög gott útsýni yfir hann heldur grunar mig að þar spili inn í minningin um það þegar sturtuvörðurinn stoppaði mig, sirka ellefu ára (alltént á viðkvæmasta aldri), hálfum metra áður en ég yfirgaf sturtuklefann enn þá með skýluna í lúkunum á leiðinni í skólasund. Mér hefur hins vegar fundist ég skuldbundinn Sundhöllinni allar götur eftir þessa félagslífgjöf og stundað pallinn grimmt.

**Í** sumarlok lá ég þar á bekk, einu sinni sem oftar, þegar upphófust maraþonsamræður um allt milli himins og jarðar á milli nokkurra sóldýrkenda á miðjum aldri. „Kunningi minn er lögfræðingur, og mágur hans er hálfþroskaheftur,“ var byrjunin á einum samtalsleggnum, sem voru hver öðrum kostulegri og hverfðust um allt frá genetísku vaxtarlagi lögregluþjóna til þess hvílík blessun verðbólgan hefði verið íslenskum heimilum á árum áður.

**PEGAR** mig þraut loks örendið sneri ég mér á magann til að koma í veg fyrir að þessir kviknöktu vinir mínir sæju mig reyna að bæla niður hláturinn, en þá blasti við mér skorpinn pungur sem kreistist út á milli læranna á manninum á næsta bekk fyrir aftan mig þar sem hann lá í einhvers konar læstri hliðarlegu og brann á síðunni.

**EN** ég lét það ekkert á mig fá og gerði heldur að mínum orð þess skrafhreifnasta, sem lá yfirvaraskeggjaður og spengilegur, kviknakinn með krosslagða fætur, höfuðið röngu megin á bekknum og spenntar greipar undir því, og sagði hátt og snjallt (og reynum að horfa fram hjá því að hann hafi verið að tala um viðskilnaðinn við eiginkonuna til aldarfjórðungs): „Mér finnst ég aldrei hafa verið eins frjáls og núna.“



**NÝ VEFSÍÐA Í LOFTIÐ** Mathew Williamson opnaði sína fyrstu netverslun nú á dögunum. NORDIPHOTOS/GETTY

## Opnar vefsíðu

Fatahönnuðurinn Mathew Williamson opnaði nýverið netverslun og vefsíðu sem heitir MW Daily. Á síðunni má finna mynstraðar flíkur sem hann gerði í samstarfi við Rachel Zoe, Siennu Miller og Arizonu Muse. Þær gerðu allar sínar eigin útgáfu af nýjustu fatalínu Williamson. Miller endurgerði blómaveski og Zoe kápu úr gerviskinni.

Williamson undirbýr sig þessa stundina undir tískuvikuna í London þar sem hann mun sýna vor- og sumarlínuna 2014.




**RIFTI SAMNINGUM** Verslunarkeðjan Primark sleit samning við netverslunina Asos og mun því ekki selja föt á síðunni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Hætta við samstarf

### Tískurisinn Primark hefur nú hætt við að selja föt sín á vinsælu netversluninni Asos.com.

Breska fatakeðjan Primark gerði nýlega tólf vikna prufusamning við netverslunina Asos.com sem er ein vinsælasta fatanetverslun heims. Samningurinn fól í sér að Asos seldi nokkrar útvaldar flíkur frá Primark og seldust þær upp á örfáum dögum. Nú hefur það hins vegar verið staðfest að Primark vilji slíta samningnum.

Dagblaðið Times hafði eftir talsmanni Primark að verslunin ætli í staðinn að opna eigin netverslun og mun hún fara í loftið í nánustu framtíð. Í Times kemur einnig fram að ástæðan fyrir samningsslitunum væri líklega sú að Primark hafi þótt umboðssölugjöldin of há. „Einnig er líklegt að Primark ógni öðrum söluaðilum á Asos því fatnaður þeirra er mun ódýrari,“ ritar blaðamaður Times.

## Bowie tilnefndur

### Tólf flytjendur tilnefndir til Mercury-verðlaunanna.

David Bowie og hljómsveitin Arctic Monkeys eru á meðal þeirra sem hafa fengið tilnefningar til bresku Mercury-tónlistarverðlaunanna.

Reynsluboltinn Bowie er tilnefndur fyrir plötuna The Next Day, sem er hans fyrsta í tíu ár, en Arctic Monkeys er tilnefnd fyrir AM sem er nýkomin út.

Aðrir sem voru tilnefndir voru James Blake, Disclosure, Laura Marling, Foals, Rudimental, Laura Mvula, Savagers og Villagers.

Arctic Monkeys, Laura Marling, Bowie, Foals, Villagers og James Blake hafa öll verið tilnefnd áður til hinna virtu Mercury-verðlauna og hlaut Arctic Monkeys þau árið 2006.

Á meðal annarra sem hafa hlotið verðlaunin eru P.J. Harvey, The xx og Badly Drawn Boy. Hljómsveitin Alt-J bar sigur úr býtum í fyrra með plötuna An Awesome Wave. Mercury-verðlaunin verða afhent í London 30. október.



**DAVID BOWIE** Reynsluboltinn var tilnefndur fyrir sína fyrstu plötu í tíu ár. NORDICPHOTOS/GETTY

## Foster fastur liður á Netflix

Jodie Foster, best þekkt fyrir leik sinn í myndum á borð við Silence of the Lambs og Taxi Driver, hyggst leikstýra þætti af Netflix-seríunni House of Cards, með Kevin Spacey í aðalhlutverki. Samkvæmt miðlum vestanhafs eru tökur á þættinum hafnar í Baltimore í Bandaríkjunum. Serían hefur farið sigurför um heiminn og hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir vikið, meðal annars fengið Emmy-tilnefningar í ár. Foster er þó ekki að leikstýra sjónvarpsþætti fyrir Netflix í fyrsta sinn, en hún leikstýrði þriðja þætti í fyrstu seríu af Orange is the new black, annarri sjónvarpsseríu sem framleidd er af Netflix.

Þættir úr smiðju Netflix hafi vakið mikla athygli undanfarið, en fyrirtækið framleiddi einnig nýjustu þáttaröð Arrested Development.

- ósk


BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



FITON / SÍA
Á ALLRA VÖRUM
ÞERRUM
TÁRIN
903 1000 | 903 3000 | 903 5000
Í ár ætlar Á allra vörum að hjálpa þeim sem eiga við geðræn vandamál að stríða og safna fyrir nýrri geðgjörgæsludeild á Landspítalanum með aðstoð þjóðarinnar.
Með því að hringja í söfnunarnúmerin eða kaupa Á allra vörum gloss frá Dior leggur þú þitt á vogarskálarnar.
Nánar um átakið og upplýsingar um sölustaði á aallravorum.is og facebook.com/aallravorum.is
FITON
truenorth
Dior
cyan veflausnir
GASSI STUDIO




Voltaren

*Fæst án lyfseðils*

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ





**JOEY OG KOBE** Crawford sagði við fundargesti að hans áhugi sneri eingöngu að körfubolta. Hann hló og sagðist vita lítið sem ekkert um aðra hluti. NORDICPHOTOS/GETTY

# Lærði af mistökunum

Joey Crawford er þekktasti körfuknattleiksdómari í heimi. Frá fjórtán ára aldri var hann ákveðinn í að dæma í NBA-deildinni. Það hefur hann gert í 36 ár.

**KÖRFUBOLTI** Handaband NBA-dómarans Joey Crawford var kröftugt þegar hann kynnti sig fyrir blaðamanni á fundi Körfuknattleikssambandsins í Laugardalnum í gær. Þekktasti dómarinn í sinni íþrótt í heiminum lék á als oddi og hafði gaman af að spjalla við viðstadda.

„Lífið snerist um körfubolta í hverfinu mínu sem krakki,“ segir Crawford sem ólst upp í Philadelphiu. Hann segir alla hafa spilað körfubolta frá morgni til kvölds og að margir verið mjög góðir.

„Ég var meðalmaður í besta falli,“ segir Crawford og bætir við um hæl: „Þess vegna varð ég dómari.“

Bandaríkjamaðurinn, sem er nýorðinn 62 ára og var í banastuði á fundinum í gær, segir það hafa haft mikil áhrif á starfsferil sinn að faðir hans var einnig dómari en reyndar í atvinnumannadeildinni í hafnabolta.

„Frá því ég var krakki og fór á leiki í fótbolta, körfubolta, boxi og hverju sem er var athygli mín alltaf á dómurunum,“ segir Crawford. Hann byrjaði að dæma átján ára en segist hafa vitað fjórtán ára gamall að hann vildi dæma í NBA.

**Spurt hvort hann væri geðveikur**

„Ég sagði krökkunum og kennurunum mínum í menntaskóla frá markmiðum mínum. Þau höfðu rétt fyrir sér þegar þau spurðu mig hvort ég væri geðveikur,“ segir Crawford og hlær. Metnaður hans og áhugi hefur hins vegar skilað honum langt. Þegar hann mætti í dómaraprufur fyrir NBA-deildina aðeins 21 árs gamall, árið 1972, göptu menn. Hann kunni þetta allt saman.

Crawford er hér á landi líkt og Zsolt Hartyani hjá Evrópska körfuknattleikssambandinu í tilefni 50 ára afmælis Körfuknattleiksdómarafélags Íslands. Nokkur munur er á körfuboltanum vestanhafs og í Evrópu. Crawford segir óskandi að reglurnar væru alls staðar eins líkt og í knattspyrnu. Crawford setur spurningarmerki við þá reglu í Evrópu að dómarar þurfi að hætta störfum þegar þeir ná fimmtugu.

„Ég væri því hættur fyrir langa löngu ef ég dæmdi hérna,“ segir Crawford. Hann segir það synd að dómarar í álfunni þurfi að hætta á besta aldri.

„Þú missir fyrir vikið góða dómara og mikla reynslu úr körfuboltanum.“

Dick Bavetta er dæmi um slíkt en Bandaríkjamaðurinn, sem er á 74. aldursári, er enn í fullu fjöri og sinnir dómgæslu í NBA-deildinni.

„Hann er stöðugt í ræktinni til að standa framar öðrum dómurum,“ segir Crawford, sem er vel þekktur í heimalandi sínu. Mörgum hefur þótt hann of gjarn við að gefa leikmönnum tæknivillur í gegnum tíðina. Þá vöktu samskipti hans við Tim Duncan, miðherja San Antonio Spurs, athygli á miðjum síðasta áratug. Lauk einum viðskiptum þeirra Crawfords á þann veg að dómarinn var settur í hlé af forsvarsmönnum deildarinnar. Sakaði Duncan landa sinn um að hafa spurt sig hvort hann vildi slást við sig þegar upp úr sauð í leik.

**Neikvætt starf**

„Ég gerði mistök og lærði af þeim,“ segir Crawford, sem missti af síðustu vikum tímabilsins vorið 2007. Hann mætti þó sterkur til leiks um haustið eftir að hafa leitað hjálpar hjá sálfræðingi. Hann segir eitt það mikilvægasta í starfi dómara að þeir geti tekið gagnrýni og viðurkennt mistök. Menn þurfi að geta gengið inn í búningsherbergi eftir leiki og horfst í augu við slaka frammistöðu.

„Fólk á almennt erfitt með að viðurkenna mistök. En þegar dómarar komast yfir þessa hindrun bæta þeir sig hratt.“

Crawford, sem situr fyrir svörum á opnum fundi fyrir íslenska körfuknattleiksunnendur í Laugardalshöll klukkan 13 í dag, segir að dómarastarf sé neikvætt. Menn bendi honum reglulega á að þeir ættu að vera jákvæðir og skemmtilegir. Þannig virki hlutirnir hins vegar ekki og rifjar hann upp sjötta leik Miami Heat og San Antonio Spurs í úrslitaeinvíginu í vor til að styðja mál sitt.

Þá hafi dómaratríóið gengið inn í búningsklefa, afar sátt við eigin frammistöðu og síminn fyllst af jákvæðum sms-skilaboðum. Svo hafi eitt borist frá kollega þeirra, Scott Foster: „Við klúðruðum skiptingu.“

„Svona er okkar starf,“ segir Crawford. Hans hlutverk sé að gera sitt besta og lágmarka mistökin. Að hleypa varamanni inn á völlinn á röngum tímapunkti hafi vissulega verið mistök.

„Við þökkum guði fyrir að sú ákvörðun hafði ekki áhrif á leikinn.“

kolbeinntumi@frettabladid.is



**ÁSTRÍÐUFULLUR** Crawford fór á kostum á fundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Er betra að dómari hafi spilað leikinn?

Zolt Hartyani hjá FIBA segist iðulega fá þá spurningu hvort það sé mikilvægt að dómari hafi áður verið leikmaður. Ungverjinn segist iðulega svara spurningunni játandi enda hafi leikmenn góða tilfinningu fyrir skrefum, snertingu og fleiru frá tíma sínum sem leikmenn.

„En þegar þú fylgist með dómurum dæma eru margir sem hafa nánast ekkert spilað af alvöru og eru mjög góðir.“

Tveir fyrrverandi NBA-leikmenn, Leon Wood og Haywoode Workman, eru nú dómarar í NBA-deildinni. Joey Crawford segir að fyrir vikið fái þeir oft að njóta vafans. Þeir þurfi til að mynda ekki að dæma næstum því sama magn af leikjum í menntaskóla- og háskólaíþróttum.

„Þessir leikir eru mjög mikilvægir í þróun dómarans. Að dæma í troðfullum íþróttahúsum með öskrandi foreldra í stúkunni. Þar lærir þú að dæma.“

OPIÐ 24 TÍMA

# OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA

Tilboðin gilda í dag, laugardag og sunnudag

# ÓTRÚLEGT VERÐ!!!

4 tonn í boði.
Fyrstur kemur – Fyrstur fær!

Fjallalambs súpukjöt 1. flokkur
**588kr. kg.**

1. FLOKKUR

VERÐ SPRENGJA




NAMMILAND
**50% afsláttur**
í Nammilandi Iceland á laugardögum og sunnudögum!

Iceland

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

**5-4** Nettóvöllur
Kristinn Jakobsson (6)

**Mörkin:** 1-0 Arnór Traustason (5.), 1-1 Garðar Gunnlaugs. (12.), 2-1 Hörður Sveins. (19.), 2-2 Arnar Guðjóns. (24.), 3-2 Hörður Sveins. (38.), 3-3 Jóhannes Guðjóns., víti (39.), 4-3 Hörður Sveins. (62.), 5-3 Magnús Þorsteins. (84.), 5-4 Jorgae Garcia (88.)

**Keflavík (4-4-2):** Ómar Jóhanns. 5 - Endre Ove 7, Halldór Halldórs. 5, Haraldur Guðmunds. 6, Magnús Matthías. 7 - Bojan Ljubicic 6, Einar Einars. 6, Jóhann Guðmunds. 6 (83. Magnús Þorsteins. -), Daníel Gylfasson 6 (66. Elías Ómars. 6) - **Hörður Sveinsson 9***, Arnór Ingvi Traustason 8.

**ÍA (4-4-2):** Páll Jónsson. 4 - Einar Einarsson 4, Kári Ársælsson 3, Thomas Sörensen 5, Hector Pena 5 - Joakim Wrele 5 (87. Andri Adolphsson -), Jóhannes Guðjónsson 6, Arnar Guðjónsson 7 (72. Jón Ákason -), Hallur Flosason 5 - Ármann Björnsson 6 (72. Jorge Garcia -), Garðar Gunnlaugsson 7.

**0-1** Ólafsvíkurvöllur
Örvar Sær Gíslason (7)

**Mörkin:** 0-1 Grétar S. Sigurðarson (57.).

**Víkingur (4-5-1):** Einar Hjörleifsson 8 - Emir Dokara 6 , Damir Muminovic 6 , Insa Bohigues 6, Samuel Jimenez 6, - Alfreð Már Hjaltalín 7 (89., Fannar Hilmarsson -), Farid Zato 6, Eldar Masic 5, Eyþór Birgisson 6 (67., Guðmundur Magnússon 5) Antonio Mossi 5 , - Guðmundur Steinn Hafsteinsson 7 (79., Björn Pálsson - ).

**KR (4-3-3):** Hannes Þór Halldórsson 6 - Haukur Heiðar Hauksson 6, **Grétar Sigfinnur Sigurðsson 8***, Jonas Grönner 8, Guðmundur Reynir Gunnarsson 6, - Atli Sigurjónsson 6 (67., Emil Atlason 4), Bjarni Guðjónsson 5 (57., Þorsteinn Már Ragnarsson 5) Jónas Guðni Sævarsson 6, Baldur Sigurðsson 7, Óskar Örn Hauksson 6, - Gary Martin 7 (76., Kjartan Henry Finnbogason -).

**0-1** Fylkisvöllur
Erlendur Eiríksson (7)

**Mörkin:** 0-1 Atli Viðar Björnsson (88.).

**Fylkir (4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 5 - Ásgeir Örn Arnþórsson 5, Kristján Hauksson 5, Agnar Bragi Magnússon 5, Tómas Þorsteinsson 5 - Ásgeir Börkur Ásgeirsson 6, Finnur Ólafsson 5 (77. Davíð Einarsson -), Pablo Punyed 5 - Emil Berger 5, Kjartan Ágúst Breiðdal 5 (68. Guy Roger Eschman 5), Viðar Örn Kjartansson 5.

**FH (4-3-3):** Daði Lárusson 6 - Jón Ragnar Jónsson 5, Pétur Viðarsson 5, Guðmann Þórisson 6*, Sam Tillen 5 - Davíð Þór Viðarsson 5, Björn Daníel Sverrisson 6, Brynjar Ásgeir Guðmundsson 5 (58. Emil Pálsson 5)- Ólafur Páll Snorrason 6, Ingimundur Níels Óskarsson 5 (83. Kristján Gauti Emilsson -), Albert Brynjar Ingason 5 (74. Atli Viðar Björnsson -).

**3-1** Samsungvöllur
Vilhjálmur Þórarins. (8)

**Mörkin:** 0-1 Ármann Pétur Ævarsson (4.), 1-1 Garðar Jóhannsson (43.), 2-1 Halldór Orri Björnsson (45.+1), 3-1 Robert Sandnes (80.).

**Stjarnan (4-3-3):** Ingvar Jónsson 7, Jóhann Laxdal 7, Martin Rauschenberg 5, Daníel Laxdal 7, Robert Sandnes 7, Atli Jóhannson 7, **Michael Præst 8***, Veigar Páll Gunnarsson 7 (79., Baldvin Sturluson -), Kennie Chopart 7 (85., Gunnar Örn Jónsson -), Halldór Orri Björnsson 8, Garðar Jóhannson 7.

**Þór (5-3-2):** Joshua Wicks 6, Baldvin Ólafsson 6, Andri Hjörvar Albertsson 6, Hlynur Atli Magnússon 6, Janez Vrenko 6 (62., Chukwudi Chijindu 5), Ingi Freyr Hilmarsson 7, Orri Freyr Hjaltalín 6, Mark Tubæk 5 (84., Jónas Björgvin Sigurbergsson -), Ármann Pétur Ævarsson 7, Jóhann Þórhallsson 6 (84., Sigurður Marinó Kristjánsson -), Jóhann Helgi Hannesson 7.

## PEPSI DEILDIN 2013

STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KR | 17 | 14 | 1 | 2 | 41-18 | 43 |
| FH | 19 | 12 | 4 | 3 | 38-19 | 40 |
| Stjarnan | 19 | 12 | 4 | 3 | 31-18 | 40 |
| Breiðablik | 17 | 9 | 5 | 3 | 27-19 | 32 |
| Valur | 17 | 6 | 7 | 4 | 33-25 | 25 |
| ÍBV | 17 | 6 | 5 | 6 | 21-20 | 23 |
| Fylkir | 19 | 5 | 5 | 9 | 27-27 | 20 |
| Keflavík | 19 | 6 | 2 | 11 | 25-40 | 20 |
| Fram | 18 | 5 | 4 | 9 | 23-31 | 19 |
| Þór | 19 | 4 | 5 | 10 | 26-41 | 17 |
| Víkingur Ó. | 19 | 2 | 8 | 9 | 15-28 | 14 |
| ÍA | 18 | 2 | 2 | 14 | 25-46 | 8 |

**visir.is**
Allt um leiki gærkvöldsins




# Erum sigurstranglegri

Haukar taka tvívegis á móti hollenska liðinu OCI Lions í EHF-bikarnum á Ásvöllum um helgina. Fyrri leikurinn fer fram í kvöld. Hafnfirðingar ætla sér áfram.

**HANDBOLTI** Haukar mæta OCI Lions frá Hollandi í fyrstu umferð EHF-bikarsins í handknattleik í kvöld en leikurinn fer fram að Ásvöllum og hefst klukkan 19.00.

„Þetta verður vonandi skemmtilegt verkefni," segir Patrekur Jóhannesson, þjálfari Hauka, í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Strákarnir fengu tveggja vikna frí eftir mót og síðan hófst undirbúningstímabilið okkar. Menn eru því alveg tilbúnir í slaginn."

Haukar höfnuðu í öðru sæti á síðasta Íslandsmóti eftir að hafa tapað gegn Fram í úrslitaeinvíginu. Tjörvi Þorgeirsson, leikmaður Hauka, hefur verið að glíma við meiðsli í sumar en að sögn Patreks er leikstjórnandinn klár í leikinn gegn OCI Lions.

„Liðið er búið að undirbúa sig gríðarlega vel fyrir þessa leiki og ég hef endalaust mikla trú á þessum strákum," segir Patrekur en hann tók við Haukum fyrir tímabilið.

Aron Kristjánsson hætti með Hauka eftir síðasta tímabil en Aron er landsliðsþjálfari Íslands í handbolta.

„Mér líkar mjög vel við mig í Haukum en hér er ótrúlegt fólk að vinna og andinn magnaður. Það er ákveðin menning í Haukum sem erfitt er að lýsa, vinnusemin og aginn er með ólíkindum hjá þessum drengjum. Maður tók vissulega við góðu búi af Aroni en ég kom með ákveðnar áherslubreytingar inn í liðið."

OCI Lions varð í öðru sæti í hollensku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili.

„Maður veit nokkuð mikið um þetta hollenska lið og ég hef náð að komast yfir fullt af myndböndum frá þeirra leikjum. Liðið byrjar vel í hollensku deildinni og hefur unnið fyrstu tvo leikina en þeir hafa verið að ganga í gegnum töluverðar breytingar og leika til að mynda ekki með örvhenta skyttu sem stendur."

OCI Lions mætti þýska liðinu Rhein Neckar Löwen í leik fyrir tveimur árum og völtuðu lærisveinar Guðmundar Guðmundssonar yfir hollensku ljónin með tíu marka mun. Þess má geta að Rhein Neckar Löwen hafði tíu marka forystu í hálfleik og því skoruðu liðin jafn mörg mörk í síðari hálfleiknum. Patrekur vill meina að hættulegt sé að vanmeta Hollendingana.

„Það er mikill uppgangur í hollenskum handbolta og við verðum að bera virðingu fyrir andstæðingnum. Við ætlum okkur samt sem áður áfram í þessari keppni og förum inn í þessa viðureign sem sigurstranglegri aðilinn. Það hentar þessum strákum vel og menn eru virkilega spenntir fyrir fyrsta alvöru leik tímabilsins."

Síðari leikur liðanna fer síðan fram á morgun einnig á Ásvöllum. Takist Haukum að komast áfram í aðra umferð keppninnar mætir liðið portúgalska liðinu SL Benfica í annarri umferðinni í október.

stefanp@frettabladid.is



**TÓK VIÐ GÓÐU BÚI** Patrekur Jóhannesson er ánægður hjá Haukum og ætlar með liðið áfram í EHF-keppninni. Haukar mæta OCI Lions í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Núna er ég tilbúin að flytjast út

Hin átján ára gamla Telma Hjaltalín er gengin til liðs við besta lið Noregs.

**FÓTBOLTI** „Ég er að flytja til Noregs bæði til að bæta mig sem knattspyrnumann og vera nær fjölskyldunni," segir Telma Hjaltalín, sem gekk í raðir norsku meistaranna í Stabæk í vikunni. Hún hefur verið á mála hjá Aftureldingu í sumar.

Foreldrar hennar eru búsettir í Noregi og spilaði það stórt hlutverk í ákvörðun hennar.

Telma hefur átt flott tímabil og skorað átta mörk fyrir liðið. Hún var ekki með liðinu gegn Stjörnunni í vikunni en þá tapaði Afturelding illa, 7-1. Telma missir einnig af lokaleiknum gegn HK/Víkingi í hreinum úrslitaleik um áframhaldandi sæti í Pepsi-deild kvenna í knattspyrnu.

„Fyrir tveimur árum var ég ekki almennilega tilbúin til að taka þetta skref en núna held ég að þetta sé rétt ákvörðun," segir Telma sem er aðeins 18 ára gömul.

Framherjinn lék áður með Stabæk árið 2011 og varð meðal annars bikarmeistari með liðinu.

Stabæk er norskur meistari í knattspyrnu og situr sem stendur í efsta sæti deildarinnar með fimm stiga forskot á Lilleström.

„Þetta er stór klúbbur með ótrúlega góða aðstöðu svo það er allt til."

Þessi unga knattspyrnukona setur markið hátt og ætlar sér stóra hluti.

„Ég hef verið í yngri landsliðum Íslands en núna er markmið mitt að komast í A-landsliðið og það að vera komin í lið eins og Stabæk mun klárlega hjálpa mér í því að ná markmiðum mínum."

„Vonandi næ ég að taka þátt í einhverjum leikjum með liðinu á þessu tímabili," segir Telma.

Stabæk leikur við Klepp á morgun í norsku deildinni.

- sáp



**MARKAVÉLIN** Telma Hjaltalín flytur í annað sinn til Noregs. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# 30 ára afmælissýning Ferðaklúbbsins 4x4




## Í Fífunni Kópavogi dagana 13. - 15. sept. 2013

### Breyttir jeppar og kynning á starfsemi klúbbsins

**Opnunartími:**

| | | |
|---|---|---|
| Föstudaginn | 13. sept. | kl. 18:00 - 22:00 |
| Laugardaginn | 14. sept. | kl. 12:00 - 20:00 |
| Sunnudaginn | 15. sept. | kl. 12:00 - 20:00 |

Aðgangseyrir 1000 kr. / Helgarpassi 1500 kr.
Frítt fyrir 14 ára og yngri ( í fylgd með fullorðnum)

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.00
**Bara grín**

Sprenghlægilegur og stórskemmtilegur gamanþáttur þar sem Björn Bragi Arnarsson rifjar upp bestu gamanþættina úr sögu Stöðvar 2 með myndbrotum og viðtölum við þau sem komu að gerð þáttanna. Þær þáttaraðir sem teknar verða til umfjöllunar eru Fóstbræður, Stelpurnar, 70 mínútur og Steindinn okkar auk Vaktaþáttaraðanna svokölluðu; Næturvaktarinnar, Dagvaktarinnar og Fangavaktarinnar.





**Haustkynning 2013**

**STÖÐ 2 KL. 18.55** Logi Bergmann Eiðsson stjórnar veglegum skemmtiþætti þar sem spennandi og fjölbreyttur vetur á Stöð 2 verður kynntur með pompi og prakt. Ekki missa af skemmtilegum gestum og flottum tónlistaratriðum í frábærri skemmtidagskrá.



**Family Guy**

**SKJÁR EINN KL. 19.40** Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndasögunnar snýr loks aftur á Skjá Einn. Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.

TV.COM 8,9 IMDb 8,4



**Útsvar**

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.10** Spurningakeppni sveitarfélaga. Í þessum þætti keppa lið Akureyrar og Reykjavíkur. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir og spurningahöfundur og dómari er Stefán Pálsson.

### Xið 977 kl 07.00
**Harmageddon**

Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag. Harmageddon er eins alvarlegur og hann er fyndinn. Viðmælendur og umræðuefni þáttarins er allt milli himins og jarðar.








## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm in the Middle** *(1:16)*
**08.30 Ellen** *(43:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(54:175)*
**10.15 Fairly Legal** *(3:13)*
**11.00 Drop Dead Diva** *(9:13)*
**11.50 The Mentalist** *(17:22)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Marmaduke**
**14.35 Extreme Makeover: Home Edition** *(20:25)*
**16.00 Ævintýri Tinna**
**16.25 Ellen** *(44:170)*
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(15:22)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.48 Íþróttir**
**18.55 Haustkynning 2013** Logi Bergmann Eiðsson stjórnar veglegum skemmtiþætti þar sem spennandi og fjölbreyttur vetur á Stöð 2 verður kynntur með pompi og prakt.
**20.00 Bara grín** *(6:6)* Sprenghlægilegur og stórskemmtilegur gamanþáttur þar sem Björn Bragi Arnarsson rifjar upp bestu gamanþættina úr sögu Stöðvar 2 með myndbrotum og viðtölum við þau sem komu að gerð þáttanna.
**20.30 Mirror Mirror** Spennu- og ævintýramynd um Mjallhvíti og dvergana sjö, stjúpmóðurina vondu, aðstoðarfólk hennar og prinsinn sem verður ástfanginn af Mjallhvíti lifnar við í þessari litríku og léttu grínútfærslu leikstjórans Tarsems Singh með Juliu Robert í fantaformi sem vonda drottninguna.
**22.15 Hunger Games** Framtíðartryllir sem byggð er á metsölubókum og fjallar um keppni sem er haldin árlega þar sem nokkrir einstaklingar eru valdir til að keppa í Hungurleikunum sem sjónvarpað er um allt land.
**00.35 Franklyn**
**02.10 Space Cowboys**
**04.15 Sea of Love**
**06.05 Simpson-fjölskyldan**

## SPORT
*besta sætið*

**07.00 Pepsi-mörkin**
**08.15 Stjarnan - Þór**
**17.05 Stjarnan - Þór**
**18.45 Pepsi-mörkin**
**20.00 Meistaradeild Evrópu Fréttaþáttur**
**20.30 La Liga Report**
**21.00 Heimildarmynd um Guðmund Steinars** Heimildarmynd eftir Garðar Örn Arnarsson og fjallar hún um knattspyrnuferil Guðmundar Steinarssonar leikja- og markahæsta leikmanns í sögu knattspyrnudeildar Keflavíkur.
**22.05 Þýski handboltinn: RN Löwen - Flensburg**
**23.25 Noregur - Sviss**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**17.20 Messan**
**18.20 Newcastle - West Ham**
**20.00 Match Pack**
**20.30 Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**21.00 Premier League World**
**21.30 Football League Show 2013**
**22.00 Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**22.30 Liverpool - Man. Utd.**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## STÖÐ 3

**16.10 The Lying Game**
**16.55 Jamie's American Road Trip**
**17.40 Raising Hope**
**18.05 Don't Trust the B*** in Apt 23** *(1:7)*
**18.30 Funny or Die** *(1:12)*
**19.00 The Great Escape** *(1:10)*
**19.40 Smash** *(1:17)* Önnur þáttaröð þessara skemmtilegu þátta frá Steven Spielberg og framleiðendum söngleikjanna Hairspray og Chicago.
**20.25 The X-Factor US** *(2:26)* Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn.
**21.50 Strike back** *(1:10)* Bresk-bandarísk spennuþáttaröð sem byggð er á samnefndri sögu eftir fyrrverandi sérsveitarmann í breska hernum.
**22.35 Cougar Town** *(1:15)* Þriðja þáttaröð þessara frábæru gamanþátta með Courteney Cox úr Friends í aðalhlutverki.
**23.00 The Great Escape**
**23.45 Smash**
**00.30 The X-Factor US**
**01.55 Strike back**
**02.40 Tónlistarmyndbönd**

## krakkar

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Áfram Diego, áfram! **07.48** Elías **08.00** Svampur Sveinsson **08.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.44** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Latibær **09.24** Strumparnir **09.49** Hvellur keppnisbíll **10.00** Lukku láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.46** Skoppa og Skrítla **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Áfram Diego, áfram! **11.48** Elías **12.00** Svampur Sveinsson **12.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.44** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Latibær **13.24** Strumparnir **13.49** Hvellur keppnisbíll **14.00** Lukku láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto **14.46** Skoppa og Skrítla **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Áfram Diego, áfram! **15.48** Elías **16.00** Svampur Sveinsson **16.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.44** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Latibær **17.24** Strumparnir **17.49** Hvellur keppnisbíll **18.00** Lukku láki **18.24** Ofurhundurinn Krypto **18.46** Skoppa og Skrítla

## GULL

**17.50** Strákarnir **18.20** Friends **18.45** Seinfeld *(3:13)* **19.10** The Big Bang Theory *(2:23)* **19.35** Modern Family **21.10** A Touch of Frost *(1:4)* **22.55 24 23**.40 It's Always Sunny In Philadelphia **00.05** Það var lagið **01.15** A Touch of Frost **03.00 24 03**.45 It's Always Sunny In Philadelphia **04.10** Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

**10.05 Scent of a Woman**
**12.40 Joyful Noise**
**14.35 Splitting Heirs**
**16.00 Scent of a Woman**
**18.35 Joyful Noise**
**20.30 Splitting Heirs**
**22.00 Source Code**
**23.35 This Means War**
**01.10 The Killer Inside Me**
**02.55 Source Code**

## RÚV

**15.40 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Unnar og vinur** *(22:26)*
**17.43 Valdi og Grímsi** *(1:6)*
**18.12 Smælki** *(9:26)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Fagur fiskur** *(2:8)* Matreiðslumaðurinn Sveinn Kjartansson og Áslaug Snorradóttir, ljósmyndari og stílisti, sýna það og sanna að það er leikur einn að elda gómsætt sjávarfang.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar** *(Akureyri - Reykjavík)* Spurningakeppni sveitarfélaga. Í þessum þætti keppa lið Akureyrar og Reykjavíkur. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir og spurningahöfundur og dómari er Stefán Pálsson.
**21.20 Barnaby ræður gátuna – Draugasetrið** *(4:8) (Midsomer Murders XIII. The Silent Land)* Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi.
**22.55 Föstudagurinn þrettándi** *(Friday the 13th)* Hópur ungs fólks fer í útilegu í yfirgefnar sumarbúðir þar sem sagan segir að voðaverk hafi verið framin á árum áður. Áður en langt um líður lenda þau í ólýsanlegum hremmingum.
**00.35 Ástríðustef** *(Passion Play)* Seinheppinn trompetleikari bjargar engli úr klónum á miskunnarlausum glæpamanni.
**02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil**
**08.40 Pepsi MAX tónlist**
**15.10 The Voice** *(12:13)* Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem leitað er að hæfileikaríku tónlistarfólki.
**17.25 The Office** *(23:24)*
**18.30 Happy Endings** *(3:22)*
**18.55 Minute To Win It**
**19.40 Family Guy** *(21:22)* Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndasögunnar snýr loks aftur á SkjáEinn. Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.
**20.05 America's Funniest Home Videos** *(40:44)*
**20.30 The Biggest Loser** *(12:19)* Skemmtilegir þættir þar sem fólk sem er orðið hættulega þungt snýr við blaðinu og kemur sér í form á ný.
**22.00 Silence of the Lambs** Spennumynd frá árinu 1991 með stórleikurunum Jodie Foster og Anthony Hopkins sem báðu hlutu hin eftirsóttu Óskarsverðlaun fyrir frammistöðu sína í myndinni. Bönnuð börnum.
**00.00 Flashpoint**
**00.50 Excused**
**01.15 Bachelor Pad**
**02.45 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **10.45** BMW Championship **2013 13**.45 PGA Tour - Highlights **14.40** BMW Championship **2013 17**.40 Champions Tour - Highlights **18.35** Inside the PGA Tour **19.00** BMW Championship **2013 22**.00 BMW Championship **2013 01**.00 Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


BOSS
HUGO BOSS
BOSS
BOSS JOUR
POUR FEMME
THIS WILL BE YOUR DAY
THE NEW FRAGRANCE FOR WOMEN. FEATURING GWYNETH PALTROW.

**HELGIN**



**„Ég ætla að horfa á mína menn í Chelsea rústa Everton á morgun og fer svo í útskriftarveislu um kvöldið. Á sunnudag fer ég svo á hljómsveitaræfingu, því það er það eina sem tónlistarmenn gera.“**

Una Stefánsdóttir, söng- og tónlistarkona.

# Rithöfundar berjast á Gauknum

## Fjórir þekktir rithöfundar keppa í framsögu á Gamla Gauknum um helgina.

Rithöfundarnir Þórarinn Eldjárn, Sigurbjörg Þrastardóttir, Madeline Miller og Mazen Maarouf etja kappi í framsögu á skemmtistaðnum Gamla Gauknum á sunnudag. Þetta er í annað sinn sem keppnin fer fram hér á landi.

„Þetta verður algjört dúndur,“ segir Halldór Halldórsson, betur þekktur undir nafninu Dóri DNA, en hann mun dæma í keppninni ásamt rithöfundinum Sigurjóni Birgi Sigurðssyni, öðru nafni Sjón, og leikkonunni Ólafíu Hrönn Jónsdóttur. „Ég er klárlega Randy Jackson ef það á að líkja þessu við Idol,“ segir Halldór um dómarastöðuna. Keppnin kallast Literary Death Match og er alþjóðleg lestrarröð sem á rætur að rekja til Bandaríkjanna og er hugmyndin að brjóta upp hefðbundið upplestrarform og gera það skemmtilegt. „Það er gaman að upphefja bókmenntaformið, þrýsta þessu niður á lægra plan, þetta þarf ekki alltaf að vera svona formlegt. Það er alltaf gaman að gera eitthvað nýtt og sniðugt,“ bætir Halldór við.

Dómararnir velja tvo lesara sem komast áfram í lokaumferðina. Sigurvegarar hvorrar umferðar reyna hvor annan í leikjum sem hafa óljósa bókmenntalega skírskotun. Sigurvegarinn fer heim með LDM-krúnuna, en ríkjandi meistari er Kári Túlinius.

Húsið verður opnað kl. 19.30 og kostar litlar 1.000 krónur inn. - glp



**DÆMIR Í FRAMSÖGU** Grínistinn Halldór Halldórsson er einn þriggja dómara í keppninni Literary Death Match sem fram fer um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Tók á móti tökuliði

## Jón Gnarr sýndi ástralskri sjónvarpskonu borgina.



Jón Gnarr tók á móti níu manna hóp frá áströlsku sjónvarpsstöðinni Channel 7 á miðvikudag. Hópurinn var hér við tökur á ferðaþætti um Ísland og mun borgarstjórinn leika veigamikið hlutverk í þættinum.

Samkvæmt vef Reykjavíkurborgar sýndi borgarstjórinn þáttarstjórnandanum, Anh Do, ráðhúsið, styttu Leifs Eiríkssonar á Skólavörðuholtinu, kaffihúsið Laundromat og loks hvíldu þau lúna fætur í fótalauginni við Gróttu. Tökuliðið mun einnig mynda torfærubíla, sjósundfólk, Bláa lónið og náttúruperlur á borð við Gullfoss og Geysi fyrir þáttinn sem verður sýndur í Ástralíu í byrjun nóvember. Reiknað er með að um tvær milljónir manna muni horfa á þáttinn.

**VINSÆLL** Jón Gnarr tók á móti áströlsku tökuliði og sýndi þeim borgina.






**BÝR Á EYJU** Snjólaug Árnadóttir býr á eyjunni Styrsö, skammt frá Gautaborg, með kærasta sínum. Hún stundar meistaranám í lögfræði í Gautaborg. MYND/ARNGRÍMUR

# Býr á ævintýraeyju

## Lögfræðineminn og fyrirsætan Snjólaug Árnadóttir er nýflutt til Gautaborgar með kærasta sínum. Þau búa á eyjunni Styrsö sem er rétt fyrir utan Gautaborg.

„Okkur leist best á fallega, litla einbýlishúsið í Halsviksvägen, á eyjunni Styrsö, þar sem tólf hundruð manns búa,“ segir lögfræðineminn og fyrirsætan Snjólaug Árnadóttir sem flutti nýverið til Svíþjóðar, nánar tiltekið til Gautaborgar, ásamt kærasta sínum, Arngrími Jóni Sigurðssyni. Þar stundar Snjólaug meistaranám í lögfræði.

Við flutningana út fékk parið að vita að erfitt gæti verið að finna íbúðir til leigu í borginni og því ákváðu þau að hafa augun opin fyrir öðrum kostum. Þau búa nú í einbýlishúsi á lítilli eyju rétt fyrir utan Gautaborg og taka ferju yfir á meginlandið á degi hverjum.

„Eitt kvöld fór ég út að borða með skólafélögunum og ætlaði að taka síðustu ferjuna heim. Þegar ég var komin niður á höfn komst ég að því að ég hafði misskilið tímatöfluna og hafði rétt misst af síðustu ferjunni. Ég neyddist til að eyða nóttinni alein á bryggjunni í skítakulda. Ég hringdi í Arngrím til að láta hann vita að mín væri ekki von heim, en síminn varð batteríslaus í miðju samtali. Ég hafði ekkert til að gera til að drepa tímann og vissi ekki einu sinni hvað tímanum leið á meðan ég beið. Þegar ferjan loksins kom hoppaði ég himinlifandi inn í hlýjuna. Ég endaði að vísu í vitlausri höfn og þurfti að ganga þvert yfir eyjuna í þoku,“ segir hún hlæjandi þegar hún rifjar upp kvöldið.

➜ Styrsö er um 1,58 ferkílómetrar að flatarmáli.

Snjólaug segir það ævintýri líkast að búa á eyju og ekki spillir fyrir að mánaðarleigan fyrir heilt hús sé sambærileg því sem þau hefðu greitt fyrir eitt herbergi í Gautaborg.

„Þarna eru margar gönguleiðir, risavaxinn skógur sem minnir á Fangorn-skóg úr Lord of the Rings-myndunum, og mikið dýralíf. Hér er mikill fjöldi dádýra, froska og fugla,“ segir hún að lokum. asa@frettabladid.is

# Verður doktor í tónlistarfræði

## Spekúlantinn Arnar Eggert Thoroddsen hyggur á doktorsnám í tónlistarfræði.

Tónlistarsérfræðingurinn Arnar Eggert Thoroddsen hefur ákveðið að framlengja námsdvöl sína við Edinborgarháskóla. Hann hefur lokið meistaranámi sínu í tónlistarfræði, eða musicology, og hyggur nú á þriggja ára doktorsnám.

„Þetta leggst afar vel í mig. Stefnan var alltaf að taka doktor hérna úti og ég er mjög glaður með að það hafi gengið eftir. Ég er þá að fara að vinna með Simon Frith, sem er mikill poppfræðigúrú. Hann lagði í raun línurnar fyrir fagið sem slíkt fyrir áratugum og er virtur prófessor í alþjóðaháskólasamfélaginu,“ segir Arnar Eggert, spurður út í námið.

„Mastersnámið var bara eitt ár og í rauninni nokkurs konar undirbúningur fyrir doktorinn. Íslensk tónlist mun þá tengjast inn í þetta doktorsverkefni og ég get þá unnið úr þeirri reynslu og þekkingu sem ég hef þegar öðlast.“

➜ Arnar Eggert er einn helsti tónlistarspekingur þjóðarinnar og hefur starfað á Morgunblaðinu síðustu þrettán ár ásamt því að sitja í dómnefndum í tónlistarkeppnum.

Verðurðu þá alfróður um tónlist að náminu loknu? „Já, mér er sagt að ég verði alfróður um tónlistina þegar doktornum lýkur. Þá get ég loksins hætt að hlusta á þessa tónlist,“ segir hann og hlær. - fb



**Í EDINBORG** Tónlistarfræðingurinn Arnar Eggert Thoroddsen ætlar í doktorsnám í tónlistarfræði.

# Taktu þátt í Änglamark bleyjuleik með Nettó

Þú kaupir einn pakka af Änglamark bleyjum, skrifar nafn, símanúmer og netfang aftan á kassakvittun og setur í Änglamark kassann í næstu Nettó verslun. Frábærir vinningar verða dregnir út 1.nóvember næstkomandi. Fyrsti vinningur: 30.000kr. gjafabréf í Nettó ásamt gjafakörfu með Änglamark barnavörum.




Prófaðu líka Anglamark blautklútana, 299kr.!

## Ofnæmisprófaðar Bleyjur

Änglamark bleyjurnar eru umhverfisvænar og innihalda engin ónauðsynleg aukaefni svo sem ilm- og mýkingarefni.

Mini 3-6kg á 1.298kr, Midi 5-8kg, Maxi 7-16kg, Junior 12-22kg á 1.989 kr.

netto

Markhonnun ehf

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

OPIÐ 24 TÍMA
Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla
Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Nýtt efni frá Emmsjé Gauta



Rapparinn **Emmsjé Gauti** vinnur um þessar mundir að gerð annarrar breiðskífu sinnar og er ráðgert að platan komi í verslanir nú fyrir jól. Ber hún heitið Þeyr og inniheldur ellefu lög. Fyrsta smáskífa hennar, Kinky, er þegar klár. Gauti bauð vinum og vandamönnum í partý á skemmtistaðnum Dolly í gærkvöldi en þá var myndbandið við smáskífuna frumsýnt. Myndbandið var unnið af o.b.o.c. en það var upptökuteymið reynda Redd Lights sem vann lagið. Tvö ár eru liðin frá því að Gauti gaf út fyrstu breiðskífu sína, Bara ég. -ka

### Elínrós í Kína



**Elínrós Líndal,** stjórnandi fatamerkisins ELLU, er stödd í Dalían í Kína á árlegri ráðstefnu á vegum World Economic Forum. Þar er lögð áhersla á nýsköpun í ört breytilegum heimi og hagkerfi. Á ráðstefnunni eru meðal annars Xi Jinpin, forseti Kína, Sheryl Sandberg, framkvæmdastjóri Facebook, og fjöldi viðskiptafulltrúa stærstu fyrirtækja heims. Elínrós er eini Íslendingurinn á ráðstefnunni. - eá

### Mest lesið vísir

1 Senuþjófurinn Adolf Ingi
2 Sir David Attenborough segir að yeti sé til
3 Faldi tvö kíló af kókaíni í gervibumbu
4 Búist við stormi í nótt
5 Svipmyndir frá 11. september árið 2001
6 „Vona að ástvinir skilji síðar að ég er að berjast fyrir réttlæti“








TEMPUR DÝNUR OG KODDAR
Með stillanlegu rúmunum með Tempur heilsudýnunni er allt gert til þess að hjálpa þér að ná hámarks slökun og þannig dýpri og betri svefni.

**ARKITECT** stillanlegu heilsurúmin frá C&J með Tempur®Cloud eða Tempur®Original heilsudýnu:

| Stærð cm | Verð kr | Tilboð |
|---|---|---|
| 2x 80x200 | 849.876,- | 679.900,- |
| 2x 90x200 | 911.500,- | 792.200,- |
| 2x 90x210 | 931.126,- | 744.900,- |
| 2x 100x200 | 959.950,- | 767.960,- |

Stillanlegu heilsurúmin frá C&J:
- Inndraganlegur botn.
- Lyftigeta er yfir 2x450 kg per botn.
- Mótor þarfnast ekki viðhalds.
- Tvíhert stálgrind undir botni.
- 2 nuddmótorar með tímarofa.
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi.
- LED lýsing undir rúmi - góð næturlýsing.
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Tempur heilsudýnur.




Gafl seldur sér

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi
www.betrabak.is
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16